

LAND & SAGA

WWW.LANDOGSAGA.COM


1. TÖLUBLAÐ 10. ÁRGANGUR OKTÓBER 2016

Snæfellsjökull, virkt eldfjall

viðtal við HARALD SIGURÐSSON eldfjallafræðing

Valdið til fólksins

Lýðræðisleg arfleifð ÓLAFS RAGNARS GRÍMSSONAR
fyrirverandi forseta Íslands



ISSN 2298-9194
9 772298 919005 >



HEIMSMYND OKKAR BREYTIST HRATT

S taða Íslands og heimsmynd okkar hefur breyst óðfluga á síðustu árum samfara hraðri þróun í farskiptum og stöðugt betri samgöngum til og frá landinu. Ísland er í dag orðið að eyju í alfaraleið. Tugir farþegaflugvéla lenda á landinu daglega eða taka þaðan á loft. Á sama tíma er fyrirsjáanlegt að hlutverk Íslands í heimsmálunum mun breytast samfara hlýnun jarðar þar sem heimskautaisinn hopar. Þetta býður upp á alls kyns krefjandi áskoranir. Á sama tíma opnast einnig ný tækifæri.



Ferðaþjónustan á Íslandi vex hröðum skrefum sem ný og blómstrandi atvinnugrein. Norðurlóðir jarðar vekja áhuga stöðugt fleiri ferðalanga sem vilja kynna sér náttúru- undur og fegurð þessara svæða. Um allt land er nú unnið að því að styrkja innviði ferðaþjónustunnar og byggja upp til framtíðar. Þarna bíður okkar spennandi framtíð. Mikilvægt er að rétt verði haldið á spilum ef vel á að takast til.

Á sama tíma vakna ríki heims til aukinnar vitundar um að breytingar eru að verða á norðurlóðum. Gríðarstór svæði sem áður voru flestum ókunn eru að opnast. Mörg ríki heims horfa til þess að krefjast yfirráðaréttar yfir auðlindum norðursins. Hættan eykst á að árekstrar verði í samskiptum þjóða. Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands, hefur á undanförunum árum unnið afrek með því að fá fulltrúa þjóða heims að borðinu til að ræða um málefni norðurlóða svo vinna megi að stefnumótun til framtíðar í þeim efnum. Í þessari útgáfu af tímaritinu Landi og sögu horfum við bæði til ferðaþjónustunnar á Íslandi og til málefna norðurlóða, meðal annars með ítarlegu viðtali við hr. Ólaf Ragnar Grímsson.

Einar Þ. Þorsteinsson
Útgefandi/Ritstjóri

EFNISYFIRLIT

REYKJAVÍK

Valdið til fólksins 8

Tungumál geyma minningar..... 14

Isavia..... 18

Að ferðast til Íslands 21

Listasafn Einar Jónssonar 24

Listasafn Íslands..... 26

Listasafn Reykjavíkur..... 28

Ljósmyndasafn Reykjavíkur..... 30

Aurum 32

Þjóðminjasafn Íslands 34

Jón Trausti..... 36

Bryggjan brugghús 39

Veitingahús vegan og grænmetisréttar 40

Vefur framhaldsskólans 44

Le Bistro..... 46

SUÐVESTURLAND

Markaðsstofa Reykjanes..... 50

VESTURLAND

Markaðsstofa Vesturlands..... 56

Stykkishólmur..... 58

Snæfellsjökull – virkt eldfjall..... 60

Töfrar Snæfellsness 62

Bragssnillingur í Brautarholti..... 64

VESTFIRDIR

Markaðsstofa Vestfjarða..... 70

Sagnaskáld frá Reykhólum 72

NORÐURLAND

Markaðsstofa Norðurlands 78

Norlandair..... 82

Skáldkona af Vatnsnesi..... 84

AUSTURLAND

Markaðsstofa Austurlands 88

Hallormsstaður 92

Listfengt skáld af Langaneströnd..... 94

SUÐURLAND

Ógnin frá Íslandi..... 98

Markaðsstofa Suðurlands..... 103

Fjadrárgljúfur..... 105

Fögur rödd úr Fljótshlíð 106

GRÆNLAND

Gríðarlega mikið áhyggjuefni..... 112

Ævintýraland fyrir ferðamanninn..... 114

Flugfélag Íslands..... 116

Grænland býður upp á svo margt..... 118

Qiviut – grænlenskur fatnaður 122

Great Greenland – verslun með selskinn.. 124

Asarnsu – viður, leður og selskinn..... 126

Ravens – tískuföt og listmunir..... 127



ICELANDIC TIMES
PUBLISHING HOUSE
SÍÐUMÚLA 1 • REYKJAVÍK • INFO@LANDOGSAGA.COM

ÚTGEFANDI/RITSTJÓRI

Einar Th. Thorsteinsson
einar@icelandictimes.com

SÖLU & MARKAÐSDEILD
Kolbrún Kristín Ólafsdóttir
kolbrun@icelandictimes.com
Steingrímur Jón Guðjónsson
steingrimur@icelandictimes.com
Lydia Danes
lydia@icelandictimes.com

FORSÍÐUMYND
Kristján Ingi Einarsson

BLAÐAMENN
Andrew Scott Fortune
E. Marie Valgarðsson
Dagmar Trodler
Hallur Hallson
Jenna Gotlieb

Katrín Baldursdóttir
Magnús Þór Hafsteinnsson
Sigrún Pétursdóttir
Svava Jónsdóttir
Tómas Gabríel Benjamin
Vignir Andri Guðmundsson

LJÓSMYNDARAR
Friðþjófur Helgason
Kristján Ingi Einarsson
Björn Rúriksson
Rafn Sigurbjörnsson

ÞÝÐANDI
Jónas Örn Ólafsson

HÖNNUN
Jacqueline Sanz

PRÓFÖRK
Elín Sigurðardóttir

LAND&SAGA
Síðumúla 1 • 108 Reykjavík
+354 578 5800
www.landogsaga.com

BEST OF ICELAND

Bók um ferðamál, menningu og sögu



REYKJAVÍK



VALDIÐ TIL FÓLKSINS

Lýðræðisleg arfleifð Ólafs Ragnars Grímssonar, fyrrverandi forseta Íslands

Ólafur Ragnar Grímsson setti Arctic Circle ráðstefnuna í Hörpu þann 6. október 2016. Það var í fyrsta sinn sem hann kom formlega fram eftir að hafa látið af embætti forseta Íslands eftir 20 ár í embætti. Fyrstu tólf ár Ólafs Ragnars voru fremur hefðbundin en síðari átta árin – frá bankahruninu mikla í október 2008 – fór hann ótroðnar slóðir og skapaði sér ótvíræða sérstöðu meðal þjóðhöfðingja heims.

Hann skoraði hið alþjóðlega fjármála- og yfirþjóðlega vald á hólmi með því að vísa hinni umdeildu Icesave-deilu til íslensku þjóðarinnar. Í stað þess að beygja sig fyrir hinu alþjóðlega fjármálavaldi sem til að mynda knésetti Grikki, þá stóð forseti Íslands hnarreistur frammi fyrir pólitískri elítu og óvígum her fréttamanna sem gagnrýndu ákvörðunina um Icesave. Hann fór fremstur í vörn fyrir þjóð sína sem stóð

ein gegn umheiminum en hafði betur síðferðilega sem og fyrir dómstólum. Lýðræði hafði sigur.

Með Arctic Circle hefur Ólafur Ragnar skapað alþjóðlegan, lýðræðislegan vettvang um málefni Norðurslóða sem fyrrum voru í lokuðum bakherbergjum á tímum kalda stríðsins. Norðurslóðir sæta nú vaxandi ógn hlýnunar jarðar. Heimskautaisinn bráðnar með ógnvekjandi hraða. Arctic Circle Assembly er vettvangur sem á sér ekki fordæmi á alþjóðavísu þar sem pólitík, vísindi, hugveitur, fyrirtæki, umhverfissamtök og frumbyggjar koma saman og beina kastljósi að Norðurslóðum sem áður fengu litla athygli. Arctic Circle Assembly er nýjung í alþjóðlegu samstarfi. Arctic Circle er vagma lýðræðislegrar umræðu þar sem áður ríkti þögn.

Ólafur Ragnar Grímsson hefur í störfum sínum á Bessastöðum skipað lýðræði til öndvegis, fært valdið til fólksins.

HEIMSLEIÐTOGAR Á ARCTIC CIRCLE

Ólafur Ragnar Grímsson setti ráðstefnuna í Hörpu sem formaður Arctic Circle Assembly en hafði áður verið heiðursforseti. Viðstaddir voru um 2.000 ráðstefnugestir frá yfir 50 löndum. Ráðstefnan markar þáttaskil því þar kemur pólitík og almenningur saman og ber saman bækur sínar; fólk sem vill láta rödd sína heyrast um málefni sem varða veröldina svo miklu. Ísland hefur á fáum árum orðið helsti vettvangur alþjóðlegrar umræðu um Norðurslóðir; miðdepill lýðræðisumræðu. Ísland hefur haslað sér völl á alþjóðlegum vettvangi svo eftir er tekið. „Það vill gleymast hve Norðurslóðir eru mikið landflæmi, á stærð við Afríku. Norðurslóðir voru um aldir ókunnar hinum svokallaða síðmenntaða heimi, fjarlæg veröld frumbyggja. Í kalda stríðinu urðu Norðurslóðir eitt helsta átakasvæði



Hallur Hallsson, fréttamaður og sagnfræðingur, og Ólafur Ragnar Grímsson.



af yfirsýn og með lýðræðislegum hætti," sagði Ólafur Ragnar í Washington, 15. apríl 2015.

Um 1.300 manns frá 30 löndum komu á Arctic Circle Assembly í Reykjavík haustið 2013. Fyrirlesarar voru meðal annarra Eric Schmidt, stofnandi Google, Aleqa Hammond, forsætisráðherra Grænlands og Artur Chilingarov, ráðgjafi Vladimir Putin um Norðurlóðir. Ári síðar var Sauli Niinistö, forseti Finnlands helsti ræðumaður ráðstefnunnar og árið 2015 kom François Hollande, forseti Frakklands í aðdraganda Loftslagsráðstefnunnar í París. Tvö þúsund manns frá yfir 50 löndum sóttu ráðstefnuna. Forsetarnir fóru að Jökulsá á Sólheimasandi og skoðuðu ummerki loftslagsbreytinga.

Með Arctic Circle Assembly er Ísland í fyrsta sinn vettvangur meiriháttar alþjóðlegs samstarfs. Þjóðin hafði áður haldið leiðtogafundi. Ronald Reagan, forseti Bandaríkjanna og Mikhail Gorbatsjov, leiðtogi Sovétríkjanna, hittust í Reykjavík 1986. Richard Nixon og Georges Pompidou, forsetar Bandaríkjanna og Frakklands, hittust á Íslandi 1973. Frægasta skákeinvígi sögunnar fór fram í Laugardalshöll árið 1972 þegar Bobby Fischer hrifsaði heimsmeistaratitilinn úr höndum hins sovéska Boris Spassky. Einstakir viðburðir, en Ísland hafði aldrei áður verið árlegur vettvangur einnar stærstu ráðstefnu veraldar.

ÍSLAND SKÍNANDI FYRIRMYND

Í október 2016 voru Ban Ki-moon, aðalritari Sameinuðu þjóðanna og Nicola Sturgeon, forsætisráðherra skosku heimastjórnarinnar helstu ræðumenn. „Ísland er skínandi fyrirmynd en þið getið gert meira," sagði Ban Ki-moon í Hörpu og benti á að þá um sumarið hefði á nokkrum vikum heimsskautais á stærð við England bráðnað. „Ban Ki-moon hefur skýra sýn á framtíðina, hann hefur sýnt mikla stjórnvisku og hugrekki,"



stórveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Það var ekki fyrr en undir lok 20. aldar og raunar byrjun 21. aldar sem breyting verður á. Í fyrsta sinn í sögunni skapast yfirsýn yfir Norðurlóðir þar sem loftslagsbreytingar hafa djúpstæð áhrif og heimskautaisinn hopar. Það er mikið fagnaðarefni að um Norðurlóðir hefur myndast lýðræðislegur vettvangur opinna umræðu sem skapar grundvöll til upplýstra ákvarðana," segir Ólafur Ragnar Grímsson í samtali við Land & Sögu.

NATIONAL PRESS CLUB, WASHINGTON APRÍL 2013

Ólafur Ragnar tilkynnti um stofnun Arctic Circle Assembly í National Press Club í Washington vorið 2013. „Norðurlóðir gjalda fyrir alþjóðlegt afskiptaleyfi og óskilvirka stjórnsýslu – skort á yfirsýn. Nú þegar heimskautaisinn bráðnar svo hratt sem raun ber vitni er tímabært að beina sjónum að Norðurlóðum. Alþjóðasamfélagið þarf að takast á við þessar breytingar



LAND & SAGA

sagði Ólafur Ragnar. Arctic Circle hefur að sönnu orðið öflugur vettvangur lýðræðisumræðu þar sem helstu leiðtogar heims mæta til leiks.

Árið 1996 var Norðurskautsráðið stofnað af ríkisstjórnnum átta þjóða; Bandaríkjamanna, Rússlands, Kanada, Íslands, Noregs, Finnlands, Svíþjóðar og Danmerkur fyrir hönd Grænlands og Færeyja. Ýmsir líta á Arctic Circle sem áskorun eða jafnvel mótvægi við ráðinu en Ólafur Ragnar segir það misskilning. „Arctic Circle Assembly er stjórnvöldum Norðurslóða stöð. Á fundum Norðurskautsráðsins eiga pólitik og embættismenn sæti og rödd. Arctic Circle hins vegar er opin lýðræðislegur vettvangur þar sem allir, sem telja sig hafa til mála að leggja, eiga sæti og rödd. Þannig koma saman pólitik, hugveitur, vísindi, viðskipti, umhverfissamtök og frumbyggjar Norðurslóða,“ segir Ólafur Ragnar. „Á Arctic Circle situr pólitíkin til borðs með almenningi. Lýðræði hefur fengið nýjan vettvang.“

ICESAVE VÍSAÐ TIL ÞJÓÐAR

Ólafur Ragnar Grímsson var formaður Alþýðubandalagsins 1987-1995 og ráðherra í ríkisstjórn Steingrims Hermannssonar 1988-1991, kjörinn forseti Íslands 1996 og endurkjörinn 2000, 2004, 2008 og 2012. Fyrstu tólf árin voru fremur hefðbundin en í kjölfar bankahruns í október 2008 stóð íslensk þjóð frammi fyrir áður óþekktum vanda sem ógnaði fjárhag og fullveldi. Þjóðin var undir þungum alþjóðlegum þrýstingi um að gangast í ábyrgð fyrir Icesave-reikninga Landsbanka Íslands í Bretlandi og Hollandi. Ríkisstjórn Íslands gekk að samkomulagi um að gangast í ábyrgð fyrir skuldir einkabanka en Ólafur Ragnar Grímsson neitaði í tvígang lögum staðfestingar og vísaði Icesave til þjóðarinnar sem hafnaði í bæði skiptin. Þjóðin hlaut fordæmingu fyrir víða um heim, meðal annars harða gagnrýni frá

vinabjóðum á Norðurlöndum. Ólafur Ragnar tók til varna frammi fyrir hinni alþjóðlegu pressu. Málinu var vísað til EFTA dómstólsins þar sem Ísland hafði fullan sigur gegn Bretum, Hollendingum og Brussel.

Nú þegar þú hefur látið af störfum, vaknar sú spurning hvort þú hafir með Arctic Circle og Icesave breytt forsetaembættinu?

„Ég hef ákveðið að leggja sjálfur ekki dóm á störf mín í embætti forseta Íslands. Þó má segja að ég hafi annars vegar sinnt skyldum embættisins með hefðbundnum hætti, og hins vegar farið ótröðnar slóðir. Ég nýtti vald forseta til þess að vísa hinum umdeildu lögum um Icesave til þjóðarinnar og sætti harðri gagnrýni fyrir. En ég hef þá bjargföstu trú að lýðræðislegur vilji fólksins eigi að ráða. Það er almennt viðurkennt að það var rétt ákvörðun að vísa lögum um Icesave til þjóðarinnar sem reyndist traustsins verð. Ég er þeirrar skoðunar að þjóðaratkvæðagreiðslurnar hafi breytt lýðræðislegum leikreglum á Íslandi. Áður hafði hin pólitísk elíta sagt að hún ein væri traustsins verð til þess að komast að réttu niðurstöðu en Icesave sýndi og sannaði að ríkisstjórn, hin pólitíska elíta, hafði rangt fyrir sér og að íslensk þjóð tók rétta ákvörðun.“

VIRKUR Í ALPÞJÓÐLEGU SAMSTARFI

Ólafur Ragnar segir að jafnhliða Arctic Circle hafi hann í störfum sínum á alþjóðavettvangi bryddað upp á ýmsum nýjungum. Þar komi loftslagsbreytingar og sjálfbær orka upp í hugann en líka þátttaka í ýmsum verkefnum og stofnunum. „Áður höfðu forsetar farið í opinberar heimsóknir, haldið ræður eða fyrirlestra en ekki verið virkir í alþjóðlegu samstarfi,“ segir Ólafur Ragnar.

Arctic Circle undirstriki þá staðreynd að forseti Íslands geti skapað vettvang um alþjóðlegt samstarf Íslandi til veg-

sauka, alþjóða samfélaginu til hagsbóta og gefið ungum Íslendingum tækifæri til þess árlega að taka þátt í slíku samstarfi. Slíkt sé afar lærdómsríkt. „Ég vona því að menn sjái að þó forseti sinni hefðbundnum skyldum, þá megi nota embættið til þess að útvíkka alþjóða samvinnu og gefa Íslandi sterka rödd meðal þjóða heims.“

ÍSLENSK ÞJÓÐ VARÐ EKKI HLEKKJUÐ

Ísland hefur styrkt stöðu sína á alþjóða-vettvangi með Arctic Circle en gildir svo líka um Icesave?

„Klárlega, það er hin hlutlæga niðurstaða að Icesave ákvörðunin styrkti stöðu og jók virðingu Íslands. Sú ákvörðun að treysta þjóðinni fyrir þjóðaratkvæðagreiðslum um Icesave var einstök á alþjóða vettvangi. Því hafði verið haldið fram að lýðræði ætti ekki að taka fram fyrir hendur alþjóðlegra fjármálamarkaða. Allir vita að Grikkir fengu ekki að kjósa í sínum vandræðum. Gríska þjóðin var neydd til þess að gangast undir skuldafjötra sem hlekkja þjóðina um ókomin ár. Íslensk þjóð varð ekki hlekkjuð,“ segir Ólafur Ragnar.

Þá hafi orðstír Ísland vaxið fyrir tilstilli Arctic Circle. Stórþjóðir sendi árlega fulltrúa sína hingað til lands; Bandaríkin, Rússland, Kanada, Kína, Þýskaland, Frakkland, Bretland, Japan, Kórea og áfram megi telja. Þetta er staðfesting á því að Ísland geti og hafi mikilvægu hlutverki að gegna á alþjóðavettvangi. „Í opnum umræðum á Arctic Circle 2015 lýsti Mark Brzezinski, helsti embættismaður Barack Obama Bandaríkjaforseta um Norðurslóðir, ábyrgu samstarfi Bandaríkjamanna og Rússa þrátt fyrir djúpstæðan ágreining þjóðanna á alþjóðavettvangi, ekki síst um málefni Úkraínu. Brzezinski lagði áherslu á mikilvægi jákvæðrar opinnað samræðu. Arctic Circle er einmitt slíkur vettvangur,“ segir Ólafur Ragnar Grímsson. - HH



Tungumál geyma minningar

Tuttugu ár eru nú liðin frá því Vigdís Finnbogadóttir lét af embætti forseta Íslands og er hún enn önnur kafin við margvísleg verkefni. Framkvæmdir við Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum hófust á árinu og segir Vigdís stofnunina muni vekja athygli um víða veröld. Tungumálin skipa þannig stóran sess í lífi hennar og segir hún að þau séu lykillinn að bættum samskiptum og því að styrkja og viðhalda menningu.

Á tímum mikillar óvissu og óeiningar í heiminum leggur Vigdís mikla áherslu á mátt tungumála til að sameina ólíka menningarheima. „Tungumálin opna skilning á menningu þjóða,“ segir Vigdís. „Það að geta skipst á skoðunum án aðkomu túlka færir okkur mannverurnar nær hver annarri. Þannig er auðveldara að styrkja vináttu og kveða niður óvináttu og þá miklu andúð sem nú ríkir á herskáum stöðum í heiminum.“

Þannig segir Vigdís að samhygð sé henni mjög hugleikin á tímum ófriðar á alþjóðavettvangi. „Það brennur nú á mér að við á Íslandi ræktum með okkur samhygð. Við erum hluti af heiminum og þurfum að rækta með okkur skilning á því að fólk hefur rétt á því að vera á þessari jörð rétt eins og við. Við erum nú að upplifa mestu fólksflutninga síðan á miðöldum og því skyldum við Íslendingar fara varhluta af því? Við skulum ekki gleyma því að við erum sjálf afkomendur flóttamanna, samkvæmt Landnámu, og erum annars góð að muna þúsund ár aftur í tímann. Okkur er farsælast að taka á móti fólki sem hingað kemur frá stríðshráðum löndum með hlýju og skilningi. Það hlýtur að vera nokkuð erfitt að setjast hér að, ekki síst fyrir fólk sem hingað kemur úr mjög ólíku umhverfi. Við eigum að hjálpa því eftir bestu getu við að aðlagast okkar þjóðfélagsháttum, rétt eins og við sjálf myndum helst óska ef við þyrftum að flýja í gerólíka menningu úti í heimi.“

Vigdís segir að ný menningaráhrif ættu ekki að hafa áhrif á íslenska menningu og tungu öðru vísi en á jákvæðan hátt. „Fyrir mætti nú vera aumingjahátturinn í Íslendingum ef við gætum ekki leyst þau mál. Ég hafna því að hafa slíka vantrú á okkur sjálfum. Stóra málið varðandi íslenska tungu í dag er að koma íslensku máli, og þeim minningum sem það geymir, í stafrænt

form og að hún fái skjól í stafrænum heimi. Tækninni fleygir fram og við þurfum að gæta að því að íslenskan fylgi með. En við höldum okkar striki og tökum á móti því fólki sem vill vera með okkur í okkar menningu, enda erum við sterk í lund og afstöðu, en það þýðir ekki að við þurfum að tileinka okkur aðra menningarsýn en við höfum búið við í aldaradír“ segir Vigdís.

EIN AF STOFNUNUM UNESCO

Fyrsta skóflustungan að nýju húsnæði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum var tekin 8. mars síðastliðinn, en byggingin mun hýsa alþjóðlega tungumálamiðstöð og alla kennslu og rannsóknir í erlendum tungu málum við Háskóla Íslands.

Vigdís fylgist vel með framkvæmdum og bíður með eftirvæntingu eftir því að starfsemi hefjist í byggingunni, enda muni stofnunin áreiðanlega verða víða kunn og vekja athygli. „Ég er afar hreykin af og þakklát fyrir að Háskóli Íslands hafi bedið mig um að þessi stofnun beri nafn mitt. Það kemur til með að hafa mikla þýðingu í framtíðinni að hér skuli vera tungumálasetur, sem er um leið tungumálasafn. Það er svo við hæfi að stofnunin sé staðsett hér á Íslandi, hjá þessari fámennu þjóð sem talar svo til óbreytt aldagamalt tungumál. - Ísland er stikla á milli gamla heimsins og þess nýja og því nokkuð viðeigandi að hér á miðju Atlantshafinu, sem aðskilur heimsálfur, verði til safn um tungumál heimsins,“ segir Vigdís. Vigdís er velgjörðasendiherra tungumála hjá Mennta-, vísinda- og menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, og er í senn sá fyrsti og eini og hefur sinnt því verkefni frá árinu 1998. Hún tók meðal annars þátt í að kortleggja tungumál heimsins á fyrstu árunum og fer enn þann daginn í dag





Staðfesting á samkomulagi um að Vigdísarstofnun - miðstöð tungumála og menningar starfi á vegum UNESCO, þann 27.júní 2013. Frá vinstri er Berglind Ásgeirsdóttir sendiherra Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, Irina Bokova aðalframkvæmdastjóri UNESCO, og lengst til hægri er Hans d'Orville aðstoðarframkvæmdastjóri UNESCO.

öðru hvoru á fundi hjá stofnuninni í París. Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í Háskóla Íslands starfar undir formerkjum UNESCO, og segir Vigdís það staðfestingu á því mikilvæga hlutverki sem stofnuninni er ætlað að gegna á heimsvísu. „Að vera undir verndarvæng UNESCO gefur þessu verkefni mikið vægi og má líkja við að vera á heimsminjaskrá, rétt eins og handritin okkar og Þingvellir,“ segir Vigdís.

Í tungumálasafninu stendur til að safna saman eins mörgum tungumálum heimsins og mögulegt er. Vigdís segir það verkefni brýnt, því talið er að hætta sé á því að um helmingur af þeim tæplega sjö þúsund tungumálum sem vitað er af í dag muni verða horfin um næstu aldamót. Ástæður þess segir Vigdís meðal annars vera skort á tæknivæðingu tungumála þar sem smærri málsvæði hafi ekki bolmagn til að nýta sér þá tækni að gera tungumálið stafrænt, svo þau standi styrk á sviði nútíma máltækni. Það er að vera skilyrði fyrir lifandi notkun tungumála að hægt sé að nota þau á öllum sviðum innan tölvutækninnar. Eins hafi aukin menntun í ýmsum löndum þar sem menntun fer fram á einu opinberu tungumáli, því miður, þau áhrif að tungumál afskekktara svæða fynast og gleymast.

„Út um allan heim sitja nú sérfræðingar og keppast við að skrá þau tungumál sem eru að hverfa. Um víða veröld eru aldagömul tungumál að hverfa og kynslóðir að renna upp sem skilja ekki tungumál forfedra sinna. Í samstarfi okkar við UNESCO, tungumálastofnanir og háskóla um allan heim

munum við eftir bestu getu hjálpa til við að varðveita þekkingu á sem flestum tungumálum. Ég er þess fullviss að erlendir gestir sem heimsækja okkur muni vilja skoða þessa tungumálamiðstöð, þó ekki væri nema til að skoða hvort þeirra eigið tungumál sé þar. Gestir og gangandi munu þannig geta ýtt á hnapp og heyrt tungumálið talað, séð hvar í heiminum það er staðsett, hvernig menning þeirra sem tala tungumálið er, listsköpun og lifnaðarhættir.“ segir Vigdís.

TUNGUMÁLIN GEYMA MINNINGARNAR

Jafnvel þó tungumál og samskiptavenjur heimsins taki miklum breytingum, þar sem sum tungumál hverfa og önnur ná sífellt meiri útbreiðslu, segir Vigdís að íslenskan muni alltaf eiga sér sérstakan stað í heimi tungumála. „Íslenska er auðvitað hvergi töluð í heiminum nema á Íslandi og við búum við þau gæði að geta lesið miðaldabókmenntir okkar á eigin tungumáli, sem er einstakt í heiminum. Ég veit ekki hvort Íslendingar átti sig almennt á því. Ég er þeirrar skoðunar og hef verið lengi að það sé tungumálið sem bindur okkur saman sem þjóð, meira en landið sjálft.

Við getum farið út um allan heim en við höfum alltaf tungumálið okkar með okkur. Við getum lært öll heimsins tungumál, en það er alltaf okkar tungumál sem er grunnurinn. Þessu tók ég eftir á ferðalögum mínum á árum áður þegar ég ræddi við fólk sem hafði verið lengi erlendis að það

þráði að koma heim, koma með börnin sín heim - vegna tungumálsins og þeirra tengsla sem það veitir í frændgarðinum. Landið er okkur ómetanlegt og það að vita að hér eigum við heima, en það er tungan sem bindur okkur saman. Það er tungumálið sem geymir minningar, það er límið í þessari þjóð.“

Vigdís segir það mikilvægt að þeir sem vilji viðhalda tungumálinu láti rödd sína heyrast. „Til allrar hamingju vilja flestir veg íslenskunnar sem mestan. Tungumálið hefur mikla aðlögunarhæfni og ekkert nema gott um það að segja þegar nýjungar ber að garði. Ef við eigum orð sem eru skýr og falleg ættum við kappkosta að nota þau. Tungumálið býr yfir þeim kostum að það er tiltölulega auðvelt að þýða erlend tungumál yfir á íslensku og enn fremur að skapa nýyrði, og þarf ekki annað en að hugsa til nýyrðalistans hans Jónasar okkar Hallgrímssonar. Þar má finna safn augljósra orða sem okkur finnast sjálfögð í dag, en voru ekki til á íslensku í hans tíð; orð eins og t.d. sjónauki, loftvog, jarðfræði, gangverk og hafflötur.“ „Tungumálið er lifandi og það verður að fá að þróast. Það læðast auðvitað inn erlend orð, en mörg þeirra hafa verið felld að íslenskum beygingum og þannig gerð íslensk. Slettur og slangur eru kynslóðabundin fyrirbæri og eiga sér sinn líftíma þar til sá sem þau notar verður gamaldags. Í minni æsku var til dæmis um tíma í tísku að segja: „hamingjan í hesthúsinu“ þegar eitthvað kom á óvart, sem fáir myndu skilja í dag. Meginatriðið er að halda skýrri orða- notkun og skýrum framburði sem skilst vel,“ segir Vigdís.

Á TOPPNUM Í MENNINGARMÁLUM

Með stórfelldri aukningu ferðamanna sem sækja Ísland heim sjá einhverjir fyrir sér að menning og tunga muni þurfa að aðlagast nýjum menningaráhrifum, en Vigdís vill ekki að gert sé of mikið úr því að Íslendingar séu ekki vel á verði. „Við höfum alla tíð tileinkað okkur menningarstrauma að utan og eigum þar af leiðandi í menningararfi okkar alla ismana í Evrópumenningu aldanna. Við Íslendingar nútímans erum síst annarra þjóða eftirbátar í menningarmálum. Við eigum sögurnar okkar og bókmenntir fortíðar, merka rithöfunda sem þýddir eru á erlend tungumál, glæsilega tónlist, myndlist og kvikmyndagerð á heimsmælikvarða. Það er stórmerkilegt að svona fámenn þjóð, Íslendingar, skapi svo mikla hámenningu. Þess vegna megum við vara okkur á því að sýna þá hlið á okkur sem flokka mætti undir ómenningu.

Ég get hinsvegar ekki leynt því að ég hef miklar áhyggjur af landinu sjálfu. Við megum ekki gleyma því að þetta land er svo viðkvæmt. Það tekur mosa mörg hundruð ár að gróa á hrauni og það er mikið áhyggjuefni að landið verði troðið niður af

mannafótum. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að hið opinbera, sem erum við öll, verði að bregðast mjög skjótt við í að standa með sóma að því að erlendir fætur geti gengið á Íslandi eins og íslenskir,“ segir Vigdís.

Sjálfr hefur Vigdís ekki látið sitt eftir liggja í náttúruvernd á Íslandi. Skógrækt og landgræðsla hefur verið henni hugleikin um árabíl og hefur hún lagt áherslu á gildi þess að æska landsins læri að umgangast náttúruna með virðingu. Þá er hún verndari Auðlindar - Minningarsjóðs Guðmundar Páls Ólafssonar sem hefur það meðal annars á stefnuskrá sinni að vernda og efla votlendi Íslands. Vigdís segir málefnið brýnt og bendir á að votlendi séu „lungu landsins,“ eins og Laxness komst svo vel að orði, en votlendi gegna meðal annars hlutverki við bindingu kolefnis, miðlun vatns og hringrás næringarefna.

ÞAÐ SEM STENDUR UPP ÚR

Á þeim 35 árum sem hafa liðið frá því Vigdís tók við embætti forseta Íslands hefur mikið gerst á sviði jafnréttis á Íslandi. Jafnréttismál á alþjóðavettvangi segir Vigdís enn eiga gríðarlega langt í land og standi það friði og þróunarmálum fyrir þrifum. „Takið eftir því að á þeim svæðum þar sem menn eru hvað herskáastir í heiminum í dag hafa konur minnst að segja. Þess vegna er mikilvægt að reyna að aðstoða konur í að öðlast þá virðingu og fá þá menntun sem þeim ber. Ég tók einu sinni þátt í læsisátaki fyrir konur í Katar á vegum UNESCO og þar var eins og konur hækkuðu í loftinu um nokkra sentimetra þegar þær höfðu lært að lesa. Þær höfðu fengið sjálfstraust - og kannski öðlast rödd. Svo er það margrannsakað og sannað að þegar jafnrétti hefur verið komið á, þar sem konur höfðu áður lítið hlutverk, tekur samfélagið gríðarlegum framförum á öllum sviðum,“ segir Vigdís. Vigdís segir að sjálfsöryggi og sjálfmynd íslenskra kvenna hafi mikið breyst á undanförunum árum og að konur séu hættar að afsaka tilveru sína.

„Ég átti í sjálfu sér ekki von á neinu, hvað jafnréttismál varðar, þegar ég tók við þessu embætti. En ég sé það núna að það að ungar stelpur hafi alist upp við að sjá konu í þessu embætti sem ég gegndi um skeið hefur breytt miklu og ég dáist að íslensku þjóðinni fyrir að hafa orðið fyrst til að þora að kjósa konu í þetta embætti. Mér hefur alltaf þótt börn sérstaklega skemmtilegur hópur í þjóðfélaginu og ber mikla virðingu fyrir þeim. Það var nú hlegið að því í byrjun þegar mér datt í hug að gróðursetja með þeim tré, en ég hafði ekkert að gefa þeim og datt í hug að gefa þeim tré sem nú eru orðin að skógi. Það er það sem stendur upp úr í mínu lífsstarfi - að gefa ungum stúlum sjálfstraust og gera landið grænna. Svo var reyndar ógurlega gaman að vera leikhússtjóri,“ segir Vigdís að lokum. -VAG

Isavia

HYGGUR Á STÆKKUN Í KEFLAVÍK



GUÐNI SIGURÐSSON

Tími Íslands er svo sannarlega kominn. Ferðalangar fá greinilega hvergi nóg af heillandi náttúru landsins og ferðþjónustan vex hröðum skrefum í umfangi. Isavia er fyrirtækið sem sér um rekstur alþjóðaflugvallarins og flugstöðvarinnar í Keflavík. Fyrirtækið upplýsir nú að um sumartímamann fljúgi nú alls 25 flugfélög til 80 áætlunarstaða til og frá Keflavíkurflugvelli. Sjónir manna beinast nú að vetrartímanum.

„Við höfum einbeitt okkur sterklega að vetrarmánudunum og þeim sem fljúga hingað og héðan allt árið um kring. Við höfum aukið fjölda þeirra flugfélaga sem gera það úr tveimur árið 2006 í tólf nú á þessu ári 2016,“ segir Guðni Sigurðsson upplýsinga- fulltrúi Isavia.

AUKNING Í FJÖLDA FLUGA

Fjölgunin hefur verið afar hröð. „Það er búin að vera mikil áskorun fyrir starfsfólk okkar að halda í við 260 prósentu aukingu frá 2009 en við höfum unnið hörðum höndum og búum að jákvæðum starfsmönnum bæði hjá Isavia og öðrum fyrirtækjum sem sinna þjónustu við flugvöllinn,“ segir Guðni. „Það er mjög krefjandi að veita farþegum þannig þjónustu að þeir séu mjög ánægðir á sama tíma og vöxturinn er svona hraður um margra ára skeið.“

Kannanir alþjóðlegra úttektaðila á gæðum flugvalla (Airport Council

International Airport Service) sýna að starfsfólk Keflavíkurflugvallar leggur mikið á sig til að halda flughöfninni á hæsta þjónustustigi þrátt fyrir að álagið sé mikið.

FLUGVALLARÁÆTLUN

Isavia hefur nú lagt fram viðamikla áætlun til að mæta þeim kröfum sem fylgja aukinni umferð um flugvöllinn. „Já, við höfum mikil áform á þjónunum sem snúa að því að stækka flugvöllinn,“ segir Guðni. „Við höfum kynnt Þróunar-áætlun Keflavíkurflugvallar sem verður okkar helsti vegvísir til ársins 2040. Hún er mjög metnaðarfull.“

Þessa dagana vinnur Isavia að þróuninni á þrjú vegu. Í fyrsta lagi er unnið að endurbótum á flugbrautunum þar sem skipt er um klæðningu á þeim báðum, gerðar eru akbrautir fyrir flugvélar út af flugbrautum og bætt við nýjum flugvéla- stæðum og rönum þar sem farþegar geta gengið inn og út úr vélum við flugstöðina. Til viðbótar við þær framkvæmdir sem nú verður farið af stað í, og eru

samkvæmt Þróunaráætluninni, þá hefur fyrirtækið hafið undirbúning þess að byggja við og lengja komu- og brottfararhluta flugstöðvarinnar bæði til austurs og norðurs. Þetta mun nærri tvöfalda afkastagetu flugvallarins. „Við stefnum á að hefja byggingu við stækkun þessara hluta árið 2018,“ segir Guðni.

UPPFÆRD TÆKNI

Isavia fylgist grannt með tækninýjunum og fyrirtækið stefnir á að nýta prófaðar tæknilausnir sem miða að því að auðvelda flæði farþega gegnum flugstöðina og draga úr biðtíma þeirra. „Við erum að bæta sjálfvirkni á öllum stigum í flugstöðinni,“ segir Guðni.

„Sjálfvirkum innritunarstöðvum fjölga hratt ásamt hliðum þar sem fólk getur sjálft afhent sinn farangur, sjálfvirkni er tekin upp í aflestri á innritunarspjöldum auk þess sem sjálfvirkni eykst hratt í öryggisþáttum.

Á næsta ári munum við kynna til leiks ný og sjálfvirk landamæragæslu- og innritunarhlið.“

-SJ





AÐ FERÐAST TIL ÍSLANDS

Vaxandi fjöldi flugfélaga býður upp á ferðir til Keflavíkur. Fyrir neðan má sjá upplýsingar um hvert flugfélag ásamt tengli á vefsvæði þess.

Flugleiðir

Flugleiðir er alþjóðlegt flugfélag sem býður upp á ferðir til áfangastaða beggja vegna Atlantshafs frá Keflavík. Flugfélagið flýgur frá Íslandi til 27 flugvalla í Evrópu og 16 flugvalla í Norður-Ameríku.

www.icelandair.com

Wow Air

WOW Air er lággjaldaflugfélag sem býður upp á fyrsta flokks þjónustu. WOW, sem stofnað var árið 2011, flýgur til 30 áfangastaða í Evrópu og Norður-Ameríku og helgar sig því að bjóða upp á ódýrustu flugin til og frá Íslandi.

www.wowair.com

Air Greenland

Air Greenland er þjóðarflugfélag Grænlands og býður upp á flug til, frá og innan Grænlands. Flugfélagið var stofnað árið 1960 og samanstendur floti þess af 35 flugvélum og þyrlum, allt frá stórum Airbus 330-200 flugvélum til smárra AS 350 þyrla. Flugfélagið er í eigu Grænlands og Danmerkur ásamt SAS GROUP.

www.airgreenland.com

Air Iceland

Air Iceland, sem er hluti af Icelandair Group, býður upp á innanlandsflug ásamt alþjóðaflugi til Grænlands og Færeyja. Áfangastaðir á Íslandi eru Keflavík, Reykjavík, Akureyri, Vopnafjörður, Þórshöfn, Ísafjörður, Grímsey og Egilsstaðir. Air Iceland býður einnig upp á dagsferðir.

www.airiceland.is

Airbaltic

Airbaltic tengir Eyrstrasaltssvæðið við 60 áfangastaði í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Samveldi sjálfstæðra ríkja (CIS). Flugfélagið, sem var stofnað árið 1995, hefur hlotið alþjóðleg verðlaun fyrir frábæra þjónustu og stundvísi.

www.airbaltic.com

Air Berlin

Air Berlin, næststærsta flugfélag Þýskalands, flýgur víðsvegar um heiminn, þ.á.m. til áfangastaða í Evrópu, Norður-Afríku, Suðaustur-Asíu, Karabíska hafinu og Norður- og Suður-Ameríku. Flugfélagið einbeitt sér að þjónustu við stórar þýskar og evrópskar borgir og flýgur til samtals 23 þýskra borga.

www.airberlin.com



Austrian 

Austrian Airlines er aðalflugfélag Austurríkis með höfuðstöðvar í Vín. Flugfélagið býður upp á flug til fleiri en 130 áfangastaða. Heimaflugvöllur þess er alþjóðaflugvöllurinn í Vín og er félagið meðlimur í Star Alliance.

www.austrian.com

British Airways 

British Airways er aðalflugfélag Bretlands og stærsta flugfélag ríkisins miðað við flugvélaflota. Flugfélagið er staðsett í Waterside nálægt Heathrow-flugvelli sem er heimaflugvöllur þess. British Airways flýgur til fleiri en 160 áfangastaða og eru sex þeirra innanlands. Það er eitt af fáum flugfélögum sem flýgur til allra af þeim sex heimsálfum þar sem er varanleg byggð.

www.britishairways.com

Czech Airlines 

Czech Airlines er þjóðarflugfélag Tékklands og eru höfuðstöðvar þess á Václav Havel-flugvelli í Ruzyně, Prag. Flugfélagið flýgur nú til rúmlega 80 áfangastaða í 45 löndum, þ.á.m. til Amsterdam, Barcelona, Kaupmannahafnar, Stokkhólms, Madrid, Milan, Parísar, London og Róm.

www.czechairlines.com

Delta 

Bandaríska flugfélagið Delta býður upp á innanlandsflug og alþjóðaflug til allra heimsálfa nema Suðurskautlandsins. Delta og dótturfélög þess bjóða upp á meira en 4.000 flug hvern dag og er flugfélagið það elsta sem enn er rekið í Bandaríkjunum og stærsta flugfélag heims miðað við flugvélaflota.

www.delta.com

EasyJet 

Breska flugfélagið EasyJet flytur fleiri farþega en nokkurt annað flugfélag á Bretlandseyjum og býður upp á innanlands- og alþjóðaflug milli 118 flugvalla í Evrópu, Norður-Afríku og Vestur-Asíu. Flugfélagið er með starfsstöðvar á 19 flugvöllum um alla Evrópu og er sá mikilvægasti í Gatwick. Um er að ræða næststærsta lággjaldaflugfélag Evrópu á eftir Ryanair.

www.easyjet.com

Edelweiss Air 

Edelweiss Air er svissneskt flugfélag í eigu Swiss International Air Lines og Lufthansa Group. Frá heimaflugvelli þess í Zurich býður félagið upp á ferðir til Evrópu og annarra heimsálfa. Edelweiss Air var stofnað árið 1995 og flýgur til fleiri en 50 áfangastaða.

www.edelweiss.com

Evelop evelop!

Evelop Airlines, þekkt sem evelop!, er spánskt flugfélag með höfuðstöðvar á Palma de Mallorca-flugvelli. Flugfélagið flýgur frá Spáni fyrir ferðarþjónustuaðila. Það er í eigu Barceló Viajes og er dótturfélag Orbest, flugfélags sem keypt var af Barceló Group árið 2013.

www.evelop.com

Germania 

Germania er þýskt flugfélag í einkaeigu með höfuðstöðvar í Berlín. Flugfélagið býður upp á ferðir til áfangastaða í Evrópu, Norður-Afríku og Mið-Austurlöndum frá fjölmörgum flugvöllum í Þýskalandi. Germania flytur fleiri en 2,5 milljón farþega á hverju ári.

www.flygermania.com

Germanwings 

Germanwings er þýskt lággjaldaflugfélag í eigu Lufthansa. Helstu flugvöllir þess í Þýskalandi eru Köln-Bonn-flugvöllurinn, Stuttgart-flugvöllur og Schönefeld-flugvöllurinn í Berlín. Germanwings flýgur til fleiri en 85 áfangastaða.

www.germanwings.com

Iberia Express 

Iberia Express, spánskt lággjaldaflugfélag í eigu Iberia, býður upp á ferðir frá heimaflugvelli móðurfélagsins í Madrid. Flugfélagið hóf rekstur árið 2012 og flýgur til evrópskra áfangastaða, þ.á.m. til Íslands, Frakklands, Danmerkur, Ítalíu og Noregs.

www.iberiaexpress.com

Lufthansa 

Lufthansa er aðalflugfélag Þýskalands og stærsta flugfélag Evrópu miðað við farþegafjölda. Flugfélagið býður upp á ferðir til 18 áfangastaða í Þýskalandi og fleiri en 200 staða í 78 löndum um alla Evrópu, Asíu, Afríku og Norður- og Suður-Ameríku. Með fleiri en 700

flugvélar er Lufthansa með næststærsta flota farþegaflugvéla í heiminum.

www.lufthansa.com

Luxair 

Luxair, sem er aðalflugfélag Luxembourg, er með höfuðstöðvar sínar og heimaflugvöll á Luxembourg Findel-flugvelli í Sandweiler. Félagið er með áætluðarflug til staða í Evrópu, Norður-Afríku, Miðjarðarhafslöndunum og Mið-Austurlöndum, til viðbótar við leiguflug og árstíðabundið flug. Um er að ræða eina farþegaflugfélag Luxembourg.

www.luxair.lu

Niki 

Austurríska lággjaldaflugfélagið Niki er dótturfélag Air Berlin. Höfuðstöðvar félagsins eru á alþjóðaflugvelli í Vín og býður það upp á flug til evrópskra borga og sumarleyfisstaða, þ.á.m. til Íslands, Danmerkur, Frakklands, Grikklands og Spánar.

www.flyniki.com

Norwegian 

Lággjaldaflugfélagið Norwegian er næststærsta flugfélag Skandinavíu. Það býður upp á flug innan Skandinavíu og til viðskiptaborga á borð við London, ásamt flugi til annarra alþjóðlegra áfangastaða. Flugfélagið er með starfsstöðvar í Kaupmannahöfn, á Gardermoen í Osló, Arlanda í Stokkhólmi, Vantaa í Helsinki, Bergen, Þrándheimi, Stavanger og Sandefjord.

www.norwegian.com

Primera Air 

Danska flugfélagið Primera Air er með höfuðstöðvar í Kaupmannahöfn. Það var upphaflega stofnað á Íslandi og býður í dag upp á flug frá Skandinavíu til fleiri en 70 áfangastaða í Evrópu, Miðjarðarhafinu, Asíu og Karabíska hafinu. Árið 2009 stofnaði Primera Air dótturfélagið Primera Air Scandinavia.

www.primeraair.com



SAS 

Scandinavian Airlines (SAS) er aðalflugfélag Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, ásamt því að vera stærsta flugfélag Skandinavíu. Félagið býður upp á flug til rúmlega 90 áfangastaða. Kastur er aðalflugvöllur SAS fyrir flug innan Evrópu og til annarra heimsálfa. Heldur smærri flugvöllir sem félagið notar eru Gardermoen í Osló og Arlanda í Stokkhólmi.

www.flysas.com

SunExpress 

SunExpress er tyrkneskt flugfélag með höfuðstöðvar í Antalya. Flugfélagið býður upp á áætlunar- og leiguflug til ýmissa áfangastaða í Evrópu, Asíu og Norður-Afríku, þ.á.m. til Íslands, Þýskalands, Danmerkur, Belgíu og Marokkó.

www.sunexpress.com

Transavia 

Transavia.com er hollenskt lággjaldaflugfélag sem er sjálfstæður hluti af Air France-KLM hópnum. Heimaflugvöllur þess er Schiphol-flugvöllurinn í Amsterdam

en aðrir flugvöllir sem félagið notar eru Rotterdam Haag-flugvöllurinn (RTM) og Eindhoven-flugvöllur (EIN).

www.transavia.com

Vueling 

Vueling Airlines er spánskt flugfélag með höfuðstöðvar í Barcelona. Nafn þess er dregið af spánska orðinu „Vuelo“ sem þýðir flug. Vueling er næststærsta flugfélag Spánar og flýgur það til rúmlega 100 áfangastaða í Evrópu, Afríku og Asíu.

www.vueling.com

Wizz Air 

Wizz Air er ungerskt lággjaldaflugfélag sem staðsett er í Búdapest. Flugfélagið býður upp á flug til borga í Evrópu, Ísrael og Sameinuðu arabísku furstadæmum. Meðal áfangastaða eru Ísland, Danmörk, Frakkland, Búlgaría og Noregur. Wizz Air flýgur til 35 landa og er með stærsta flota allra ungerskra flugfélaga þó ekki sé um að ræða aðalflugfélag landsins.

www.wizzair.com

LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR

Áhrif norrænna þjóðsagna, grískrar goðafræði og guðspeki

Einar Jónsson fæddist árið 1874, hélt til Kaupmannahafnar 19 ára, lærði höggmyndalist og bjó í Evrópu í 20 ár m.a. í Danmörku, Þýskalandi og á Ítalíu. Hann flutti til Íslands eftir að heimsstyrjöldin síðari skall á. Hann vildi gefa íslenska ríkinu verk sín gegn því að fá yfir þau hús þar sem þau gætu verið til sýnis. Ekki var áhugi fyrir þessu fyrir en árið 1914 og hófust þá umræður um húsið og úr varð að íslenska ríkið flutti verk Einars til Íslands og lét byggja hús sem Einar hannaði sjálfur þar sem hann bjó og vann og

er það húsið þar sem Listasafn Einars Jónssonar stendur í dag á Skólavörðuholtinu.

„Húsið er friðað og er í rauninni stærsta listaverk Einars,“ segir Sigríður Melrós Ólafsdóttir safnstjóri. „Þetta er einstætt hús og á trúlega ekki sinn líka í heiminum.“

STÓRFENGLEG

Sýningin í dag er í rauninni sú sama og Einar byrjaði að setja upp árið 1923 og bætti síðan við. Eftir hans tíð var gerð örlítill breyting á sýningunni í kringum 1980 en að öðru leiti er safnið eins og það var er hann skildi við það.


„Þetta eru verk sem spanna ansi langan feril. Þau elstu eru frá því rétt fyrir aldamótin 1900 og þau yngstu frá 1954. Allt var táknrænt hjá Einari. Hann var símbólískur listamaður og var að segja sögur í öllum verkum sínum og notaði til þess táknfræði úr ýmsum áttum. Sjá má t.d. áhrif norrænna þjóðsagna sem og áhrif grískrar goðafræði og guðspeki. Verk hans eru líka ídealísk – þau eru stórfengleg. Einar notaði mannlíkamann til að túlka hugmyndir sínar og stillti mannlíkamanum upp í alls konar stellingar sem jafnvel eru ekki mögulegar í raunveruleikanum.“

Sigríður Melrós segir að Einar hafi oft reynt að túlka flóknar hugmyndir eða hugtök svo sem hugtakið samviskubit. „Hann bjó til verk sem kallast Samviskubit og það túlkaði hann með nokkrum líkómum.“

Áhugasamir geta keypt eftirgerðir af nokkrum verkum Einars og segir Sigríður Melrós að þeim fari fjölgandi. Hver eftirgerð er til í takmörkuðu magni. „Þetta er til styrktar safninu til að hægt sé að gera við verkin. Sum þeirra eru orðin eldri en 100 ára og eru úr gífsi og það þarf að passa upp á að þau séu í lagi. Þetta er menningararfur okkar.“

Einar og eiginkona hans, Anna, bjuggu fyrst um sinn í íbúð á efstu hæð safnhússins en fluttu síðar í annað hús sem byggt var á lóðinni. Íbúðin á efstu hæð hússins er til sýnis í upprunalegri mynd. Þar er dagstofa, hvíldar- og svefnherbergi. Eldhús og baðherbergi hjónanna voru á jarðhæð hússins. 52 tröppur eru þar á milli sem liggja upp bratta og þrönga stiga.

-SJ



Listasafn Íslands

ÍSLENSK LISTAVERK UM 90% AF SAFNEIGNINNI

Listasafn Íslands var stofnað árið 1884 í Kaupmannahöfn. Björn Bjarnarson (1853-1918), lögfræðingur og síðar sýslumaður og alþingismaður var þeirrar skoðunar að Íslendingar ættu að eignast eigið þjóðlistasafn eins og aðrar vestrænar þjóðir. Honum tókst að safna 74 verkum, svokallaðri stofngjöf, sem gjafmildir listamenn í Danmörku og víðar á Norðurlöndum létu Íslendingum eftir af fólksvalausum velvilja. Danakonunungur var meðal þeirra sem gáfu listasafninu verk.

„Það var ekki fyrr en upp úr 1900 sem safnið eignaðist íslenskt listaverk, *Útlaga*, eftir Einar Jónsson,“ segir Halldór Björn Runólfsson safnstjóri. Fyrsta íslenska málverkið, *Áning*, eftir Þórarín B. Þorláksson kom í safneignina 1911, 27 árum eftir stofnun Listasafns Íslands. „Ennþá eiga fleiri erlendir lista-

menn verk í safninu heldur en íslenskir þótt heiti þess bendi til annars. Hins vegar er fjöldi íslenskra verka í heildarsafneigninni um níutíu prósent eða nærri ellefu þúsund.“

Halldór Björn segir að Listasafn Íslands hafi stækkað á undanförunum árum þegar Listasafn Sigurjóns Ólafssonar í Laugarnesi varð hluti af safninu og Vasulka-stofa var stofnuð sem deild innan safnsins á 130 ára afmæli þess.

Löngu fyrr, eða árið 1960, varð Ásgrímssafn við Bergstaðastræti hluti af Listasafni Íslands. „Vasulka-stofa er miðstöð raf- og stafrænnar margmiðlunarlistar á Íslandi nefnd í höfuðið á Steinu og Woody Vasulka sem voru meðal brautryðjenda alþjóðlegrar vídeólistar á 7. og 8. áratug liðinnar aldar og kusu að ánafna deildinni veglegan hluta af gagna- og heimildasafni sínu.“


FJÖLBREYTTAR SÝNINGAR

Í stærsta sal Listasafns Íslands er nýopnuð sýningin *TEXTI* með textaverkum úr einkasafni Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur. Í sal 2 er ljósmyndasýningin *Ljós málu* með fjölda íslenskra samtímaverka þar sem tekið er mið af áhrifum málalistar á ljósmyndun. Í báðum söllum á efri hæðinni er yfirlitssýning á verkum Valtýs Péturssonar sem auk þess að vera brautryðjandi í geometrískri abstraktlist á Íslandi var þekktur gagnrýnandi á Morgunblaðinu.

26. október opnar sýning á verkum hinnar heimsþekktu bandarísku listakonu Joan Jonas en hún var fulltrúi heimalands síns á síðasta Feneyjatvíringi. Um er að ræða samvinnuverkefni milli Listasafns Íslands og Listasafnsins á Akureyri.

Snemma í febrúar á næsta ári verður opnuð stór, alþjóðleg teiknisýning úr fórum Pompidou-miðstöðvarinnar í París og seinna í sama mánuði opnar svo fastasýning á völdum verkum úr safneign Listasafns Íslands sem spanna tímabilið frá 16. öld til þeirrar tuttugustu og fyrstu. Í tengslum við þá sýningu er gefin út bók á íslensku og ensku með 130 valinkunnum verkum af ýmsum gerðum og aldri sem sýna óendanlega fjölbreytnina í Listasafni Íslands. -SJ





Listasafn Reykjavíkur

VERK MEISTARA OG SAMTÍMALISTAMANNA

Listasafn Reykjavíkur er staðsett í þremur húsum; í Hafnarhúsinu, á Kjarvalsstöðum og í Ásmundarsafni. „Í Hafnarhúsinu eru alltaf sýnd verk eftir Erró,“ segir Áslaug Guðrúnardóttir, kynningar- og markaðsstjóri Listasafns Reykjavíkur, og bætir við að Hafnarhúsið sé tileinkað samtímalist.

„Erró gaf safninu mörg verk á sínum tíma og er hægt að ganga að því vísu að sýnd séu verk eftir hann.“

Sex sýningarsalir eru í húsinu og eru alltaf í gangi sýningar eftir aðralistamenn, bæði innlenda og erlenda. Í Hafnarhúsinu er t.d. lítill salur, D-salur, þar sem haldnar eru sýningar á verkum upprennandi listamanna. „Þetta er yfirleitt ungt fólk sem hefur ekki áður sýnt verk sín í opinberu safni.“

Búið er að opna þrjár nýjar sýningar í Hafnarhúsinu þar sem áhersla er lögð á stríð og frið. Sýningin á verkum Errós sem



nú stendur yfir kallast Stríð og friður og var safnað saman málverkum eftir hann með þær áherslur.

„Við opnuðum í lok september sýningu eftir írskan listamanninn Richard Mosse, The Enclave, sem hefur fengið íslenska nafnið Hólmlendan og er um að ræða myndbandsverk og ljósmyndir teknar í Austur-Kongó. Mosse og samstarfsmenn hans tóku myndbönd af fólki á stríðshráðum svæðum með sérstakri linsu sem breytir grænum lit í bleikan.“ Verkið var fyrst sýnt á Feneyjatvíæringnum árið 2013.


Þá stendur einnig yfir í Hafnarhúsinu sýning á verkum Yoko Ono sem þykir vera leiðandi myndlistarmaður á sviði tilrauna og framúrstefnu. Sýningunni, sem kallast Ein saga enn..., er ætlað að varpa ljósi á grunnþætti í yfirgripsmiklum og fjölbreyttum listaferli listakonunnar sem að sögn Áslaugar hefur mikið fjallað um stríð, frið og ástina.

VISTKERFI LITA

Kjarvalsstaðir er fyrsta byggingin á Íslandi sérstaklega hönnuð undir myndlistarsýningar. Þar er lögð áhersla á sýningar á verkum Jóhannesar S. Kjarvals en einnig eru sýnd þar verk eftir aðra listamenn. Tveir sýningarsalir eru í safninu. Í öðrum þeirra má sjá klassísk verk eftir Kjarval en í hinum stendur yfir sýning á verkum Hildar Bjarnadóttur textíllista-

manns, Vistkerfi lita. „Segja má að á sýningunni sé náttúran eiginlega komin upp á vegg eða hangi úr loftinu. Hildur litar efnivið sinn með náttúrulitum - verkin á sýningunni eru náttúran í striga eða á silkiklútum.“

Ásmundarsafn var heimili og vinnustofa Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara og teiknaði hann og byggði húsið að mestu leyti sjálfur. „Þar eru alltaf verk eftir hann til sýnis, bæði inni í húsinu og í garðinum fyrir utan, og undanfarin ár hefur verkum hans verið teft á móti verkum annarra listamanna.“ Nú stendur yfir sýning á verkum Ásmundar og Þorvaldar Skúlasonar og er um að ræða samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur og Listasafns Háskóla Íslands.



-Sj



Ljósmyndasafn Reykjavíkur


SÖGULEG LJÓSMYNDUN OG SAMTÍMALJÓSMYNDUN



Ljósmyndasafnið, sem nú heitir Ljósmyndasafn Reykjavíkur, var stofnað sem fyrirtæki árið 1981 með það að markmiði að ljósmyndarar gætu selt þar ljósmyndir sínar. Að sögn Jóhönnu Guðrúnar Árnadóttur, sérfræðings fræðslu og sýninga hjá Reykjavíkurborg, varð breyting þar á árið 1987 þegar Reykjavíkurborg tók yfir safnið sem er nú staðsett í Grófarhúsi við Tryggvagötu.

„Þar er stór sýningarsalur og eru þar þrjár sýningar á ári. Það er í fyrsta lagi sýningar úr safneign, í öðru lagi eru það sýningar til að kynna íslenska ljósmyndara og í þriðja lagi er um að ræða sýningar erlendra ljósmyndara. Í húsnæðinu er einnig minna rými, sem kallast Skotið, þar sem kynntir eru ungir og upprennandi ljósmyndarar og er þar sett upp ný sýning á átta vikna fresti.“

Ljósmyndasafn Reykjavíkur er stofnaðili að Ljósmynda-hátíð Íslands sem kallaðist áður Ljósmyndadagar. „Það er þáttur í að við viljum að safnið sé miðstöð ljósmynda þar sem fortíðin og nútíminn mætast. Það er eitt af markmiðunum. Í hverri viku er myndum úr safneign safnsins miðlað út á Facebooksíðu þess og á heimasíðunni, ljósmyndasafnreykjavíkur.is er að finna allar nýjustu upplýsingar sem snerta starfsemi safnsins. Safnbúðin fer að sögn Jóhönnu sístækkandi og verður alltaf vinsælli. „Við leggjum metnað í að kynna sögulega ljósmyndun og samtímaljósmyndun í listrænu, félagslegu og menningarlegu samhengi.“



HANDHAFAR HASSELBLAD-VERÐLAUNANNA


Aðalsýningin sem nú stendur yfir kallast PORTRETT – handhafar Hasselblad verðlaunanna sem veitt eru af Hasselblad-stofnuninni í Svíþjóð. Umrædd verðlaun eru alþjóðleg ljósmynda verðlaun sem þykja vera þau virtustu í heiminum. Sjö ljósmyndarar eiga verk á sýningunni sem spanna tímabilið 1940 til 2014. Það eru Irving Penn, Richard Avedon, Christer



© ISHIUCHI MIYAKO/HIROSHIMA#43 GEFANDI/DONOR:YAMANE, S.



© ISHIUCHI MIYAKO MOTHER'S #52



© NAN GOLDIN SJÁLFSPORETT INNI/ÚTI, 2006 (NÍU UPPSETT CIBACHROME PRENT) SELF-PORTRAIT INSIDE/OUTSIDE, 2006 (NINE MOUNTED CIBACHROME PRINTS)

Strömholm, Malick Sidibé, Nan Goldin, Ishiuchi Miyako og Wolfgang Tillmans.

„Irving Penn og Richard Avedon eru forkólfar í tískuljósmyndun og Christer Strömholm er einn frægasti norræni ljósmyndarinn,“ segir Jóhanna en hvað hann varðar þá er um að ræða persónulega heimildaljósmyndun.

„Malick Sidibé er frá Malí í Afríku og sýna myndir hans lífsgleði fólks í landinu í kjölfar loka nýlendustefnu Frakka þar í lok 6. áratugar síðustu aldar.

Nan Goldin er með sjálfsportrett og mjög opinskáar og persónulegar ljósmyndir; þetta er sjálfsmyndasería tekin löngu áður en „sjálfu-myndatökur“ urðu vinsælar.

Japanski ljósmyndarinn Ishiuchi Miyako myndar m.a. gripi og fatnað og það er hennar nálgun á portrett. Hún er með tvær myndaseríur á sýningunni. Í einni myndar hún eigu látinnar móður sinnar og í hinni fót og gripi í eigu eftirlifenda kjarnorkusprengjunnar í Hiroshima.

Wolfgang Tillmans er þýskur og sýnir borgarportrett; hann breytti ljósmyndun að því leyti hvernig hann hugsar um uppsetninguna á myndum. Hann hengir þær jafnvel upp í loft og er með allt aðrar áherslur en þessar hefðbundnu upphengingar á ljósmyndasýningum.“

-SJ



© MALICK SIDIBÉ UNGUR MAÐUR Í ÚTVÍÐUM BUXUM, VESKI OG ÚR, 1977. YOUNG MAN WITH BELL BUTTOMS, BAG, AND WATCH, 1977



© CHRISTER STRÖMHOLM ESTATE JACKY & ADELE CHANEL GÍNA, 1960 JACKY & ADELE CHANEL MANNEQUIN 1960



© MALICK SIDIBÉ YÉ-YÉ UPPSTILLING, 1963 A YÉ-YÉ POSING, 1963

Aurum

HREINDÝRIÐ OG ÍSBJÖRNINN



GUÐBJÖRG INGVARSDÓTTIR

Stefán Hrafn Magnússon, hreindýrabóndi á Grænlandi, hafði á sínum tíma samband við Guðbjörgu Ingvarsdóttur gullsmið, sem rekur verslunina Aurum, og spurði hvort grundvöllur væri fyrir samstarfi varðandi það að nýta hreindýraklaufir frá honum í skartgripagerð. Úr varð skartgripalínun Tuttu sem er grænenska orðið yfir hreindýr en innblásturinn af Tuttu-línunni kemur frá hreindýraklaufunum. Guðbjörg fékk nokkrar klaufir á meðan hún var að þróa línuna sem er þó mest úr silfri. „Mér fannst þetta vera spennandi. Þetta verkefni heillaði mig og mér fannst vera

frábært ef hægt væri að nýta klaufirnar,“ segir Guðbjörg og bætir við að svipað sé að vinna við hreindýraklaufir og silfur – þær eru harðar og sterkar en jafnframt léttar þannig að hægt er að smíða stóra hluti úr þeim.

„Ég hafði aldrei áður séð þetta efni og áferðin er falleg. Það eru fallegar, hvítar línur í klaufunum sem mér finnst vera áhugaverðar en þær segja kannski sögu hreindýrsins þegar það er búið að vera á fjöllum á Grænlandi. Þær segja kannski ævintýri þeirra.“

Þess má geta að línur svipaðar þeim sem eru á klaufunum eru líka í silfrinu í Tuttu-línunni.

Áhrif náttúrunnar má sjá í skartgripu-

num. „Ég fór að skoða myndir frá Grænlandi í sambandi við þetta verkefni og þetta form endurtók sig í náttúrunni svo ég fór að vinna með það.“ Formið sem Guðbjörg talar um er beitt. Ákveðið. Hart. Andstæðurnar í grænenskri náttúru eru miklar – þær eru stundum eins og svart og hvítt eða eins og svört klaufin og bjart silfrið.

„Þessar andstæður – klaufirnar og silfrið – eru ofboðslega fallegar og tengjast mjög vel. Ég geri klaufirnar mattar sem passar vel við silfrið.“

Mynd af gamalli höfðingjagröf á Grænlandi með stóru hvalbeini ofan á varð innblástur annars forms í Tuttu-línunni.



NANOOK

Fleiri hugmyndir kviknuðu í tengslum við Grænland og fór Guðbjörg síðar að þróa aðra skartgripalínu með ísbjörninn í huga. Það er skartgripalínun Nanook sem þýðir ísbjörn á grænensku.

„Ég fór að skoða klærnar á ísbirninum og út frá því komu hugmyndir að áferðinni á skartgripunum en ég fór að hugsa um þetta stóra dýr á ísnum – hvað ísinn er sterkur en samt koma í hann rákir og rifur út af þessum þyngslum. Áferðin á silfrinu vísar til þess hvernig ísbjörninn setur spor sín í ísinn.“ Áhrif af rákum og sprungum í ísnum eftir ísbjörninn má sjá í Nanook-skartgripalínunni hvort sem það eru hálsmen, armbönd eða eyrnalokkar.

„Svo fór ég að hanna hálsmen með auga ísbjarnarins í huga og í því er steinninn tourmaline quartz,“ segir Guðbjörg en steinninn er í hlutverki augasteins. „Þetta er náttúrusteinn og áferðin á honum heillaði mig – hann er glær með svörtum rákum sem kallast líka á við landslagið á Grænlandi. Mér fannst þetta passa fullkomlega inn í Grænlandsdæmið.“

Báðar línurnar eru enn í þróun og má búast við fleiri skartgripum undir áhrifum frá Grænlandi. -SJ

Þjóðminjasafn Íslands

HEIMILDAFJÁRSJÓÐUR TIL ÓKOMINS TÍMA

Hjálmar R. Bárðarson, skipaverkfræðingur og áhugaljósmyndari, arfleiddi Þjóðminjasafn Íslands að ljósmyndasafni sínu en hann lést árið 2009. Hann var Ísfríðingur og fékk myndavél í fermingargjöf og segir Inga Lára Baldvinsdóttir, sviðssjóri Ljósmyndasafns Íslands, að þá hafi ekki verið aftur snúið. Hjálmar tók myndir frá unglingsárum og fram á dánarár sitt.

„Hjálmar gekk í ljósmyndaklúbb í Danmörku þar sem hann stundaði verkfræðinám og kynntist þar öðrum áhugaljósmyndurum. Þetta var á blómatíma áhugamannaljósmyndunar og sýndu þeir myndir sínar víða í Evrópu og einnig vestanhafs. Hjálmar var virkur í slíku sýningarhaldi og leiddi ýmsa aðra íslenska áhugaljósmyndara hvað þetta varðar.“

Hjálmar varð síðar siglingamálastjóri á Íslandi og segir Inga Lára að áhugaljósmyndunin hafi verið ástríða hans þegar kom að áhugamálum. „Hann fann vettvang fyrir myndir sínar í útgáfu fjölda bóka um ákveðin náttúrufrýrbrigði eins og fugla og gróður en líka um ákveðna landshluta.“

FÉKK HLUTA ARFSINS

Hjálmar var í samskiptum við starfsfólk Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafni í rúman áratug og gaf hann safninu ýmsar myndir í lifanda lífi sem hann hafði m.a. sýnt á ljósmyndasýningum erlendis.

Við andlát Hjálmars kom í ljós að hann hafði arfleitt Þjóðminjasafn Íslands að ljósmyndasafni sínu auk fjármuna. Þeir voru nýttir til að skipta um umbúðir á öllu safni hans og koma því fyrir í sýrufríum umbúðum. „Þetta var allt vel skráð frá hans hendi þannig að það var í rauninni bara spurning um að skipta um umbúðir. Síðan voru skrár hans slegnar inn í skráningarkerfið Sarp og eru aðgengilegar þar. Eftir það voru gerðar stafrænar eftirtökur eftir stikkprufum í safninu en um er að ræða gríðarlega stórt safn með mörg hundruð þúsund myndum. Það er því búið að koma safninu fyrir á varanlegan hátt og gera það aðgengilegt almenningi.“



HJÁLMAR R. BÁRÐARSON

UPPSPRETTA ÞEKKINGAR

Inga Lára segir að það hafi verið mikill heiður að Hjálmar hafi treyst Þjóðminjasafni Íslands fyrir varðveislu á safninu.

„Þetta er náttúrulega ómetanlegt safn. Þetta er margþætt safn og spannar mjög langan tíma eða alveg frá 1932. Þetta er gríðarlegur heimildafjár sjóður til ókomins tíma. Á meðan Íslendingar hafa einhvern áhuga á því að þekkja eigin sögu og eigið náttúrufrýr þá eru ljósmyndir Hjálmars uppspretta gríðarlegrar þekkingar og sjónrænna upplifana.“ -SJ



JÓN TRAUSTI ÖSKUBUSKA ÍSLENSKRA BÓKMENNTA

Fyrir nokkru þegar við vorum að leita að íslenskum hljóðbókum á veraldarvefnum rákumst við á söguna Önnu frá Stóruborg eftir Jón Trausta á hljóðbókavefnum Hlusta.is en þar er einnig hægt að nálgast flestar aðrar sögur þessa merka rithöfundar og njóta þeirra gegn vægu gjaldi. Það kom okkur á óvart hve margar skáldsögur Jón Trausti hafði skrifað. Því ákváðum við að kynna okkur sögu hans.

Jón Trausti, eða Guðmundur Magnússon eins og hann hét réttu nafni, var á sínum tíma einn vinsælasti rithöfundur Íslands á fyrstu áratugum 20. aldar. Má með nokkrum sanni segja að hann hafi ásamt Torfhildi Hólmi verið fyrsti skilgreindi skáldsagnahöfundur okkar Íslendinga. Sögur hans sem spröttnar eru úr íslenskum raunveruleika fundu sér samhljóm í hjörtum landsmanna. Það voru örlagasögur sem Íslendingar tengdu við. Til marks um hvað Jón Trausti átti stóran sess í hjörtum sinnar samtíðar má vitna í orð Halldórs Laxness úr bókinni Í túninu heima: „Jón Trausti, Guðmundur Magnússon frá Hrauntanga í Öxarfjarðarheiði, stendur mér fyrir hugskotsjónum sem einn mestur

undramaður að verið hafi í íslenskri sagnsmíð fyrir og síðar. Allir vetur mínir heima eru tengdir minningunni um nafn þessa manns og verka hans.“

En það sem færri vita er að saga Guðmundar Magnússonar var engu síður mikil örlagasaga sem fáa lætur ósnortna. Má segja að þar sé ævintýrinu um Öskubusku snúð upp á íslenskan veruleika; þar er það fátæki sonurinn í koti karls sem hreppir prinsessuna að lokum, ef svo mætti að orði komast.

Guðmundur fæddist á Rífi á Melrakkaslétu 12. febrúar árið 1873. Ríf mun vera nyrsti bærinn á Íslandi. Foreldrar hans voru þar í húsmennsku og efnin því lítil. Vorið eftir að Guðmundur fæddist fluttu þau að

heiðarbýlinu Hrauntanga í Öxarfjarðarsýslu og bjuggu þar við mikla fátækt að því er heimildir herma. Árið 1877 dó faðir Guðmundar. Guðbjörg þraukaði í tvö ár eftir það, en varð svo að koma Guðmundi í fóstur á Skinnalóni, en þar dvaldi hann næstu fimm árin. Á þessum árum voru erfiðir tímar á Íslandi sem bitnaði á öllum, ekki síst niðursetningum. Af reynslu sinni frá þessum tíma hefur Guðmundur sagt í greininni „Vorharðindi“. Árið 1882 giftist móðir Guðmundar aftur og hóf búskap á harðbýlli jörð við sjóinn við Rauðanúp. Fluttist Guðmundur þá aftur til móður sinnar. Var hann þá tíu ára gamall. Eins og gefur að skilja var lítið um almennt skólanám fyrir drenginn.




Þó að lífsbaráttan hafi þar einnig verið hörð og fátæktin mikil leið Guðmundi betur þegar hann var aftur í samvistum við móður sína. Lífið við sjóinn og nyrstu voga hafði mikil áhrif á hann og stöðugar árásir brimsins á ströndina þar heima rótaði upp í huga hans og bar hann þetta brim með sér alla æfi, hvert sem hann fór. Eftir fermingu var ekki um annað að ræða fyrir Guðmund en að halda í vinnumennsku, þrátt fyrir að hugur hans stæði engan veginn til slíkra starfa. Eftir tvö ár sem vinnumaður þar nyrðra ákvað hann að kveðja æskustöðvarnar og halda til Austfjarða í leit að betra lífi. Var þetta mikið ferðalag fyrir gangandi mann með aleiguna á bakinu, en leiðin telur um 300 kílómetra. Fékk hann vinnu sem prentari hjá Skafta Jósefssyni ritstjóra blaðsins Austra sem gefið var út á Seyðisfirði. Á Seyðisfirði kynntist Magnús menningu og bókmenntum í víðara samhengi en áður. Þar tók hann einnig ástfóstri við leiklistargyðjuna sem fylgdi honum alla tíð síðan.

Um sumarið 1895 hélt Guðmundur svo til Reykjavíkur og fékk starf við Ísafoldarprentsmiðju. Haustið eftir, (1896) sigldi hann utan til að læra meira í prentið. Var hann þar í tvö ár. Hefur það ekki verið auðvelt fyrir mann sem engan hafði til að styrkja sig, enda segir hann um dvöl sína þar: „Ég barðist þar mínar 9 – 10 stundir á dag við hungrið, en það sem þá var afgangs dagsins, fyrir hugsjónum mínum. Fyrirnefnda baráttan gekk illa – hin síðari skár.“

Árið 1898 sneri Guðmundur aftur til Íslands og kvæntist Guðrúnu Sigurðardóttur. Lifðu þau saman þar til Guðmundur lést 1918. Ekki eignuðust þau börn sem upp komust, en tóku að sér eina kjördóttur, Mörtnu Magnúsdóttur. Reistu þau hjón gott hús á Grundarstíg 15 í Reykjavík.

Árið 1898 kom út fyrsta ljóðabók hans er nefndist Heima og erlendis. Þóttu ljóðin ekki nýstárleg eða frumleg.



Guðmundur lét samt ekki þar við sitja og fimm árum síðar, kom önnur ljóðabók út eftir hann sem hann kallaði Íslandsvísur. Var hún myndskreytt af honum sjálfum og Þórarni B. Þorlákssyni listmálara. Ljóðin í þeirri bók voru töluvert þroskaðri en í hinni fyrri og þar má finna þekkt ljóð, eins og Ég vil elska mitt land og Draumalandið. Fékk hún afleita dóma. Sérstaklega var einn dómurinn rættinn. Um hann sagði hann síðar: „Engin bóka minna hefur haft jafn mikil áhrif á líf mitt og þessi. Ráðist var á bókina af slíkum ódrengskap og illgirni, að lengi eftir varð ég að fara huldu höfði í blöðum og tímaritum með kvæði mín, því að enginn vildi við þeim líta.“

En Guðmundur gafst ekki upp. Hann hafði verið að vinna að stóru leikriti í ljóðum sem nefndist Teitur og fékk styrk út á það sem hann nýtti til að fara í aðra utanlandsför og nú heimsótti hann Sviss, Holland og England.

Svo er það árið 1906 að út kemur ný skáldsaga á Íslandi sem nefndist Halla. Var hún eftir ókunnan höfund sem kallaði sig Jón Trausta. Var engum

blöðum um það að fletta að sagan hlaut fádæma góðar viðtökur. Brá mörgum í brún þegar upp komst að höfundur þessarar sögu var enginn annar en Guðmundur Magnússon, ljóðskáldið vonda.

Um þetta sagði Guðmundur síðar og er þá að vísa til dómsins rætna sem hann hafði hlotið fyrir ljóðabók sína: „Og þegar ég byrjaði að skrifa sögur, var ekkert viðlit að birta þær undir mínu nafni. Þá fyrst, er sögurnar höfðu unnið sér góðan orðstír undir dulnafninu, var vogandi að segja til höfundarins. - Beiskjan, sem þetta vakti í skapi mínu, kemur einna skýrast fram í skáldsögnum Leysingu og Borgum.“

Sagan segir að Guðmundur hafi sjálfur sett bókina Höllu en um það segir Valtýr Stefánsson í grein um Guðmund sem birtist í Morgunblaðinu árið 1939: „Starfsbræður hans í Gutenberg héldu því fram síðar, að hann hefði ekki alltaf haft handrit fyrirframan sig, er hann stóð við setjarakassann. Að hann hafi ekki samið með bleki og penna eins og tíðkast, heldur sett kafla í bókinni óskrifada. Handrit, vandað, er til af Höllu, sem og öðrum skáldsögum hans, hvað sem hæft er í þessu. En það væri eftir Guðmundi að hann hafi kunnað suma kafla utanað og því ekki þurft að fylgja handritinu eins og aðrir prentarar.“

Nú var komið að nýjum kafla í lífi Guðmundar og hann öðlaðist í kjölfarið viðurkenningu sem mesti rithöfundur landsins. Fram að því höfðu íslenskir rithöfundar ekki mikið lagt sig eftir að skrifa skáldsögur. Var það helst Jón Thoroddsen, Torfhildur Hólm og Jónas frá Hrafnagili.

En nú var allur byrjendabragur af íslensku skáldsögunni og því má segja að Guðmundur Magnússon hafi brotið blað í íslensku skáldsagnagerð með útkomu bókarinnar Höllu og næstu bóka. Á þeim tólf árum sem hann lifði eftir að Halla kom út skrifaði hann átta skáldsögur og þá liggja eftir hann níu

smærri sögur. Þekktustu sögurnar voru Halla sem áður er nefnd og síðan komu fjórar sögur í floknum Heiðarbylíð. Og þá má ekki gleyma stórvirkinu Anna frá Stóruborg.

Það er rétt að taka það fram að allan þann tíma sem hann fékkst við skriftir vann hann samhliða sem prentari, auk þess sem hann átti sér fjölmörg áhugamál sem hann stundaði af fullum krafti. Leiklistin var honum alltaf ofarlega í huga og hann málaði leiktjöld fyrir sýningar, lék nokkrum sinnum smærri hlutverk og stundaði sögulegar rannsóknir. Hann elskaði tónlist og keypti sér orgel sem hann lærði sjálfur á. Þá kom hann upp sérlega fallegum garði við heimili sitt að Grundarstíg 15, sem ekki var algengt í þá daga. Guðmundur var líka mjög drátthagur og á ferðalögum teiknaði hann margar myndir úr náttúrunni sem hann lét fylgja ferðapistlum sínum. Er með ólíkindum hvað Guðmundi Magnússyni tókst að afreka á ekki lengri æfi. Guðmundur lést árið 1918 úr spænsku veikinni og var þá nýkominn úr ferð að rótum Kötlu sem þá var að gjósa.

Því má svo bæta við að við urðum aldeilis ekki fyrir vonbrigðum með söguna um hana Önnu frá Stóruborg. Í henni endurspeglast hæfileiki Guðmundar að fanga fortíðina á dramatískan hátt en um leið að spegla samtíma sinn. Í sögunni segir frá ástum alþýðustráksins Hjalta og yfirstéttarkonunnar Önnu og baráttu þeirra við samfélagið og sterku öflin. Er sagan byggð á heimildum og munnmælasögum.

Heimildir:

- Karlssonur vinnur konungsríki – Grein eftir Sigurð Sigurmundsson í Hvítárholti – Birtist í Morgunblaðinu fimmtudaginn 12. maí 1983.
- Skáldsagnahöfundurinn sem setti bækur sínar sjálfur – Grein eftir Valtý Stefánsson – Birtist sunnudaginn 10. desember árið 1939.

Bryggjan brugghús

ÁHERSLA LÖGÐ Á FERSKT HRÁEFNI OG GÆÐABJÓR



Bryggjan brugghús er veitingastaður, bar og brugghús við Reykjavíkurbær og er lögð áhersla á ferskt hráefni og gæðabjór af ýmsum tegundum. Bryggjan brugghús getur tekið á móti allt að 280 gestum og er opin frá 11:00 til 01:00 alla daga vikunnar.

Bryggjan Bistro býður upp á fjölbreyttan og vandaðan matsæðil þar sem áhersla er lögð á ferskar sjávarafurðir, veiddar við strendur Íslands, auk hefðbundinna rétta sem Margrét Ríkharðsdóttir matreiðslumeistari hefur valið af kostgæfni.

„Við erum líka með kjöt beint frá býli; bæði nautakjöt og lambkjöt,“ segir Elvar Ingimarsson markaðsstjóri.

„Matsæðillinn er frekar nýstárlegur miðað við íslenska veitingahúsaflóru. Rækjurnar sem við erum með eru t.d. bornar fram í skelinni og við erum með nokkra aðra rétti sem fólk hefur kannski ekki séð áður á Íslandi. Við erum t.d. með makríl á beini og nautin, sem nautakjötið er af og kemur frá Sogni í Kjós, éta í rauninni hratíð úr brugghúsinu þannig að þetta eru hálfgerð Kobe naut nema það er ekki búíð að nudda þau upp úr bjór.“

Þess má geta að bláskelin er eins fersk og hægt er en hún er geymd lifandi í kórurum og hefur því aldrei verið fryst þegar gestir Bryggjunnar fá hana á diskinn. Lögð er áhersla á nokkra sérstaka rétti í desember. „Við erum með þrjár leiðir í boði varðandi jólamatsæðilinn. Það eru „Bryggjujól“, „Litlu jólin“ og „Smakk og 3 jólabjórar“. „Bryggjujól“ samanstendur m.a. af sinnepssíld og rúgbrauði, grenireyk-

tum laxi, ferskrækjukokteil í sítrus, heitreyktri andabringu og ostabakka með hindberjasultu og piparkökum.

BAR & BRUGGHÚS

Elvar segir að á staðnum sé metnaður fyrir því að framleiða og bjóða upp á fjölbreytt úrval ýmissa veiga. Barinn statar af 12 bjórdælum sem veita bjór beint úr brugghúsinu og sérsníðaður vínskápur heldur auðugu vínsafni staðarins í fullkomnu hitastigi.

Bruggmeistari staðarins, Bergur Gunnarsson, er lærður bruggmeistari og bruggar bjórinn og koma fjórar tegundir af aðaldæluinni.

„Humlana kaupum við frá Bandaríkjunum og maltið kemur frá Þýskalandi þannig að við notum eingöngu úrvals hráefni í bjórinn sem kemur mjög vel út.“

Hann fer ekki á kúta heldur beint úr tankinum á dæluna en þannig helst ferskleikinn betur.

Svo ætlum við að gera tilraunir með alls konar nýjar tegundir og í desember munum við tappa einhverjum tegundum á gler og selja í vínbúðum ÁTVR.“

Bruggsalurinn rúmar um 100 manns í sæti og hentar hópum vel fyrir ýmis tækifæri. Hægt er að loka salnum með fallegum tjöldum og þar má finna skjávarpa og öll helstu nútímabægingi sem hópar kunna að nýta sér við veisluhald jafnt sem fundi.

Hanna Stína innanhússarkitekt á heiðurinn afhönnun staðarins sem er í senn bæði hlýlegur og hrár. Byggja á bryggju fyrir utan staðinn sem tengist bryggjunni fyrir framan Sjóminjasafnið og er gert ráð fyrir að gestir staðarins geti setið úti þegar veður er gott.



REYKVÍSKIR VEITINGASTAÐIR SEM BJÓÐA UPP Á LJÚFFENGA *vegan- og grænmetisrétti*

Ísland kann að vera þekkt fyrir fisk og lambakjöt en fólk sem borðar ekki kjöt getur glaðst yfir því að vaxandi fjöldi veitingastaða býður upp á gómsæta vegan- og grænmetisrétti af öllu tagi. Í reynd hefur aldrei verið auðveldara fyrir veganfólk og grænmetisætur að finna góða veitingastaði í Reykjavík. Mörg kaffi- og veitingahús hafa á boðstólum vegan- og grænmetisrétti og flestir staðir koma til móts við gesti jafnvel ef slíkir réttir eru ekki á matseðlinum.



Fólk getur valið um fjölmarga vegan staði sem nota ferskt, íslenskt hráefni og uppfylla kröfur fólks um sérstakt mataræði. T.d. geta þeir sem eru að leita eftir einhverju frumlegu og ekki bara öðrum grænmetisborgara, heimsótt AALTO Bistro og gætt sér á frábærum graskersborgara. Kryddlegin Hjörtu og Kaffi Garðurinn bjóða upp á sumar af ljúffengustu súpum landsins, og Nepalese Kitchen er með á boðstólum vel kryddaða vegan rétti. Vertu viss um að eiga pláss fyrir eftirrétt á Eldur og Ís þar sem boðið er upp á gómsætar vegan crepes eða á Hafis sem býður upp á fyrsta flokks vegan ís. Þetta er frábær tími til að vera vegan í Reykjavík!

AALTO Bistro

AALTO Bistro er glæsilegur veitingastaður þekktur fyrir nýnorræna matargerðarlist. Nafntogaði kokkurinn Sveinn Kjartansson útbýr frumlega rétti með ferskum, íslenskum hráefnum og veitir veitingastaðnum forystu, en hann er staðsettur í Norræna húsinu. Sveinn kappkostar að bjóða upp á matseðil við allra hæfi og uppfyllir kröfur gesta með sérstakt mataræði.

Í boði er fjölbreyttur matseðill með kjötlausum réttum og vegan réttum, þ.m.t. graskersborgari borinn fram á heimagerðu hrökkbrauði með bakaðri kartöflu, kasjúhnetupestó, stökku grænkáli og fersku salati. Meðal grænmetisréttanna er brokkólíbaka

borin fram með valhnetum, geitaosti og fersku salati; gráðostabaka með trönu-berjum, graskersfræjum og fersku salati; og kúrbíts-kryddjurta fritatta með snöggsteiktu grænmeti, fikjuchutney og súpusnaps.

Heimsæktu þessa fallegu byggingu, sem hönnuð var af Finn Alvar Aalto, og prófaðu það besta í matargerðarlist þjóðarinnar.

www.aalto.is

Nepalese Kitchen

Þægilegi veitingastaðurinn Nepalese Kitchen við Laugaveg er algjör gimsteinn í veitingahúsaflöru Reykjavíkur. Þegar gengið er inn á staðinn mætir manni ilmur af dýrindis framandi kryddum ásamt vinalegum móttökum eiganda staðarins, Deepak Panday. Deepak, sem er fæddur í Nepal og hefur búið á Íslandi í um 10 ár, elskar að framreiða mat fyrir bæði ferðafólk og íbúa bæjarins.

Réttirnir, sem útbúnir eru af Deepak og eiginkonu hans, eru fullkomlega kryddaðir og allar kröfur um sérstakt mataræði eru uppfylltar, þ.m.t. fyrir vegan fólk og grænmetisætur. Allir réttir



LAND & SAGA

eru búnir til frá grunni fyrir hvern gest veitingahússins og komið er til móts við óskir um að sleppa ákveðnum hráefnum. Matseðillinn er fjölbreyttur og það er erfitt að velja einungis einn rétt! Í boði eru vegan- og grænmetisréttir með bæði léttum og ríkulegum sósam. Meðal rétta á matseðlinum eru kjúklingabaunir eldaðar með kryddjurtum og fersku kóríander; spínat og kartöflur eldað í kryddjurtum með ljúffengri masala sósu; kasjúhnetur eldaðar með rauðum pipar, lauk, tómötum, engifer, hvítlauk og sérstökum kryddjurtum; og sígildur nepalskur grænmetisréttur með kartöflum, bambussprotum og kúabaunum. Um er að ræða frábært úrval af gómsættum réttum!

Laugavegur 60A, 101 Reykjavík
517 7795

www.nepalesekitchen.is

Kryddlegin Hjörtu

Veitingastaðurinn Kryddlegin Hjörtu býður upp á ferska rétti úr íslensku hráefni í hjarta miðbæjarins. Eigendurnir völdu nafnið vegna þess að þeir lögðu hjarta sitt og sál í að útbúa máltíðir með



bestu hráefnum sem landið hefur upp á að bjóða. Þessi þægilegi veitingastaður býður upp á holla og ljúffenga rétti af ýmsu tagi og helga eigendurnir sig því að nota ferskt úrvals hráefni frá bændum. Staðurinn leggur metnað sinn í að bjóða upp á fyrsta flokks súpu- og salatbar þar sem m.a. má finna salsa-, villisveppa- og gulrótasúpu.

Meðal vegan- og grænmetisréttanna á matseðlinum eru grænmetislasagna borð fram með brauði og hummus; hnetusteik með vegan villisveppasósu, kúskús og rauðrófu eða eplasalati; og grænmetis-fajitas. Kokkurinn mætir kröfum um sérstakt mataræði og getur skipt út kjöti eða osti í réttum þegar óskað er eftir því. Komdu við á huggulega veitingastaðnum Kryddlegin Hjörtu og njóttu afbragðs máltíðar úr fersku íslensku hráefni.

Hverfisgata 33, 101 Reykjavík
588 8818

<http://www.kryddleginhjortu.is/english>

Hafís

Ís nýtur ótrúlegra vinsælda hjá Íslendingum og lætur fólk eftir sér að kaupa ís allan ársins hring, jafnvel í verstu veðrum. Í Hafnarfirði er að finna frábæra ísbúð sem vert er að heimsækja. Ísbúðin mætir kröfum þeirra sem neyta ekki mjólkurafurða með góðu úrvali af vegan ís og ítölskum ís. Hafís býður upp á a.m.k. þrjár vegan bragðtegundir á hverjum tíma og í boði er allskyns góðgæti ofan á ís í brauðformi eða boxi. Allur ís og meðlæti er gert úr fyrsta flokks hráefni og ekki eru notuð nein litar- eða gerviefni.

Eigandi Hafís ferðaðist til Ítalíu áður en hann opnaði búðina til að kynna sér framleiðsluaðferðir og hráefni sem notuð eru í ítalskan ís og hefðbundinn ís. Hver bragðtegund er útbúin með vandlegum hætti. Ein af vinsælustu vegan bragðtegundunum er Tyrkisk Peber, sem margir Íslendingar elska og ferðafólk er forvitnið um. Ísbúðin hefur hlotið frábæra dóma fyrir vegan ísinn sinn, sem er ekta

ís og ekki sorbet. Allur ís sem Hafís selur er glútenlaus og hentar því fólki með glútenþol.

Bæjarbraun 2, Hafnarfjörður

437 0000

www.hafis.is



Kaffi Garðurinn

Kaffi Garðurinn er lítið kaffihús staðsett á Klapparstíg í hjarta borgarinnar. Gestir staðarins geta valið úr fjölbreyttu úrvali gómsætra vegan- og grænmetisréttanna. Þetta notalega kaffihús hefur verið í upphaldi meðal bæjarbúa og ferðafólks í meira en áratug. Íslensk hráefni eru notuð eins og kostur er og ljúffengir réttirnir eru ferskir og frumlegir. Andrúmsloftið er þægilegt og rólegt og allt starfsfólkið leggur stund á hugleiðslu

með hinum virta kennara Sri Chinmoy. Þau leggja áherslu á að skapa róandi umhverfi fyrir viðskiptavinum sem er innblásið af hugmyndafræði Sri Chinmoy um þjónustu.

Matseðill kaffihússins breytist reglulega en þar má finna rétti á borð við grænmetis- og chilisúpu, súpu með rauðum linsubaunum, súrsæta Texas súpu, gríska spínatsúpu, mexíkóska súpu og tyrkneska baunasúpu. Allar súpurnar eru vegan og án glútens og eru smekkkfullar af ferskum og bragðgóðum hráefnum. Meðal annarra rétta má nefna snöggsteikt blómkál með indversku kryddi, spínat lasagna, jarðhnetukássu, grænmetiskarrí og möndluhleif. En vertu viss um að eiga pláss fyrir eftirrætt þar sem að boðið er upp á úrval af vegan kökum og hrákökum ásamt öðru góðgæti.

Klapparstígur 37, 101 Reykjavík

561 2345

www.kaffigarðurinn.is

Eldur og Ís

Svo kann að virðast sem gómsætar crepes henti illa vegan fólki en svo er ekki hjá Eldur og Ís. Þessi frábæra ísbúð er með crepe bar þar sem boðið er upp á allskyns góðgæti, og eru kröfur um sérstakt mataræði uppfylltar. Gestir geta valið um allt frá ferskum ávöxtum eins og banönum og berjum til súkkulaðisósu og annarra sætinda. Boðið er upp á glúten- og laktósfria vegan crepe sem sannarlega gleður bragðlaukana. Vegan crepes eru gerðar úr bókhveiti og hrísgrjónum og meðal þess sem velja má ofan á þær er vegan súkkulaði og ávextir.

Á boðstólum er ís úr vél og ítalskur ís með sígildum bragðtegundum eins og vanillu, súkkulaði og jarðarberjum en einnig má velja kaffi, pistasíur og fjölmargt annað. Þetta fjölskyldufyrirtæki er orðinn fastur punktur í bæjarlífinu og frábær staðsetning, vinalegt starfsfólk og gott orðspor hafa gert staðinn að upphaldi meðal bæjarbúa og ferðafólks. Inni í ísbúðinni eru sófar og hægindastólar þannig að þægilegt er að slappa af og njóta þess að fá sér crepe, ís, heitt súkkulaði eða kaffi.

Skólavörðustígur 2, 101 Reykjavík

<https://www.facebook.com/eldurog>

571 2480



NÝR VEFUR FYRIR FRAMHALDSSKÓLANEMA

Umræða um menntun hefur að undanförunu farið nokkuð hátt í samfélaginu og því miður hefur áherslan oft snúið að neikvæðum þáttum þessa mikilvæga málaflökks. En það er einnig mjög nauðsynlegt að tala um það sem jákvætt er og vel er gert því þar er líka af mörgu að taka. Þar má t.a.m. nefna alla þá áhugasömu og góðu kennara sem vinna langt umfram lögbundinn vinnutíma til að styðja nemendur og flott ungmenni sem vilja búa til betra samfélag og þar fram eftir götunum. Það er svo sannarlega nóg af góðum efnivið á

Íslandi; það þarf bara að byggja betur í kringum þann efnivið svo að allir fái að njóta sín. Þá mun árangurinn fljótt skila sér.

Á ferð okkar um netvegi fyrir nokkru rákumst við á nýja vefsíðu sem ber einfaldlega heitið framhaldsskóli.is. Var forvitni okkar strax vakin og eftir að hafa skoðað það sem okkur var heimilt á síðunni, því þetta er áskrifarvefur, ákváðum við að hafa samband við þá sem standa að síðunni og spyrja þá út í hana. Fyrir svörum varð Ingólfur Kristjánsson ritstjóri vefsíðunnar, en hann er einnig eigandi hennar ásamt Jökli Sigurðssyni.

Við byrjum á því að spyrja Ingólf hvers konar vefur framhaldsskóli.is sé.

- Framhaldsskóli.is er fyrst og fremst stuðningsvefur fyrir framhaldsskólana og kennara ef út í það er farið. Þetta er áskrifarvefur sem kostar einungis 1490 kr. á mánuði fyrir einstaklinga og eitthvað meira fyrir skóla.

Og hvað geta þessir aðilar sótt á vefinn?

- Á vefnum er fjölbreytt úrval af efni sem getur nýst með ýmsu móti. Við bjóðum upp á stuðning við ákveðnar kennslubækur, kennslu í ákveðnum greinum s.s. stærðfræði, stafsetningu og íslenski málfræði. Spyrillinn er einn stærsti pósturinn en hann samanstendur annars vegar af gagnvirkum fjölvalsspurningum úr völdum námsbókum til að þjálfra kunnáttuna og festa í minninu og þematengdum spurningum þar sem við einbeitum okkur að gagnlegum atriðum í náminu án þess að eyrnamerkja það ákveðinni bók.

Þá bjóðum við upp á myndbandsskýringar í stærðfræði þar sem farið er yfir aðferðir í stærðfræðinni í stuttum fimm mínútna myndböndum. Svo geta áskrifendur nálgast mikinn fjölda af raðbókum og hljóðbókum, sem geta nýst með ýmsu móti, eins og þegar velja á kjörbækur. Við höfum lagt mikla vinnu í að hafa allt efnið aðgengilegt og auðskilið og gert það þannig

og stærðfræðiskýringarnar. Þá er töluvert farið inn í málfræðina og stafsetninguna. Og svo eru nokkrir sem nýta sér hljóðbækurnar og raðbækurnar sem mér finnst sérstaklega skemmtilegt.

Hvernig stóð á því að þið fóruð út í að gera þennan vef?

- Þannig er mál með vexti að við Jökull höfum nú í sextán ár rekið vefinn Skólavefurinn.is með góðum árangri. Það er vefur fyrir grunnskóla og grunnskólánemendur þar sem bæði er boðið upp á heildstætt námsefni og stuðningsefni í flestum námsgreinum.

Margir áskrifendur sem höfðu nýtt sér Skólavefinn fóru þess á leit við okkur að við fylgdum þeim upp í framhaldsskólann og okkur var ljúft að gera það, en vissulega útheimtir þetta mikla vinnu þar sem áherslur framhaldsskólans eru að mörgu leyti ólíkar þeim í grunnskólunum. Það þurfti líka að fá kennara á framhaldsskólástigi til að vinna efnið og þar fram eftir götunum. En fyrst og fremst er vefurinn tilkominn vegna þess að margir kölluðu eftir honum og þá er enginn sambærilegur vefur til fyrir framhaldsskóla sem er náttúrulega ekki nógu gott.

Og hvernig hafa svo móttökurnar verið?

Þær hafa farið fram úr okkar björtustu vonum. Það verður að segjast eins og er. Þrátt fyrir að við höfum lítið sem ekkert auglýst vefinn hafa nemendur einhvern veginn þefað hann uppi. Skólarnir virðast líka vera áhugasamir en við erum þessa dagana að kynna hann fyrir skólum og hafa viðbrögðin bara verið jákvæð. Það hjálpar líka til að við reynum að hafa áskrifarverðið lágt þannig allir geti gerst áskrifendur.

Við þökkum Ingólfi greinargóð svör og óskum honum og vefnum hans velfarnaðar um leið við hvetjum alla til að kynna sér þessa jákvæðu nýjung.

-JG



úr garði að það henti öllum tækjum og tölum sem í gangi eru, hvort sem það eru fartölvur, spjaldtölvur eða símar. Þá er rétt að geta þess að nýtt efni kemur inn á vefinn tvisvar í hverri viku, venjulega á þriðjudögum og fimmtudögum og þannig byggjum við upp vefinn hægt og hljótt.

Auk þess geta nemendur sótt nokkrar kennslubækur á vefinn s.s. Njálu, Eglu, Snorra-Eddu og fleiri bækur þar sem unnið er með þær heildstætt. Þá er hægt að nálgast bókina í ólíkum útgáfum allt eftir

því hvað hver og einn vill. Ein útgáfan er það sem við köllum vefútgáfa en þar geta nemendur nálgast gagnvirkar skýringar úr bókinni. Í slíkum tilfellum geta nemendur sleppt því að kaupa bókina og notað hana bara af vefnum. Í ofanálag geta þeir hlustað á bókina upplestna. Þannig geta þeir sparað með áskriftinni.

Og hvað er það sem nemendur nýta sér helst af þessu efni?

- Spyrillinn er þessa stundina vinsælastur



INGÓLFUR KRISTJÁNSSON, RITSTJÓRI OG AÐALSTEINN J. MAGNÚSSON, AÐSSTOÐARRITSTJÓRI.

Le Bistro

SÍGILD FRÖNSK MATARGERÐARLIST Í HJARTA REYKJAVÍKUR

Að fá sér göngutúr eftir Laugaveginum er ávallt skemmtilegt og má þar finna verslanir með öllu frá minjagripum til þess nýjasta í íslenskum tískuvörum. Þeir sem vilja fá sér í svanginn geta valið um ótal veitingastaði en einn mjög áhuga-verður kostur sker sig úr—Le Bistro.

GAMALGRÓIN HEFÐ KEMUR TIL ÍSLANDS

Le Bistro fetar í fótspor bistro veitingastaða í París sem komu fyrst fram á sjónarsviðið snemma á 19. öld.

Í Frakklandi bera slíkir veitingastaðir gjarnan fram ríkulegan heimilismat í óformlegu umhverfi og Le Bistro hefur í heiðri þessa sígildu hefð í miðborg Reykjavíkur. Á matseðlinum má finna marga vel þekkta pottrétti, eins og navarin d'agneau (lambapottréttur), boeuf bourguignon (nautapottréttur), og coq au vin (kjúklingapottréttur)—hægeldaðar úrvals máltíðir sem eru fullkomnar á köldum degi í Reykjavík. Og síðan eru það sígildir og gómsætir réttir á borð við soupe á l'oignon (lauksúpa), confit de canard (andalæri) og saumon rôti à l'alsacienne (steiktur lax). Fáðu þér vín úr frábæru úrvali staðarins af innfluttum vínnum eða prófaðu diablo menthe eða panaché (bjór með límonaði) til að lyfta þér upp—c'est très français.

EFRI HÆÐIN

Le Bistro býður upp á fondue-veislu og raclette-veislu í huggulegum „svissneskum fjallakofa“ á annarri hæðinni. Hvort sem

þú velur osta-, kjöt- eða súkkulaðifondue (eða allt þrennt) eru þessir sígildu svissnesku réttir tilvaldir þegar fagna á sérstöku tilefni með vinum. (Ath. bóka þarf með eins dags fyrirvara.)

SKILDU EFTIR PLÁSS FYRIR EFTIRRÉTT

Ofnbakaður Camembert ostur með hunangi og hnetum borinn fram með sætu víni, dýrindis mousse au chocolat, „skyrámisu“ (tiramisu gert úr íslensku skyri) og himneskt crème brûlée eru meðal frábærra eftirréttanna sem setja sannarlega punktinn yfir i-ið.

LE BRUNCH ET LE PETIT DÉJEUNER

Le Bistro býður einnig upp á morgunverð á hverjum degi frá 9:00 til 11:30 og brunch frá 9:00 til 14:00. Þú getur valið um íslenskan, franskan eða enskan brunch ásamt heilsubrunch, og vertu viss um að grípa með þér heim nýbakaða croissants eða pain au chocolat úr bakaríi staðarins.

Skelltu þér á Le Bistro á horni Klapparstígs og Laugavegar og njóttu þess besta í franskrum matargerðarlist. -EMV

Le Bistro

Laugavegur 12

101 Reykjavík

551 5979

www.lebistro.is

lebistro@lebistro.is



SUÐVESTURLAND



Reykjanes

HLUTI AF EINSTÖKU NETVERKI UNESCO JARÐVANGA

„Það er búið að ganga vel í sumar. Bæði gististaðir og afþreyingarfyrirtæki láta vel af sér. Það hefur verið aukning á flestum stöðum og fólk sem starfar innan greinarinnar hér fer inn í veturinn með jákvæðum huga,“ segir Þuríður Halldóra Aradóttir. Hún veitir Markaðsstofu Reykjanes forstöðu. Starfssvæði Markaðsstofu Reykjanes nær yfir Reykjaneskagann.

„Það er nú svo að þrátt fyrir að bæði Keflavíkurflugvöllur og Bláa lónið séu á Reykjaneskaga þá erum við að vissu leyti frekar nýr áfangastaður fyrir ferðamenn sem koma hingað til lands. Reykjanes hefur þó upp á margt einstakt að bjóða.“



ÞURÍÐUR HALLDÓRA ARADÓTTIR

JARÐVANGSVOTTUN UNESCO

Markviss vinna við að byggja upp ímynd Reykjanes sem ferðamannaperluerfarin að skila góðum árangri. „Fólk er nú farið að stoppa hér lengur og skoða sig um. Samhliða því hefur orðið uppbygging á áfangastöðum í tengslum við það að Reykjanes hlaut í nóvember á síðasta ári vottun UNESCO – Menningar- málastofnunar Sameinuðu þjóðanna

sem alþjóðlegur jarðvangur eða svonefndur Global Geopark,“ segir Þuríður. Þetta þýðir að Reykjanes jarðvangur er nú aðili að UNESCO jarðvangsáætluninni UNESCO Global Geoparks. Þetta felur í sér alþjóðlega viðurkenningu á að Reykjanes búi yfir einstökum jarðminjum, landslagi og menningu.

Jarðvangar UNESCO eru samstarfsverkefni íbúa og sveitarfélaganna, fræðasamfélagsins og náttúrutengdra fyrirtækja sem vinna sameiginlega að því að byggja sterkara samfélag á gildum



LAND & SAGA

menntunar, verndar og nýtingar merkra jarðminja, menningarminja og náttúru. Aðild að UNESCO áætluninni færir mikil tækifæri í markaðssetningu fyrir svæðin enda gerðar strangar kröfur til aðildarfélaga. Í dag eru alls 120 slíkir jarðvangar sem tilheyra UNESCO víða um heim. Aðeins tveir þeirra eru á Íslandi, Reykjanes jarðvangur og svo Katla jarðvangur á Suðurlandi.

EINSTÖK JARÐFRÆÐISAGA

Reykjanes jarðvangur nær yfir land fimm sveitarfélaga; Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ, Garð og Voga. „Við höfum skilgreint 55 staði á Reykjanesi sem eru merkilegir út frá jarðsögulegu tilliti. Það eru jarðminjar sem sýna hluta af jarðsögunni. Hér er eini staðurinn í heiminum þar sem Mið-Atlantshafshryggurinn kemur upp úr hafi og á mjög afmörkuðu svæði getum við sýnt virkni jarðflekaskilanna

sem mynda hrygginn. Hérna sjást þau mjög vel. Afleiðingar þeirra eru síðan hraunið og jarðhitinn. Við getum vísað til staða eins og Gunnuhvers sem er afleiðing flekaskilanna og jarðhræringa sem tengjast þeim. Hugmyndafræði jarðvanga UNESCO snýr líka að því að segja frá því hvernig mannlegt samfélag lifir við þessar aðstæður. Þar má nefna sögur og sagnir frá fyrri tímum,“ útskýrir Þuríður. Með því síðastnefnda er þannig dregið fram hvernig jarðsagan hefur haft áhrif á þróunarsögu mannlífs og annars lífríkis á svæðinu.

STRANGAR KRÖFUR

Markmið jarðvanga er að bæta þekkingu, viðhorf og verndarstöðu jarðminja á svæðunum. Heimamenn eru hvattir til nýta arfleifðina á sjálfbæran hátt til fræðandi ferðaþjónustu sem byggir á náttúru og menningu svæðisins. Þá hvetja jarðvangar til

nýjunga í náttúrutengdri sköpun og til að draga fram og viðhalda menningararfleifð svæðanna.

Heildrænt skipulag jarðvangs þarf að taka tillit til sjálfbærrar nýtingar og vinna að bestu aðferðum til uppbyggingar í sátt við náttúruna. Þetta gerir miklar kröfur varðandi uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu. „Við byggjum upp innviðina. Jarðvangsvottunin sætir stöðugu eftirliti af hálfu UNESCO þar sem uppfylla verður ýmis skilyrði. Það verður að fylgja ákveðnum ferlum og standast gæðakröfur.“

Þuríður segir að undanfarið hafi til dæmis verið unnið að því innan jarðvangsins að lagfæra bílastæði, bæta aðgengi og byggja upp ný við nýja og áhugaverða áfangastaði svo sem við Brimketil. „Nýir og spennandi afþreyingamöguleikar og veitingastaðir eru síðan að koma inn svo sem á Garðskaga. Þar er búið að endurbyggja gamla

vitann að innan, verið er að stækka veitingastaðinn í byggðasafninu og endurnýja sýningar þar. Með þessari stefnu er Garðskagi orðinn að áfangastað ferðamanna. Það er líka verið að ljúka byggingu hótels í Garði sem opnar í vetur. Það er mikil gróska og gott hljóð í fólki.“

VÍÐTÆK SAMVINNA

Stefnan er skýr. Það er að byggja upp ferðaþjónustu á Reykjanesi með jákvæðum hætti í anda jarðvangastefnu UNESCO. „Það sem við viljum gera öðrum þræði er að hægja aðeins á fólki svo það stoppi lengur við hjá okkur. Til að gera þetta þarf að byggja upp hluti á borð við salernisaðstöðu. Við sjáum vel þar sem þetta skortir svo sem við Reykjanesvita að fólk stoppar stutt þar einmitt vegna þessa. Umferðin er þó í sjálfu sér ágæt. Við erum að fá að meðaltali yfir sumartímam um 1.300 manns daglega

út á Garðskaga og um 700 manns að Reykjanesvita. Þetta eru bæði Íslendingar og útlendingar. Dreifingin yfir dagnn er síðan það mikil og góð að maður verður ekki mikið var við þessa umferð.“

Ferðaþjónustuaðilar á Reykjanesi taka virkan þátt í því að viðhalda og bæta Reykjanes sem UNESCO-jarðvang. „Bláa lónið er hluti af jarðfangsverkefnum. Fyrirtækið hefur styrkt uppbyggingu á öðrum ferðamannastöðum á Reykjanesi, svo sem á bílastæðum. Bláa lónið er einnig með hótélrekstur og auðvitað sér fyrirtækið sér hag í því að byggja upp innviði kringum áfangastaði ferðamanna á Reykjanesi svo hægt sé að sýna þeim slíka staði. Það eykur líkur á að fólk dvelji lengur á hótelinu. Fyrirtæki á Reykjanesi hafa sýnt góðan vilja til að taka þátt í uppbyggingu með þessum hætti.“

Þau hjá Markaðsstofu Reykjanes sinna einnig fleiri verkefnum. „Eitt af því sem við bjóðum upp á er að veita yfirsýn

yfir staði á svæðinu sem bjóða upp á aðstöðu fyrir fundi og ráðstefnur. Það er spurt eftir slíkri þjónustu einmitt vegna þess að Reykjanes hefur nálægð bæði við alþjóðaflugvöllinn og höfuðborgarsvæðið. Hér eru margir möguleikar,“ segir Þuríður Halldóra Aradóttir. -MPH



VESTURLAND



BJARTSÝNI OG SÓKN Í FERÐAÞJÓNUSTU Á VESTURLANDI

Ferðaþjónustan á Vesturlandi er í góðri sókn. Ráðist hefur verið í uppbyggingu og miklar fjárfestingar víða í landshlutanum. Kristján Guðmundsson er forstöðumaður Markaðsstofu Vesturlands sem hefur aðsetur í Borgarnesi. Markaðsstofan sinnir markaðsmálum fyrir ferðaþjónustuna í landshlutanum. „Umferð ferðamanna inn á Vesturland er alltaf að aukast. Það hefur gerst samhliða eða í kjölfar þess að þjónusta við ferðamenn í landshlutanum er alltaf að batna og möguleikunum fjölgar,“ segir Kristján Guðmundsson.



KRISTJÁN GUÐMUNDSSON

GÓÐ TRÚ Á SVÆÐINU

Sem dæmi um nýlega uppbyggingu í Borgarfirði nefnir Kristján íshellinn í Langjökli, endurbætur í aðgengismálum við hellinn Víðgemli og hótél í Húsafelli og áfram mætti telja. „Mörg ferðaþjónustufyrirtæki í Reykjavík eru nú farin að bjóða upp á dagsferðir í Borgarfjörð. Þetta hjálpar við að byggja grunn

undir ferðaþjónustu sem starfar allt árið auk þess að styrkja staði á borð við nýtt veitingahús og hótél í Húsafelli.

Það er líka veitingastaður hjá Brúarási og svo er náttúrubaðstaðurinn Krauma að fara að opna við Deildartunguhver. Uppbygging á sér einnig stað í Borgarnesi. Þar opnuðu þrjú veitingastaðir og

eitt kaffihús í sumar. Nú er verið að reisa þar nýtt hótél. Það hefur líka verið ágætur vöxtur á Snæfellsnesi. Fosshótél keyptu tvö hótél þar í sumarbyrjun, það er á Hellnum og í Stykkishólmi. Það er augljóst að stórir íslenskir ferðaþjónustuaðilar hafa trú á svæðinu. Við þurfum hins vegar að fara að byggja betur upp í kringum okkar helstu náttúruperlur.“

FJÖLMÖRG FÖST VERKEFNI

Kristján Guðmundsson segir að við þessi skilyrði sé í nægu að snúast hjá Markaðsstofu Vesturlands. „Við höfum sinnt okkar föstu póstum sem eru útgáfumálin. Það er bæði útgáfa á handbók og borðkorti. Auk þessa erum við í sérverkefnum.

Þar höfum við meðal annars verið að vinna að því að koma okkur upp nýju safni af ljósmyndum frá Vesturlandi sem teknar eru um vetrartímann. Þetta endurspeglar skemmtilega breyttan veruleika í ferðaþjónustunni. Hingað til hefur mest verið horft til þess að markaðssetja Ísland um sumartímann og nota þá myndefni sem aflað er þá. Nú er hins vegar líka farið að selja Íslandsferðir um vetrartímann. Viðsáum fljótt að þarna var eins konar gat hjá okkur þegar kom að myndefni. Við höfum unnið að úrbótum í þeim efnum. Það háir okkur þó aðeins að við höfum ekki beint fjármagn til þessa. Það þarf því alltaf að vera að búa til sérverkefni í kringum þetta og sækja síðan um styrki. Þetta hindrar okkur aðeins í því sem við getum gert.“



Auk þessa nefnir Kristján aðra liði svo sem þátttöku í kaupstefnum. „Það er bæði Vest Norden-kaupstefnan sem haldin er árlega sitt á hvað á Íslandi og Grænlandi og einnig Mid Atlantic-kaupstefnan sem haldin er árlega hér á Íslandi.“

STEFNUMÓTUNIN ER MIKILVÆG

Til viðbótar þessum föstu liðum vinnur Markaðsstofa Vesturlands nú að stóru verkefni sem heyrir undir sóknaráætlun Vesturlands. Markmið sóknaráætlunar er að ráðstafa þeim fjármunum sem varið er af ríkinu til atvinnu-, byggða- og menningarmála á Vesturlandi í samræmi við stefnu sem landshlutinn mótar sjálfur á þessum sviðum. Ferðamálin heyra að sjálfsögðu undir þetta. Kristján lýsir þessu verkefni: „Það ber titilinn „Efling ferðaþjónus-

tu á Vesturlandi“ og skiptist í tvennt. Í fyrsta lagi er það efling á markaðsstarfi ferðaþjónustu á Vesturlandi þar sem við erum meðal annars að gera kynningarmyndbönd. Í framhaldi af því munum við sækja vinnustofur í Kanada og Bandaríkjunum í októbermánuði. Hinn hluti verkefnisins snýr að stefnumótunarvinnu fyrir ferðaþjónustu á Vesturlandi. Við fórum af stað með þetta áður en Stjórnstöð ferðamála hóf svipað verkefni sem kallast á ensku Destination Management Plan, skammstafað DMP. Við settum því okkar hluta á bið meðan DMP-verkefnið kæmist á skrið. Stjórnstöð ferðamála hefur ráðið til sín skoskan ráðgjafa sem hefur unnið mörg slík verkefni. Vinnan við DMP-verkefni hefst á næsta ári.“

Kristján segir að á Vesturlandi sé nú



mikið horft til frekari uppbyggingar í greininni. Stefnumótunarvinnan muni síðar nýtast til að mynda sveitarfélögunum þegar þau sækja um styrki til uppbyggingar ferðamannastaða til framtíðar. Þau muni þá getað vísað til þessarar stefnumótunarvinnu þar sem staðir eru meðal annars tilgreindir. „Heilt yfir erum við bjartsýn á framtíðina,“ segir Kristján Guðmundsson forstöðumaður Markaðsstofu Vesturlands. -MPH



ÓKEYPIS NETAÐGANGUR FYRIR ALLA FERÐAMENN SEM SÆKJA STYKKISHÓLM HEIM

Stykkishólmur hefur ekki farið varhluta af fjölgun ferðamanna á Íslandi. Varla er ofmælt að tala um að þessi vinalegi og fallegi bær við innanverðan Breiðafjörð sem telur alls 1.100 íbúa hafi á síðustu misserum upplifað algert ævintýri í ferðaþjónustu. Hvar sem litið er í „Hólminum“ má sjá ferðamenn á kreiki. Veitingastaðir eru fullir af fólki. „Staða ferðamála er allgóð hér í Stykkishólmi miðað við það hversu margir gestir koma hingað. Það bendir til að bærinn sé vinsæll áfangastaður. Þar kemur margt til. Við erum á þjóðleið samganga við Breiðafjörð og í nágrenni við þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Síðan er margt að sjá hér

hjá okkur í Stykkishólmi. Það er því eftirspurn eftir því að koma hingað,“ segir Sturla Böðvarsson bæjarstjóri.

ATVINNUVEGUR MEÐ STÖRF ÁRIÐ UM KRING

Sjálfur er Sturla fyrrverandi þingmaður til margra ára. Hann gegndi einnig stöðu samgönguráðherra um átta ára skeið frá 1999 til 2007. Sem slíkur var hann æðsti yfirmaður ferðamála á Íslandi. Sturla hefur því ákveðna reynslu og innsýn í málaflokkinn. „Ferðamannstraumurinn hingað í Stykkishólm hefur aukist geysilega mikið. Hið góða er svo að fjölgunin er að dreifast á allt árið. Ferðamenn koma hingað um vetur,

á haustin og um vor. Áður var umferðin mest um hásumarið. En sem betur fer eru viðskipti við ferðamenn allan ársins hring í dag. Vöxturinn er sannast sagna ævintýri líkastur. Þetta gerir ákveðnar kröfur. Við þurfum að vanda okkur.“ Fjölgun ferðamanna kemur sér afar vel



STURLA BÖÐVARSSON

fyrir atvinnulífið í Stykkishólmi. Sturla segir að ferðaþjónustan í bænum hafi á síðustu misserum þróast þannig að nú megi tala um hana sem heilsárs atvinnuveg. „Ég lít svo á að það sé orðið þannig núna. Við hjá Stykkishólmsbæ höfum meðal annars brugðist við með því að hafa söfnin hér í bænum opin yfir veturinn. Við erum að reka saman bæði Vatnasafnið og Eldfjallasafnið og það eru mikil tengsl við Byggðasafnið. Það eru margir sem hafa áhuga á söfnunum okkar. Við trúum því að fólk sé að koma hingað allan ársins hring, ekki bara til að gista, heldur til að kynna bænum, sjá gömlu húsin og virða fyrir sér þessa menningar-sögu sem er á bak við byggðina sem hefur staðið hér allt frá 18. öld.“

MIKIL OG VAXANDI UPPBYGGING

Ör fjölgun ferðamanna reynir óneitanlega á innviðina í ekki stærra bæjarfélagi. Aðspurður hvort framboð á gistirými, veitingum og annarri þjónustu anni slíkri umferð segir Sturla að mestu álags-tímarnir geti sannarlega reynt á. „Núna í ágúst virtist til dæmis allt vera fullt.

Við vorum ekki að anna öllu. Það hefur verið mikil auking í eftirspurn eftir gistaðstöðu í bænum, bæði í heimgistingu og á hótelum. Þó hefur verið bætt úr og gistirýmum fjölgað. Hér er nýlega búið að opna gott hótél þar sem áður var barnheimili Fransiskusustrá. Það er geysilega góð viðbót. Síðan eru hér leigðar út íbúðir á vegum félagasamtaka og svo þessi mikla heimgisting. Nú síðast er svo búið að óska eftir upplýsingum um möguleika á að fá úthlutað lóð fyrir nýbyggju hótels. Við hér hjá Stykkishólmsbæ erum að skoða það og sjáum hvað setur. Það er alveg ljóst að það eru margir að velta fyrir sér fjárfestingum innan ferðaþjónustunnar hér í Stykkishólmi og þá fyrst og fremst í gistirými. Síðan hefur veitingastöðunum hér einnig fjölgað. Þeir eru nú opnir allt árið um kring,“ segir Sturla.

ÓKEYPIS NET OG SAMEIGINLEG HEIMASÍÐA

Sturla segir að það séu fyrst og fremst ferðaþjónustufyrirtækin sjálf sem veiti upplýsingar um það hvað sé í boði fyrir það fólk sem kys að sækja Stykkishólm heim. Stykkishólmsbær er síðan í samstarfi við Markaðsstofu Vesturlands um markaðssetningu á bænum sem áfangastaðar fyrir ferðamenn.

Fjölgun ferðamanna hefur gert kröfur um bætta skilvirkni í upplýsingagjöf til gestanna sem koma alls staðar að úr heiminum. Hér hafa bæjaryfirvöld og ferðaþjónustuaðilar tekið höndum saman um að fara nýjar leiðir. „Nú í upphafi sumars tókum við þá ákvörðun að reka ekki lengur upplýsingamiðstöð þar sem fólk situr og bíður eftir því að spurt sé um einhverja hluti. Í staðinn er opinn þráðaus internetaðgangur sem ferðamenn geta nýtt sér án þess að greiða neitt fyrir það. Ferðaþjónustuaðilar hér í Stykkishólmi settu upp sameiginlega heimasíðu með upplýsingum um það sem í boði er fyrir gesti hér (visitstykkisholmur.is). Ferðamenn fara inn á hana um leið og þeir notfæra sér þennan ókeypis internetaðgang.“

NÝJUNG SEM SLÆR Í GEGN

Með þessari nýjung færa bæjaryfirvöld og ferðaþjónustuaðilar í Stykkishólmi sér í nyt þá staðreynd að flestir fer-

ðamenn í dag eru með snjallsíma sem hæglega má nota til að vafra um á óráviddum internetsins. Sturla segir að Stykkishólmsbær kosti fyrir sitt leyti reksturinn á þessu netsambandi. Upphæðin sem fer í það er óveruleg samanborið við ávinninginn og hagræðið, auk þess sem stórfé sparast árlega með því að nú þarf ekki lengur að halda opinu upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn. „Þetta er algerlega ný braut sem við höfum rutt hér í Stykkishólmi. Þetta hefur gefist vel. Inn á þetta netsamband fara fleiri hundruð manns á hverjum degi. Fólk tyllir sér hér niður og rýnir í netið.

Við ætlum að halda þessu áfram, læra af reynslunni sem við höfum fengið nú í sumar og þróa betur þessa sameiginlegu heimasíðu með fleiri upplýsingum til ferðamanna og leita frekara samstarfs við þá sem best þekkja til í þessari markaðssetningu. Ég met það svo að þetta sé framtíðin. Nútíminn hefur hafið innreið sína hér í Stykkishólmi hvað þetta varðar,“ segir Sturla Böðvarsson bæjarstjóri.

-MPH



SNÆFELLSJÖKULL ER VIRKT ELDFJALL ÁN EFTIRLITS

„Ísland er mikið eldfjallaland og það mun halda áfram að gjósa á Íslandi. Stóra spurningin er hvort þessi hefðbundnu þekktu íslensku eldfjöll gjósi næst eða hvort það gjósi á nýjum stað sem menn hafa talið að væri ekki virkt gossvæði. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að slíkt gerist oft á Íslandi. Sjáum til dæmis Heimaeyjargosið þar sem eldfjall myndaðist í janúar 1973. Þetta er nokkuð sem við verðum að taka með í reikninginn,“ segir dr. Haraldur Sigurðsson eldfjallafræðingur. Hann er einn reyndasti og þekktasti jarðfræðingur Íslands. Árið 2011 sendi hann frá sér sjálfsævisögu sína sem ber heitið „Eldur niðri“. Þar rekur hann lífshlaup sitt sem að öðrum ólöstuðum hlýtur að teljast afar merkilegt.

EKKI HÆGT AÐ SPÁ FYRIR UM HVAR GÝS NÆST

Fyrir tíu árum síðan fór Haraldur Sigurðsson á eftirlaun eftir áratuga langan og ævintýrlegan feril sem prófessor við háskólann á Rhode Island í Bandaríkjunum. Vísindastörf Haraldar leiddu hann til rannsókna á eldfjöllum víða um heim.

Eftir að hann fór á eftirlaun sneri hann heim til æskulóðanna í Stykkishólmi þar sem hann býr í dag. Í Stykkishólmi setti Haraldur á stofn Eldfjallasafnið sem er afar áhugavert að heimsækja. Eldfjallasafnið gefur mynd af jarðsögunni og eldfjöllum víða um heim. Það er vel til fundið að velja því stað einmitt í Stykkishólmi enda mörg eldfjöll á Vesturlandi og ekki síst á Snæfellsnesi.

Land & Saga hittu Harald að máli í Eldfjallasafninu. Umræðuefnið snerist vitanlega um eldfjöllin á Íslandi með vangaveltum um það hvort vænta megi eldgoss á næstunni. „Auðvitað eru þessi hefðbundnu svæði svo sem Askja, Grímsvötn, Bárðabunga, Katla og Hekla þeir staðir sem mestar líkur eru á að gjósi næst. Grímsvötn eru virkasta eldfjallið á Íslandi í dag. Þar má búast við gosi í náinni framtíð. Ég get þó ekki spáð um það hvar gýs næst. Ég get spáð um lok á gosum en ekki byrjun á þeim,“ segir Haraldur og brosir í kampinn.

ÓLÍKINDATÓL EN EKKI ÓFYRIRSJÁANLEG

Við spyrjum Harald að því hvort eldfjöllin séu þannig óútreiknanleg?

„Ég myndi ekki segja að þau séu óútreiknanleg. Þau gera boð á undan sér,“ svarar hann. „Við vitum að þegar jarðhræringaórói byrjar í eldfjallinu þá er eitthvað að gerast í því. Við vitum hins vegar ekki hvenær eldgos hefst, við vitum bara að eitthvað er að byrja. Slík virkni getur varað í langan tíma og svo dáið út. Dæmi um það er í Upptýpingum fyrir fáeinum árum síðan. Á hinn bóginn getur þessi óróleiki svo haldið áfram að vaxa þar til það kemur að gosi. Þannig séð er þetta óútreiknanlegt.“

Undanfarið hefur borið á umræðu á Íslandi um að hin fornfrægu eldfjöll Hekla og Katla hljóti bráðum að fara að gjósa. Haraldur segir þó að vart sé hægt að orða það svo að eldfjall sé komið á tíma. „Þetta er ekki eins og þunguð kona, þetta er allt annað fyrirbæri. Hér eru engin tímamörk. Hins vegar aukast líkurnar með tímanum frá því það gaus síðast á því að það komi aftur að gosi. Það er til að mynda enginn vafi á því að Hekla mun gjósa í náinni framtíð.“

Það geta hins vegar orðið löng hlé. Hekla tók sér yfir hundrað ára hlé þegar hún byrjaði að gjósa 1947. Upp úr 1970 gaus hún svo á um tíu ára fresti. Í þessu er mikil óregla. Eldfjöll eru ekki eins og klukkur.“



ENGIR JARÐSKJÁLFTAMÆLAR Á VESTURLANDI

Hinn reyndi eldfjallafræðingur bendir máli sínu til sönnunar á þá staðreynd að þýskir vísindamenn settu fyrir tveimur árum síðan upp jarðskjálftamæla á Snæfellsjökli. „Viti menn! Strax kom á daginn að það voru staðbundnir jarðskjálftar beint undir jöklinum. Þetta var rannsókn sem varði aðeins í nokkra mánuði en leiddi í ljós að það voru skjálftar með upptök frá níu til 28 kílómetra dýpi, sennilega tengdir kvikuhreyfingum undir jöklinum. En síðan vitum við ekki meir. Mælingunum var hætt. Það eru engir jarðskjálftamælar á gervöllu Vesturlandi og þar af leiðandi engin á Snæfellsnesi.“

Haraldur telur það mikið umhugsunarefni að ekki sé fylgst betur með eldfjallasvæðunum á Vesturlandi þar sem finna má mörg eldfjöll sem ekki eru gömul í jarðsögulegu samhengi. „Það er fylgst mjög vel með Körtlu, Bárðabunga, Grímsvötnum og öðrum þekktum eldfjöllum á aðal gosbeltinu sem liggur austur yfir landið. Dreifingin á jarðskjálftamælanetinu er hins vegar dálítið vafasöm. Hún hefur að sumu leyti verið sett út frá því hvar virkjunum hefur verið valin staðsetning.“

Þannig tengist það áhættumati fyrir virkjanirnar en ekki því að fylgjast sem best með hugsanlegri eldvirkni á landinu öllu,“ segir Haraldur og dregur ekki dul á það álit sitt að þetta þurfi að taka til endurskoðunar. -MPH

VIRKNI MÆLIST UNDIR SNÆFELLSJÖKLI

Fáir gera sér betur grein fyrir því en einmitt jarðfræðingar að saga jarðar er löng. Það sem mönnum kann að þykja langur tími er einungis augnablik í jarðsögunni. Haraldur hefur einmitt varið stórum hluta af sínum vísindaferli í að rýna í þessa sögu, meðal annars með rannsóknum á jarðlögum.

„Hundrað ár eru stuttur tími í jarðsögunni. Sautján hundruð ár er líka stuttur tími,“ segir Haraldur með skírskotun til þess að þetta sé einmitt sá tími sem liðinn er síðan seinasta gos varð

í Snæfellsjökli. Jökullinn er í reynd stórt eldfjall sem leynist undir íshettunni. „Áður fyrr litu menn svo á að eftir svo langan tíma án goss þá væri viðkomandi eldfjall dautt. Það varð þó ekki raunin í Heimaey og það á heldur ekki við um Snæfellsjökul. Í dag eru jarðskjálftar undir Snæfellsjökli en þar er ekkert eftirlit eða mælingar á þeim. Það er dálítið hneyksli hér á Íslandi, að þetta eldfjall sem er svo glæsilega áberandi frá þéttbýlinu í Reykjavík og með svo mikla byggð umhverfis það, að ekki skuli vera fylgst með þessu eldfjalli á neinn hátt,“ segir Haraldur Sigurðsson.



HARALDUR SIGURÐSSON

Vesturland

SNÆFELLSNES

ÞAR SEM TÖFRAR TAKAST Á VIÐ VERULEIKANN

Snæfellsjökull hefur löngum verið landanum kunnur og heimsbyggðinni í raun, síðan Jules Verne gaf út ritverk sitt Journey to the Center of the Earth árið 1864. Hvort verkið eigi við rök að styðjast - að risavaxin töfraveröld teygi anga sína undir yfirborðinu - þá er þó víst að umhverfi Snæfellsness er töfrum líkast. Mikið er um sögur og munnmæli frá þessum slóðum enda auðvelt að upplifa bæði álfa og tröll í stórbrotnu landslaginu og erfitt er að beisla ímyndunaraftíð við slíka staðhætti.

Einna frægust er víst þjóðsagan af Kolbeini jöklaskáldi og Kölska, en þeir kváðust á að næturlagi þegar brim gekk sem hæst upp á bjargið Þúfubjarg. Þar sátu þeir og kepptust við að botna vísur hvor annars þar til að því kom að Kölski var strand. Svo segir sagan;

*„Kolbeinn tekur hníf upp úr vasa sínum og heldur honum fyrir framan glyrnurnar á kölska svo egginn bar við tunglið og segir um leið:
Horfðu í þessa egg, egg,
undir þetta tungl, tungl.“*

*Þá varð kölska orðfall því hann fann ekkert orð íslenskt sem yrði rímað í móti tungl og segir því í vandræðum sínum:
„Það er ekki skáldskapur að tarna, Kolbeinn.“*

*En Kolbeinn botnar þegar vísuna og segir:
Ég steypi þér þá með legg, legg,
lið sem hrærir ungl-, ungl-.*

Þegar kölski heyrði þetta beið hann ekki boðanna og steypist ofan fyrir bjargið í eina brimölduna þar sem hún brotnaði og bauð ekki Kolbeini til kappkvæða eftir þetta.“



Brimið hefur leikið stóran hlut í umhverfismótun Snæfellsness. Stórbrotinir klettarnir bera við himin og í svörtu grjótinu bregða skuggamyndir á leik, jafnvel í dagsbirtu.

Þar sem sjór mætir landi við bogmyndaða klettavík, Djúpálónssand, má finna járnbrak sem ýtir enn frekar undir ævintýra- og jafnvel reimleikasögur. Járnbrakið er að hluta til úr enska togaranum Epine GY-7 sem snemma árs, að kvöldlagi 1948, strandaði austur af Dritvíkurflögum við afar erfiðar aðstæður. Vitlaust veður, aðfall og mikið brim gerðu íslenskum björgunarsveitum nær ómögulegt að veita aðstoð og þótti erfitt að horfa upp á ensku sjómennina berjast við stórsjó er gekk yfir skipið. Suma bundna við reiðann, aðra á hvalbaki eða á stýrishúsi.

Flestir biðu ósigur við Ægi konung en þó rak einn mannanna með lífsmarki upp í fjöruna og fjórir náðust í land í björgunarstól sem festur var við línu. Þetta voru fimm af níttján manna áhöfn, allt dugmiklir menn sem höfðu fylgt skipinu lengi.

Fleiri skip hafa strandað á svipuðum slóðum og hafa þessi slys ýtt undir þá trú manna að sjá megi áhafnir þeirra birtast í briminu þegar fer að rökkva. Gárungar vilja meina að í nokkur skipti hafi þurft að sækja ungar stúlkur, vaðnar upp að hné í briminu að eltast við - að þær töldu- myndarlega hafmenn sem voru ekki annað en svipir sjómanna fyrri tíma.

Hitt er svo annað að Djúpálónssandur er töfraveröld út af fyrir sig hvort sem um dans í briminu eða drauga er að ræða.

-SP





*Einn á báti;
Einn á báti úti hafi
ég sit hér við norðurpól,
mín vill kænán mara í kafi,
megn er straumur, engin sól;
en á bátum ekkert brast;
ef eg sæki röðvinn fast,
faðir storma forðar grandí
og fleytir öllu heilu að landi.“*

BRAGSNILLINGUR Í BRAUTARHOLTÍ

Við höldum nú eftir þjóðleiðinni austur frá höfuðborginni og stefnum á Esju. Þetta myndarlega bæjarfall Reykvíkinga er næstum 1000 m hátt, bratt og fagurt og setur óneitanlega mikinn svip á umhverfið. Brátt förum við fram hjá tilraunastöðinni á Mógilsá við rætur Esju og erum þá komin á



BJARNI THORARENSEN

Þar sem Kjalarnes skagar lengst fram til sjávar stendur boerinn Brautarholt, mikil kostajörð, enda hefur verið þar stórbýli sem og kirkjustaður um aldir. Þá var þar einnig sýslumannssetur um skeið, því að seint á 18. öld bjó þar í nokkur ár Vigfús Þórarinnsson frá Grund í Eyjafirði, þá sýslumaður

í Kjósarsýslu, ásamt konu sinni Steinunni Bjarnadóttur Pálssonar, landlæknis á Nesi við Seltjörn, og konu hans Rannveigu, dóttur Skúla fógeta Magnússonar í Viðey. Og þar eignuðust þessi stórcættuðu sýslumannshjón son sem í skírinni var nefndur Bjarni eftir móðurafa sínum og tók sér síðar ættarnafnið Thorarensen.

Bjarni Thorarensen fæddist í Brautarholti á Kjalarnesi 1786, en vart hefur hann mun að eftir sér að nokkru marki á þeim bæ, því að á þriðja ári fluttist hann með foreldrum sínum austur að Hlíðarenda í Fljótshlíð þegar faðir hans varð sýslumaður í Rangárvallasýslu. Á þeim fornfræga stað ólst hann síðan upp. Hann var þegar í æsku bráðgjör, flugskarpur og námfús og hóf ungur skólalærdóm, fyrst hjá heimiliskennurum og síðar hjá Þorvaldi Böðvarssyni í Hausastaðaskóla á Álftanesi. Stúdentspróf tók hann í heimaskóla Geirs biskups Vídalín vorið 1802, þá á sextánda aldursári sínu. Sama ár sigldi hann til Danmerkur og hóf nám í lögum við Hafnarháskóla. Sóttist honum það svo fljótt og vel að hann lauk embættisprófi með miklum glæsibrag vorið 1807, rúmlega tvítugur og munu slíks fá dæmi. Næstu ár dvaldist hann í Kaupmannahöfn sem styrkþegi Árnasafns og jafnframt starfsmaður í stjórnarskrifstofum konungs.

Bjarni fór ungur að fást við skáldskap. Hann var mikill og sannur ættjarðarvinur, svo sem víða kemur fram í ljóðum hans. Einnig var hann aðdáandi hreysti, karlmennsku og manndóms og vildi

eftir hug og dug með þjóð sinni. Hann stóð föstum fótum í fornri skáldskaparhefð og menningararfleifð, en var jafnframt djúpt snortinn af hinum nýju straumum sem flæddu um Norðurlálfu á stúdentsárum hans. Þá var skammt liðið frá stjórnarbyltingunni miklu í Frakklandi og stýrjaldir Napóleons voru í algleymingi og miklir umbrotatímar víða um lönd. Ný stefna í skáldskap og lífsskoðun var að ryðja sér til rúms og greip hún mjög hugi ungra manna á þessum tíma og lengi síðan. Það var rómantíska stefnan sem meðal annars einkenndist af fegurðardýrkun, frjóu tilfinningalíf og ættjarðarást. Þjarni gerðist talsmaður hennar og í lífsskoðun sinni og ljóðum snerist hann þannig gegn þurri skynsemishyggi 18. aldar á margan hátt. Gætir þessarar nýju hreyfingar víða í skáldskap hans og þá ekki síst í kvæðinu Íslands minni sem hann orti á Hafnarárum sínum og var síðan um langan aldur eins konar þjóðsöngur Íslending eða þangað til lofsöngurinn Ó, Guð vors lands kom fram 1874 og jafnvel nokkru lengur. Fyrsta erindi í þessu ljóði sem skáldið sendi heim til ættjarðarinnar er svohljóðandi:


*Eldgamla ísafold,
ástkæra föstur mold,
fjallkonan frið!
mögum þín muntu kær,
meðan lönd girðir sær
og gumar girnast mér;
gljár sól á hlið.
og gumar girnast mér;
gljár sól á hlið.*

Árið 1811 sneri Bjarni heim til ættlandsins og fékk starf sem fulltrúi stiftamtmanns og einnig sem aðstoðardómari við Landsyferréttinn í Reykjavík. Fjórum árum síðar varð hann þar fullgildur dómari,

en jafnframt gerðist hann bóndi í Gufunesi, kvæntist og bjó rausnarbúi. Á þessari bújörð sinni gerði hann miklar umbætur og lét meðal annars slétta túnið með ófullkomnum handverkfærum. Þótti slíkt mikil nýlunda, því að jarðabætur voru næsta fátíðar í þá daga. Auk allra þessara starfa gegndi hann svo sýslumannsembætti í Ámessýslu um skeið upp úr 1820, svo að segja má að hann hafi haft mörg járn í eldinum. Fór hann þá á nokkrum mánuðum tólf ferðir yfir Hellsisheiði og lenti oft í hörðum veðrum og erfiðleikum. En þótt Bjarni nyti velgengni á veraldarvísu mætti hann öfund og óvild ýmissa samferðamanna sinna og mun það hafa valdið nokkurri beiskju í fari hans.

Hann var og að ýmsu leyti einfari að skapferli. Kemur það, til dæmis, fram í erindi sem hann nefndi Einn á báti.

Bjarni hafði mikinn áhuga á ýmsum framfaramálum í landinu og þar á meðal var að bæta samgöngur milli landshluta með því að ryðja og varða hjallvegi og byggja sæluhús á öræfaleiðum. Í því skyni stofnaði hann Fjallvegafélagið 1831 með nokkrum öðrum áhugamönnum. Þóttu þessar hugmyndir ærið fjarstæðukenndar





og næsta broslegar, en eigi að síður kom félagið ýmsu góðu til leiðar og var þetta raunar fyrsta tilraun hér á landi til að bæta samgöngur. Um þetta framtak orti Bjarni Fjallvega félags byrjunar kvæði, þar sem meðal annars segir:

*Að verki komast verður hver,
ef vinna nokkuð á;
en þegar gatan ófær er,
ekkert fram komast má;
þörfín því öll er á
vegina fjalla vér að ryðja látum.*

Mörg af snjöllustu kvæðum Bjarna eru minningarljóð um látna menn. Má þar benda á erindi sem hann orti eftir Baldvin Einarsson og hljóðar svo:

*Íslands
óhamingju
verður allt að vopni!
Eldur úr iðrum þess,
ár úr fjöllum breiðum byggðum eyða!*

Og í eftirmælum eftir Sæmund Hólm kveður hann meðal annars:

*Því var Sæmundur
á sinni jarðreisni
oft í urð brakinn
út úr götu,
því hann batt eigi
bagga sína
sömu hnútum og
samferðamenn.*

Árið 1833 var Bjarni Thorarensen skipaður amtmaður á Norður- og Austurlandi með aðsetri á Möðruvöllum í Hörgárdal. Bjó hann þar við rausn og gerði garðinn frægan. En embættið var erfitt, umdæmið víðlent og erindin sem reka þurfti nær óteljandi. Reyndi starfið mjög á þrek hans og heilsu. Hann rækti það líka af röggsemi og sómdí sér vel sem konunglegur embættismaður, enda konunghollur í besta lagi.

Bjarni var glæsímenni hið mesta og gleðimaður. Hann naut sín sérstaklega vel í samkvæmum og veislum og við slík tækifæri átti hann það til að bregða sér frá um stund, afklæðast þá amtmannsúningi og fara í staðinn í venju- leg fót. Skýrir það nokkuð viðhorf hans til valda og embætta sem og þetta erindi úr kvæði sem hann nefndi Selskapsvísu:

*Ekki er hollt að hafa ból
hefðar upp á jökultíndi,
af því þar er ekkert skjól
uppi fyrir frosti, snjó né vindi.*

Bjarni Thorarensen andaðist sumarið 1841, tæplega hálfsextugur að aldri. Mikill bautasteinn er á leiði hans í kirkjugarðinum á þeim forna sögustað og hefðarsetri, Möðruvöllum í Hörgárdal.

Tekið úr bókinni: Með Þjóðskáldum við Þjóðveginn eftir Jón R. Hjálmarsson. - Ljósmyndir: Rafn Sig.



VESTFIRÐIR



VESTFIRÐINGAR HORFA TIL BÆTTRA SAMGANGNA

„Það er mjög gott hljóð í okkur. Eins og í öðrum landshlutum erum við að sjá töluverða aukningu í fjölda ferðamanna þó hún sé kannski ekki eins mikil hjá okkur og annars staðar. Við höfum heldur ekki endilega sóst eftir því að fá sem flesta þó vöxturinn hafi verið góður. Í afþreyingarhluta ferðapjónustunnar erum við að horfa á 20 til 30 prósentu aukningu samanborið við sumarið í fyrra,“ segir Dána Jóhannsdóttir markaðsfulltúi Markaðsstofu Vestfjarða á Ísafirði.

MJÖG SVEIFLUKENNT INNAN ÁRSINS

Það eru einkum tvenns konar áskoranir sem starfsmenn Markaðsstofu Vestfjarða glíma við. „Ennþá erum við með mjög mikla sveiflu í heimsóknum ferðamanna séu árstíðir bornar saman. Við erum jafnframt minnst heimsótta svæðið af landshlutunum. Það er ósk okkar að auka hlutdeild Vestfjarða

í ferðamannastraumnum. Jafnframt viljum við lengja ferðatímabilið innan ársins og auka fjölda ferðamanna í apríl og maí, og svo í september og október.“

Sumarið er að sjálfsögðu helsti ferðamannatíminn á Vestfjörðum. Undanfarið ár hefur mikil og vaxandi gróska verið tengd siglingum skemmtiferðaskipa. „Skemmtiferðaskipin koma nær öll einungis við á Ísafirði. Það er töluverð aukning í komu þeirra þangað. Næsta mál sem við þurfum að skoða verður líklega hvernig við viljum sjá þær skipakomur þróast frekar. Við þurfum líka að fara yfir það hvernig við getum tekið á móti þeim fjölda fólks sem kemur með þessum skipum og boðið upp á þjónustu og afþreyingu.“

FRAMKVÆMDIR Í BURÐARLIÐNUM

Dána bendir á að Vestfirðir standi að visu leyti frammi fyrir því að vera tvískipt svæði, einkum um vetrartímenn. „Það er töluverður mismunur milli norður- og suðurhluta landshlutans. Samgöngumá-

lin hafa verið okkur hindrun að því leyti þar sem fjallvegir og vetrarófærð hafa sett strik í reikninginn.

Núna bíðum við eftir Dýrafjarðargöngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar. Það verður stóra breytingin fyrir okkur þegar við fáum þannig heilsárs vegasamgöngur milli hinna svokölluðu norður- og suðurfjarða. Þá verður hægt að aka Vestfjarðahring allt árið. Nú er miðað við að Dýrafjarðargöngin verði tilbúin árið 2020. Það eru aðeins um fjögur ár þangað til. Síðan er það vegurinn um Dynjandisheiði sem yrði búið að endurnýja um 2022. Ferðapjónustan á Vestfjörðum þarf að nota tímann vel til undirbúnings fyrir þá miklu breytingu sem verður í samgöngumálum þegar þessar vegabætur verða komnar.“

DUGLEG AÐ NÝTA NET OG SAMFÉLAGSMÍÐLA

Aðspurð um framtíðarverkefni Markaðsstofu Vestfjarða segir Dána að undanfarið hafi mikið verið byggt á vinnu síðustu ára. „Fjármagnið sem við höfum úr að spila er takmarkað. Við höfum komið upp okkar eigin miðlum svo sem með heimasíðu og notkun samfélagsmiðla. Við höfum lagt mjög mikla áherslu á að vera virk í okkar markaðsstarfi með því að nota Facebook og Instagram. Við eigum ýmislegt vandað efni, svo sem ljósmyndir og kvikmyndir. Á dögum gátum við fagnað því að hafa náð þeim áfanga að hafa fengið 20 þúsund fylgjendur á Instagram,“ segir Dána Jóhannsdóttir markaðsfulltrúi. -MPH





SAGNASKÁLD FRÁ REYKHÓLUM

Nú ætlum við að fara vestur að Reykhólum í Reykhólasveit. Í því skyni fórum við eftir hringvegnum þangað til við komum að vegamótum hjá Dalsmynni í Norðurárdal. Þar beygjum við til vinstri inn á Vestfjarðaveg og fórum eftir honum um Bröttubrekku, Dali, yfir Gilsfjarðarbrú og síðan sem leið liggur fyrir Króksfjörð og Berufjörð. Þar beygjum við aftur til vinstri og fórum suður eftir Reykhólasveitarvegi um hina blómskrýddu



JÓN THORODDSEN

*Söl, hrognkelsi, kræklingur,
hvönn, egg, rey, dúnn, melur,
kál, ber, lundi, kolviður,
kofa, rjúpa, selur.*

En nú er þetta breytt og minna hirt um nytjar af landinu en áður var. Þá hefur í seinni tíð vaxið upp á Reykhólum dálítið þéttbýli kringum þörungavinnslu sem þar er rekin, sú eina hér á landi. En ástæðan fyrir því að við erum að leita á þessar slóðir er að á Reykhólum fæddist Jón Thoroddsen, sá maður sem ekki aðeins var ágætt ljóðskáld, heldur einnig brautryðjandi í ritun skáldsagna hér á landi.

Og þar sem við fórum suður eftir Barmahlíð á leið okkar varð ekki hjá því komist að kvæði hans Barmahlíð kæmi upp í hugann, en það hefst á þessu erindi:

*Hliðin mín friða
hjalla meður græna,
og blágresið blíða,
og berjalautu vena,
á þér ástar augu
ungur réð ég festa,
blómmóðir besta!*

Jón Thoroddsen fæddist 1818 að Reykhólum við Breiðafjörð, þar sem foreldrar hans bjuggu góðu búi. Tveggja ára gamall fór hann í fóstur hjá vinafólki fjölskyldunnar að Sælingsdalstungu í Dalasýslu og ólst þar upp við mikið ástríki til ellefu ára aldurs. Fór hann þá aftur til foreldra sinna að Reykhólum og dvaldist með þeim fram yfir fermingu.

Þá var ákveðið að setja hann til mennta og lærði hann undir skóla, fyrst hjá séra Sigurði Jónssyni á Hrafnseyri, fōður Jóns forseta, og síðar hjá Sveinbirni Egilssyni á Eyvindarstöðum á Álftanesi. Eftir það fór hann í Bessastaðaskóla og lauk þaðan stúdentsprófi vorið 1840. Veturinn eftir var hann heimiliskennari hjá séra Hallgrími Thorlacius á Hrafnagili í Eyjafirði. Þar varð hann ástfanginn af Ólöfu dóttur prestsins. Þau trúlofuðust og eignuðust saman dóttur, en meinleg örlög urðu þess valdandi að leiðir þeirra skildu og giftist hún öðrum manni. Hafði sú atburðarás mikil og varanleg áhrif á líf þessa unga manns.

Haustið 1841 sigldi Jón til Kaupmannahafnar og hóf að lesa lögfræði við háskólann. Þar ytra dvaldist hann síðan í níu ár og kom aðeins heim til skammrar dvalar í tvö skipti. Hann rækti nám sitt lítt og varð margt til að teyja fyrir honum, svo sem ástarsorgir, hið glaða stúdentalíf og einnig það að harm hafði meiri áhuga á skáldskap og bókmenntum en á lögfræði. Á þessum árum gaf hann ásamt öðrum út tímaritið Norðurfara þar sem hann birti nokkur kvæði sín og eina smásögu. Árið 1848 fóru Danir í styrjöld út af hertogadæmunum syðst á Jótlandi. Jón lét þá skrá sig í herinn eins og margir aðrir stúdentar. Tók hann síðan þátt í allmörgum stórorrustum og gat sér svo mikið frægðarorð að hann var gerður að liðþjálfari og síðan undirforingja í hernum. Í stríðinu var hann í fjóra mánuði samfleytt, en fékk þá lausn fyrir orð og bænarað móður sinnar sem gerðist mjög áhyggjufull þegar hún frétti af þessu tiltæki sonarins. Jón orti um lífsreynslu sína í stríðinu og þar á meðal kvæðið Hermannsgangan um það atvik þegar hann hrakinn og örmagna kom að bóndabæ einum og fékk þar góða aðhlyningu og hvíld. Fyrstu erindin eru svohljóðandi:

*Ofi er hermanns örðug ganga, -
einnig hlaut eg reyna það:
sollnu brjosti, sveittum vanga
síðla, fjarri naturstað,
eftir meðu ég kom stranga
eitt sinn litlum kotbæ að.*

*Preyttan krafta þrýtur alla,
því ei lengra komast má:
líkam stíðan lét ég falla
laukamóður græna á,
og á slétta hellu halla
höfði bæjardyrum hjá.*





-Þar kom út hin íturfríða árdags sunnu líkust mey; mitt þó reikult reiki víða reidalítíð hugarfley, fjölda sjái' eg silkihlíða, samt eg henni gleymi ei.

Eftir að hermennsku lauk sneri Jón til Kaupmannahafnar. Þar lét hann lögfræði mjög eiga sig og fékkst í staðinn við ritstörf. Með nokkrum öðrum skáldum hóf hann þá að safna ljóðum í safnrítið Snót sem kom út 1850. Það sama ár kom líka út bók hans, Piltur og stúlka, sem talin hefur verið fyrsta íslenska skáldsagan. Varð sú bók afar vinsæl og hefur verið lesin og dáð til þessa dags. Síðar skrifaði Jón aðra skáldsögu sem nefndist Maður og kona og varð hún einnig víðfræg. Svo fór um síðir að Jón sneri heim án þess að hafa lokið námi. Samt fékk hann embætti og var settur sýslumaður í Barðastrandarsýslu. Þar vestra kynntist hann ágætri konu, Kristínu Ólínu Þorvaldsdóttur Sívertsen, og vildi kvænast henni. En faðir hennar neitaði að samþykka ráðahaginn nema að hann lyki fyrst embættisprófi. Hann brá sér þá til Kaupmannahafnar, tók próf í lögum, kom heim og kvæntist. Sat hann fyrst í Flatey og síðar í Haga á Barðaströnd. Árið 1861 fékk

hann embætti sem sýslumaður í Borgarfjarðarsýslu og bjó þá á Leirá. Jón orti jafnan mikið og meðal vinsælustu ljóða hans er Vorvísá 1854:

*Vorið er komið og grundirnar gróa,
gilin og lækirnir fossa af brún;
syngur í runni, og senn kemur lóa,
svanur á tjarnir og þröstur í tún;
nú tekur hýrna um hólma og sker,
hreiðra sig blikinn og ædurin fer;
hæðirnar brosa og blíðarnar dala,
hóar þar smali og rekur á ból;
lömbin sér una um blómgaða bala,
börnin sér leika að skeljum á hól.*

Þá er ekki síður vel þekkt kvæði hans Ísland sem hefst á þessu erindi:

*Ó! fögur er vor fösturjörð
um fríða sumardaga,
er laufin grænu litka börð,
og leikur hjörð í haga;
en dalur lyftir blárrí brún
mót blíðum sólar lög,
og glitrar flötur, glóir tún,
og gyllir sunna voga.*

Jón Thoroddsen átti oft erfitt í einkalífi sínu og varð fyrir ýmsum áföllum sem ekki verða rakin hér. Stundum hafa því sótt á hann daprar hugrenningar eins og skynja má í kvæði hans Til skýsins sem byrjar á þessu erindi:

*Sortnar þú, ský!
suðrinu í
og síga brúnir letur,
eitthvað að þér eins og að mér
amar, ég sé þú grætur.*

Jafnframt embættisstörfum, búsýslu og öðrum umsvifum fékkst Jón löngum við skáldskap og útgáfustörf. Ekki komu samt ljóð hans út á bók fyrr en eftir hans dag. Sama var að segja um skáldsöguna Mann og konu sem hann náði ekki fyllilega að ljúka áður en hann féll frá árið 1868, fimmtugur að aldri.



Tekið úr bókinni: Með Þjóðskáldum við Þjóðveginn eftir Jón R. Hjálmarsson. - Ljósmyndir: Rafn Sig. / Markaðsstofa Vestfjarða.



NORÐURLAND



FERÐAÞJÓNUSTAN Á NORÐURLANDI VILL BEINT TENGIFLUG FRÁ

Keflavík

„Starfssvæði Markaðsstofu Norðurlands nær frá Hrítafirði í vestri, í Bakkafljóði í austri. Þetta er mjög fjölbreytt svæði og mismunandi áherslur innan þess.

Það gengur mjög vel í heildina litið. Sumarið hefur verið frábært. Það sem er sérstaklega ánægjulegt er það að jaðarsvæðin okkar eru að fá mikla aukningu í ferðamannastraum til sín.

Hið sama gildir um jaðartímabilin. Vinsælustu staðirnir á okkar starfssvæði hafa verið að upplifa um 30 prósentu aukningu samanborið við í fyrra. Aukningin er hins vegar mun meiri á jaðarsvæðunum. Þar er jafnvel talað um 50 prósentu aukningu frá sumrinu 2015. Núna í september erum við svo að sjá allt upp í 70 prósentu aukningu samanborið við september í fyrra,“ segir Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands.

NÝIR MÖGULEIKAR OPNAST

Arnheiður segir að skýringarnar á þessari miklu aukningu á fjölda ferðamanna sem sækja Norðurland heim séu einkum tvíþættar. „Fólk er að uppgötva Norðurland í meira mæli en áður. Það hefur líka áhrif hversu þéttsetið það er orðið til að mynda í gistingu á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi. Þá leita ferðamenn

annað og inn á ný svæði. Síðan hefur mikil uppbygging átt sér stað í ferðaþjónustu á Norðurlandi. Í fyrra var gert mikið átak varðandi opnunartíma þannig að staðir opnuðu fyrr á vorin og höfðu opið lengur fram á haust og vetur. Þetta er að skila sér núna.“

NÝJUSTU FRÉTTIR AF ÁFORMUM

fjárveitingavaldsins á Alþingi hafa aukið bjartsýni innan ferðaþjónustunnar á Norðurlandi. „Demantshringurinn svokallaði er kominn á vegaáætlun,“ segir Arnheiður. „Það snýr að því að lokið verði við að gera góðan veg vestan megin við Dettifoss. Gangi sú fjármögnun eftir sem gert er ráð fyrir í nýrri samgönguáætlun frá Alþingi þá verður hægt að aka hringinn frá Mývatnssveit að Dettifossi og síðan áfram niður í Ásbyrgi og þaðan til Húsavíkur. Í dag verður fólk að aka þetta fram og til baka. Tilkoma þessa vegar verður gríðarlegur munur. Bæði opnar það leið í Ásbyrgi, Hljóðakletta og allt það svæði, en það mun líka opnast leið á hið svokallaða norðurhjarasvæði sem er Melrakkasléttan og Langanesið með Kópaskeri, Raufarhöfn og Þórshöfn. Á því svæði hefur orðið breyting á þjónustunni og komnir spennandi staðir og skemmtilegir að heimsækja. Þar má

nefna fuglaskoðun á Langanesi og forystufjársetur í Distilfirði. Náttúrufar þarna og mannlíf er hvorutveggja afar sérstakt. Þarna er að finna hið eka eða upprunalega Ísland ef má orða það svo.“

BRYDDAÐ UPPI Á NÝJUNGUM

Vesturhluti Norðurlands er þó hvergi gleymdur. „Þar má nefna að við sjáum nú mjög vaxandi umferð um Vatnsnesið. Þar fer fólk meðal annars til að skoða selina og Hvítserk. Á vestanverðu Norðurlandi eru líka spennandi verkefni í gangi svo sem í tengslum við skáldsöguna Náðarstund sem segir söguna af Agnesi



ARNHEIÐUR JÓHANNSDÓTTIR

og Friðrik, morðum og síðustu aftökunni á Íslandi. Nú eru seldar ferðir þar sem farið er á þá sögustaði á Norðurlandi vestra sem tengjast þessum atburðum. Það er líka hægt að kaupa ferðir á sögustaði sem tengjast skáldkonunni Guðrúnu frá Lundi, bæði í Skagafirði og Fljótum. Það er áhugi og eftirspurn eftir svona ferðum og ákveðin uppbygging í gangi varðandi þær.

Á Siglufirði er ferðaþjónustan svo farin að nýta sér frægðina sem skapaðist vegna spennuþáttanna Ófærð. Á austanverðu Norðurlandi má svo nefna ferðir á æfingaslóðir geimfaranna sem voru þjálfaðir fyrir tunglferðir í grennd við Öskju. Þetta eru dæmi um spennandi nýsköpunarverkefni í ferðaþjónustu sem eru nú komin af stað og lofa góðu. Það eru bæði ferðaskipuleggjendur og veitingastaðir sem hafa skipulagt svona leiðsögupakka um hinar ýmsu slóðir á Norðurlandi. Þetta er allt að ganga mjög vel.“

SKÍÐI, NÁTTÚRUFAR OG MATUR

Arnheiður nefnir einnig vetrarferðaþjónustuna. „Það er síaukin eftirspurn að komast á skíði á Norðurlandi. Það er eitthvað sem menn héldu fyrir nokkrum árum að væri bara ekkert hægt að selja. En það hefur náðst góður árangur í að kynna skíðasvæðin. Þar dregur fjalla-skíðamennskan vagninn. Þar fer fólk með þyrlum upp á fjallatoppa og rennir sér síðan niður hlíðarnar. Þetta er að verða mjög vinsælt á Tröllaskaga milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Það eru orðin þrjú fyrirtæki sem sinna þessu. Í kringum þessar ferðir hafa ýmsar nýjungar komið fram. Þar má nefna að skíðafólkið fer kannski í sund á Hofsósi eða siglir út í Drangey.“

Stöðugt er unnið að því að þróa ferðaþjónustuna enn frekar á Norðurlandi. „Nú er að fara af stað mikil vinna varðandi „Arctic Circle Route“ eða ferðamannaveg á heimskautschlutanum okkar hér á Norðurlandi. Við höfum verið að kort-





leggja leið fyrir ferðamenn til að beina þeim á ákveðna staði. Síðan eru við að vinna mikið varðandi fuglaskoðun. Það er búið að kortleggja leiðir og nú er verið að samkeyra þær og markaðssetja. Svo er mikið um að vera þegar kemur að kynningu á skíðaferðum. Svo er það verkefnið „Local food“ sem snýr að því að kynna Norðurland sem matvælahérað. Fyrstu helgina í október er einmitt haldin stór „Local food“ sýning á Akureyri með ýmsum viðburðum og matseðlum á veitingstöðum.“

SAMGÖNGURNAR EKKI NÓGU GÓÐAR

Í dag er staðan sú á Norðurlandi að sögn Arnheiðar, að sé horft á þjónustu og afþreyingu sem í boði er þá sé hvorutvegja orðið nægilega mikið til að ferðafjónustan geti verið heilsárs atvinnugrein víðast í landshlutanum.

„Hins vegar eru það samgöngurnar sem eru okkur hindrun. Fólk á erfitt með að komast til okkar yfir vetrartímann. Ferðamenn eru ekki mjög ginkleypir fyrir því að aka hjallvegi um vetur og lélegar flugsamgöngur há okkur mjög mikið. Þar verðum við að ná fram umbótum áður en við getum

sagt að ferðafjónustan á Norðurlandi sé alvöru heilsárs atvinnugrein.“

Framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands segist með þessu eiga við að brýnt sé að komið verði á fót beinu millilandaflugi til Akureyrarflugvallar eða að ferðamönnum gefist kostur á tengi-flugi út á land beint frá Keflavíkflugvelli. Áfangastaðir á Norðurlandi ættu að verða með í slíku tengi-flugi. „Slíkt myndi styðja mjög við okkur hér nyrðra. Staðan í dag er eiginlega vonlaus hvað það varðar að erlendir ferðamaður þurfi að lenda í Keflavík og taka síðan flugrútu til Reykjavíkur sem stoppar þá á Umferðamiðstöðinni. Þaðan verður ferðamaðurinn kannski að taka leigubíl út á Reykjavíkflugvöll og fljúga síðan út á land þar sem flugfargjöldin eru dýr og jafnvel dýrari en flugferðin til Íslands. Þetta er ekki boðlegt og stór hindrun fyrir okkur.“

Aðspurð segir Arnheiður að horfurnar fyrir veturinn séu þokkalegar. „Reyndar er það svo að einungis um 13 prósent erlendra ferðamanna sem koma til landsins á veturna heimsækja Norðurland því samgöngumálin eru okkur svo erfíð. Hins vegar sjáum við nú svo mikla aukningu á haustin og á vorin, að við erum bjartsýn á framhaldið.“ -MPH



Fljúgðu til Grímseyjar MEÐ NORLANDAIR

Kannaðu þessa mögnuðu heimskautaeyju með daglegu flugi með Norlandair



G rímsey er falleg og vindblásin eyja sem liggur aðeins 40 kílómetra úti fyrir norðurströnd landsins. Eyjan er um 5 ferkílómetrar að stærð og einungis 100 manns búa þar. Um aldir hafa íbúar eyjarinnar þurft að vinna bug á nístingskulda og mikilli einangrun.

Ferðafólk kemur til að kanna þessa litlu eyju, fara í gönguferðir og fuglaskoðun, og upplifa dagsljós allan sólarhringinn yfir hásumarið. Ekki byrjar að dimma aftur í Grímsey fyrr en seint í júlí þegar sólin sest í kringum miðnætti en rís svo aftur stuttu síðar.

AFSKEKKT OG ÓSPILT NÁTTÚRA
Ferðafólk dáiast að klettunum á austurströnd eyjunnar en þeir eru allt að hundrað metra háir. Fyrr á tímum voru þessir basalt klettur mikilvæg fæðulind fyrir íbúana en þeir sóttu þangað egg í miklum mæli. Í dag er eggjatínslan öruggari og nútímalegri, en klettarnir minna á fortíðina og hversu þýðingarmiklir þeir voru fyrir fólkið í eyinni.

Klettamyndanirnar eru einnig áhugaverðar og þjóna sem fallegur bakgrunnur fyrir fuglaljósmyndir. Og fuglaskoðarar fá sannarlega eitthvað fyrir sinn snúð þar sem að eyjan er heimili margra tegunda af sjófuglum.

FARIÐ YFIR HEIMSKAUTSBAUG

Við sumarsólstöður 21. júní er sólin yfir sjóndeildarhringnum allan sólarhringinn og er Grímsey meðal bestu staðanna til að upplifa þetta fyrirbæri á Íslandi; þar sem heimskautsbaugurinn sker nyrsta odda landsins. Ferðafólk elskar að ganga yfir táknræna brú og stíga þannig yfir heimskautsbauginn sem staðsettur er 66°33'N, rétt norður af flugvellingum í Grímsey.

Við hlið brúarinnar er vegvísir sem sýnir fjarlægðir til margra þekktra borga í heiminum, þ.m.t. London og New York. Fólk sem fer í þessa pílgrímsför fær afhenda sönnun um ferðina í formi skírteinis þegar það flýgur með Norlandair.

ÞÆGILEG OG FAGLEG ÞJÓNUSTA

Norlandair býður upp á dagleg flug til Grímseyjar frá Akureyri, ásamt flugi til Þórshafnar, Vopnafjarðar og Constable Point í Austur-Grænlandi, sem þjónar bænum Ittoqqortoormiit. Norlandair þjónustar ferðafólk sem er að leita eftir einkaflugi, leiguflugi eða áætlunarflugi til Grænlands. Starfsfólk Norlandair hefur áratuga reynslu í flugi og ferðalögum á norðurslóðum og getur komið til móts við allar óskir viðskiptavina. -JG

Norlandair ehf 
Akureyrarflugvöllur, 600 Akureyri
414 6960
norlandair@norlandair.is
www.norlandair.is



SKÁLDKONA AF VATNSNESI

Við böldum nú þjóðleiðina til Norðurlands. Eftir langa ferð á greiðfœrum hringveginum hallar um síðir niður af Holtavörðuheidi og komum við þá brátt ofan í Hrutafjörð. Þar fórum við yfir Hrutafjarðará hjá Brú og erum þar með komin í Húnavatnssýslu. Síðan liggur leiðin út með Hrutafirði og austur yfir Hrutagarðarháls. Þaðan höldum við svo þvert yfir hinn fríða Miðfjörð og austan bans komum við að vegamótum þar sem við beygjum af leið og höldum út eftir Vatnsnesi. Á hægri hönd rísa há og máttug fjöll en þessi mikli skagi sem liggur milli Miðfjarðar og Húnaafjarðar er í meira lagi hálendur. Ekki höfum við lengi farið er við komum að Hvammstanga sem er hið myndarlegasta kauptún. Þar byrjaði að vaxa upp þéttbýli upp úr aldamótunum 1900 og nú er þarna allmikil byggð, þar sem íbúamir lifa af sjósókn og fiskvinnslu, verslun og ýmislegri þjónustu við byggðarlögin í kring. Við skoðum okkur að sjálfhöfdu



ÓLÖF FRÁ HLÖÐUM

um í þessum snyrtilega höfuðstað Vestur-Húnavetninga, en böldum síðan áfram norður eftir ströndinni. Eftir drjúglanga leið verður á vegi okkar bærrinn Sauðadalur og þá kemur upp í hugann nafn skáldkonunnar sérstæðu, Ólafar frá Hlöðum, en hún var einmitt borin og barnfædd á þessum stað.

Ólöf Sigurðardóttir fæddist á Sauðadalur á Vatnsnesi 1857 og ólst þar upp við kröpp kjör. Foreldrar hennar voru snauð af veraldargæðum og æskuheimilið einkenndist af svo mikilli sparsemi að varla er hægt að hugsa sér annað eins eftir því sem Ólöf lýsti því síðar í ritgerð sem hún skrifaði af miklu raunsæi og miskunnarlausri sannsögli. Fékk hún bágt fyrir hjá ýmsu venslafólki sínu, en þó gerði hún ekki annað en að segja frá hlutunum eins og þeir voru. Ólöf var veikbyggð líkamlega, en frá barnæsku hafði hún óbuganlegan viljastyrk og svo meitlaða skaphöfn að sjaldgæft mátti heita. Frá unga aldri hafði hún líka menningarlegan áhuga og dáði söng og tónlist og hneigðist mjög að skáldskap. Var því allt umhverfi hennar í æsku í hrópandi mótsögn við langanir hennar og þrár. Næmar tilfinningar hennar birtast fagurlega í smáljóðinu Tárin: Dýpsta sæla og sorgin þunga svífa hljóðlaust yfir storð. Þeirra mál ei talar tunga, tárin eru beggja orð! Nítján ára að aldri losnaði hún úr þrúðunni heima og komst með aðstoð góðra manna til Reykjavíkur, þar sem hún lærði ljósmóðurfræði. Í höfuðstaðnum opnuðust henni nýir heimar fegurðar, fróðleiks og menningar og þar kynntist hún ljóðlistinni holdi klæddri. Á því skáldþingi voru þeir Þorsteinn Erlingsson, Steingrímur Thorsteinsson og fleiri. Höfðu þessi kynni mikil og varanleg áhrif á hana, svo sem fram kemur meðal annars í bréfum þeim er fóru milli hennar og Þorsteins og gefin hafa verið út á bók. Í ljóðinu Ævidagurinn minn segir hún þetta:

*Morgun lífsins dimman duldi,
dagmál komu blá í gegn,
visinn gróður brímið huldi;
hjartans kom svo steypiregn.*

*Eftir hádag sólu sá,
svo féll dimmi skugginn á.
Undir kvöldið himinn heiður,
hár og vængjabreiður.*

Eftir nám í Reykjavík og framhaldsnám í eitt ár í Kaupmannahöfn starfaði Ólöf sem ljósmóðir í höfuðborginni um árabíl og vegnaði vel. En 1887 er hún stóð á þrítugu kvæntist hún Halldóri Guðmundssyni, nággranna sínum að norðan, gáfumanni sem meðal annars skrifaði smásögur. Og sá hægætismaður sem hann var þá þekkti hann ekki aðeins erfitt skaplyndi konu sinnar, heldur hafði hann líka til að bera þá dæmafáu lund sem dugði til að umbera mikla og óstöðuga skapmuni hennar, meta hana að verðleikum og vera henni stoð og stytta í lífinu. Þau hjónin fluttust norður og reistu bú sitt á Hlöðum í Hörgárdal og kenndi Ólöf sig jafnan við þann bæ upp frá því. Ólöf orti talsvert alla ævi og fyrsta ljóðabók hennar kom út 1888 og aftur 1913, allmjög aukin. Sem dæmi um þankagang í skáldskap hennar skal hér rifjað upp lítið ljóð sem heitir Sólbráð:



*Sólbráðin sest upp á jakann, sest inni fangið á hjarni.
Kinn sína leggur við klakann,
kát, eins og augu í barni.
Seidan úr sporunum sprettir,
spriklar sem gláðasta skritla.
Gutlandi, liðir og léttir,
lekimír nið'r eftir trítla.*

Ólöf var mikil jafnréttiskona sem taldi að karlar væru á engan hátt yfir konur settir. Hún var sjálfstæð í skoðunum og stolt af formóður sinni Evu eins og fram kemur í gamansamri vísu um það efni:

*Þó konum sé ýtt oní aftani-bát
í allskonar framsóknnum þjóða,
þá var það þó, manstu' ekki, 'ún Eva sem át
af eplinu skilningsins góða!*

Hún þráir ákaft frelsið og mótmælir hvers konar böndum og fjötrum eins og fram kemur í þessu litla ljóði, Vont og verst:

*Vont er að láta leiða sig,
leiða og neyða.
Verra að láta veiða sig,
veiða og meiða.
Vont að vera háð.
Verst að lifa af náð.*



Þau Ólöf og Halldór bjuggu lengi á Hlöðum og lifðu lífinu nánast hvort í sínum heimi. Hún skipti deginum milli búverka, bóklesturs og skáldskapar. Þá var hún snillingur í hvers konar handiðju og ræktaði blóm og grænmeti í garði sínum. Ýmsan sóma og umbun hlaut hún fyrir ritstörf sín, ljóð, smásögur og greinar í tímaritum, og þar á meðal fékk hún nokkurn skáldastyrk síðustu æviárin.

Halldór bóndi á Hlöðum féll frá 1920. Eftir það fluttist Ólöf til Akureyrar og bjó þar til æviloka. Hún hafði löngum verið heilsuveil og með aldri varð hún afar lasburða og missti auk þess sjón undir það síðasta. En í Reykjavík átti hún nokkra góða vini sem studdu hana og stytta henni stundir. Á efri árum hneigðist hún mjög að spiritisma og guðspeki og fann um síðir sálarfrið í þeim viðfangsefnum. Þráin eftir guði sótti þá á hana með vaxandi styrk og hún talaði til almættisins á þessa leið:

*Hvað hugsarðu, faðir, að hirða' ekki um mig;
Ég hímí hjá eldinum dauðum!*

Ólöf andaðist árið 1933, rúmlega hálfáttæð. Ritsafn hennar í bundnu og lausu máli kom út 1945 með greinargóðu yfirliti um æviferil hennar. Kennir í þessu ritsafni margra grasa og sem dæmi um rímsnilld Ólafar má benda á kvæði sem hún nefnir Sumarkvöld 1908 og hefst á þessum erindum:

*Sest í rökkurs silkihjúp,
sell og klökkur dagur.
Er að sökkva' í sævardjúp
sólur nökkvi fagur.*

*Fjöru boga bröttum í
bárur saga, renna.
Öll í loga eru ský,
áll og vogur brenna.*

*Í logni bátur, létt sem ský,
liður státtinn, hraður.
Þar er káta askan í,
ómar hlátur glaður.*

Saga þessarar merku skáldkonu sem og ljóð hennar koma upp í hugann þegar farið er hjá garði á Sauðadalur og augum lyft til fjallanna á Vatnsnesi.

Tekið úr bókinni: Með Þjóðskáldum við Þjóðveginn eftir Jón R. Hjálmarsson. - Ljósmyndir: Rafn Sig.

AUSTURLAND



LEITA LEIÐA TIL AÐ ÞRÓA MILLILANDAFLUG TIL OG FRÁ AUSTURLANDI

Sjálfseignarstofnunin Austurbrú var sett á fót vorið 2012 á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands og annast auk þess daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Yfir 30 stofnaðilar eru að Austurbrú. Þar má telja öll sveitarfélögin á Austurlandi, háskólar á Íslandi, helstu fagstofnanir, stéttarfélög og hagsmunasamtök atvinnulífsins, framhaldsskólar og þekkingarsetur á Austurlandi. Þar sem Markaðsstofa Austurlands var felld undir Austurbrú þá sinnir sjálfseignarstofnunin heildarmarkaðsmálum ferðaþjónustunnar í landshlutanum. „Það er einstakt á Íslandi að málum sé þannig háttað að komið sé á fót stofnun á borð við Austurbrú. Þetta er þverfagleg nálgun á þróun og hefur að okkar mati gefist vel,“ segir Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri Austurbrúar.

KYNNA VERÐUR BETUR EINSTAKA ÁFANGASTAÐI

Þegar kemur að markaðsmálum ferðaþjónustunnar þá er starfssvæði Austurbrúar frá Djúpavogi í suðri og norður í Vopnafjörð. „Ferðaþjónustan á Austurlandi markast dálítið af því að við erum nokkuð langt frá hringiðu ferðaþjónustu á Íslandi sem er suðvesturhornið. Til að skilgreina okkur betur þá höfum við verið að vinna að sérstöku verkefni sem heitir „Áfangastaðurinn Austurland.“

Þar erum við meðal annars að greina okkar sérkenni og marka stefnu um það hvernig við ætlum að vinna okkar mál í framtíðinni. Þetta verkefni er unnið að frumkvæði ferðamálasamtakanna hér á Austurlandi. Við hjá Austurbrú vinnum þetta með þeim.“

Jóna Árný segir að þetta verkefni sé mikilvægt til að vekja athygli á Austurlandi og því sem landshlutinn hefur upp á að bjóða. „Að mínu mati þá þarf að fara að horfa á að markaðssetja eða kynna út á við hina mismunandi áfangastaði Íslands. Við höfum staðið okkur vel í að kynna Ísland sem heild. Ef við ætlum að fá ferðamenn á svæði á borð við Austurland, Vestfirði eða Norðurland eystra, þá verðum við líka að fara að stíga næsta skref í þróuninni sem er að kynna einstaka áfangastaði innan Íslands. Við höfum horft á það hvernig

við undirbúum okkur hér eystra fyrir slíka vinnu. Það höfum við gert með grasrótinni sem eru sjálfir ferðaþjónustuaðilarnir og samfélögin hér eystra.“



JÓNA ÁRNÝ ÞÓRDARDÓTTIR





DÝRMÆTRAR REYNSLU AFLAÐ

Austurbrú hefur samhliða þessu unnið að áherslum varðandi uppbyggingu á millilandaflugi til og frá Egilsstaðaflugvelli. Það er samstarfsverkefni sveitarfélaganna á Austurlandi. „Það er orðin þörf fyrir að fjölga gáttum inn í landið. Við höfum lagt áherslu á að ein þeirra verði á flugvellingum á Egilsstöðum. Þetta skiptir ekki síst máli varðandi það að gera ferðapjónustuna að heilsársatvinnugrein,“ segir Jóna Árný. Hún bendir á að millilandaflugvellirnir úti á landsbyggðinni, svo sem á Akureyri og Egilsstöðum séu mannvirki sem séu til staðar. „Þetta eru innviðir sem við eigum. Það er þjóðhagslega hagkvæmt að nýta þá eins og hægt er til að dreifa umferð ferðamanna um landið.“

Að byggja upp eftirspurn eftir ákveðnum svæðum svo sem á Austurlandi er þolinmæðisvinna. Áunnin reynsla af millilandaflugi á Austurlandi sýnir það og sannar. „Í sumar var farið af stað með leiguflug í samstarfi við ferðaskrifstofu og opnuð flugleið milli Lundúna og Egilsstaða í júlí og ágúst. Það gekk að mörgu leyti mjög vel en að sumu leyti verr. Það kom í ljós að Egilsstaðaflugvöllur, stoðkerfi og stjórnsýsla í kringum hann, er að öllu leyti mjög vel í stakk búinn að taka við millilandaflugi. Hins vegar hefur Keflavíkurflugvöllur mjög sterka markaðsstöðu. Á sama tíma og Lundúnaflugið hófst til og frá Egilsstöðum þá jókst mjög framboð á slíkum flugferðum um Keflavík. Það hafði áhrif á eftirspurnina. Hún varð ekki eins mikil og vonir höfðu staðið til,“ segir Jóna Árný og bætir við að dýrmætrar reynslu hafi verið aflað sem nýtist nú til að leggja mat á framhaldið.

Framkvæmdastjóri Austurbrúar segir að ferðatímabilið á Austurlandi sé aðeins að lengjast. „Það helst í hendur við almenna aukningu í fjölda ferðamanna. Veturinn er þó enn mjög rólegur á þessu svæði.“

-MPH



Austurland

HALLORMSSTAÐUR

Tæpa 30 km frá Egilsstöðum, að Hallormsstað blasir við stærsti skógur okkar Íslendinga og jafnframt fyrsti þjóðskógur okkar, en árið 1905 var Hallormsstaðaskógur friðaður með lögum. Tókum við Íslendingar þar fyrsta skref okkar í náttúruvernd. Nú rúmri öld eftir friðun skógarins skapa fjölbreyttur gróður og trjategundir þéttan og fallegan skógarkjarna, falleg rjóður og læki sem unun er á að líta árið um kring. Síðla sumars og fram á haust má tína þar bláber, hrútaber og lerki-sveppi og njóta þess að draga andann djúpt og finna orkuna streyma um sig.

Það var um fagurt sumarkvöld í byrjun aldarinnar sem ungur maður sté fæti sínum á þennan ævintýrastað og ákvað að þarna í trjálundi skyldi hann dvelja í tjaldi sumarlangt. Sumrin urðu fleiri en eitt og fleiri en tvö. Ungi maðurinn óx úr grasi en hélt þó þeim vana sínum að heimsækja skóginn sinn. Bjartar næturnar fönguðu hjarta hans og á þessum stundum orti hann sín fegurstu ljóð, þar sem tilfinningarnar fengu óbeislaðar að njóta sín. Þessi ungi

maður bar nafnið Þorsteinn Valdimarsson, sem í minningargrein var kallaður skáld gróandans og gleðinnar, eitt besta ljóðskáld okkar Íslendinga og einn af frumkvöðlum íslenskrar limru.

Þorsteinn átti ekki langt að sækja sköpunargáfuna, en systkin hans þau Gunnar og Guðrún, auk móður þeirra Guðfinnu, voru listhneigð, ortu ljóð og smásögur. Guðfinna birti ljóð sín undir nafninu Erla skáldkona og eftir hana liggja falleg verk, bæði frásöguhættir, ljóð og ljóðabækur, alls sex talsins.

Ljóð Þorsteins bera mörg hver vitni um ást hans á náttúrunni en þó hefur eitt þeirra verið helgað baráttu herstöðvaandstæðinga en það er ljóðið „Þú veist í hjarta þér“ sem hann samdi árið 1976.

Þú veist í hjarta þér, kvað vindurinn að vegur drottmarans er ekki þinn. Hann er þar sem gróanda þytur fer og menn þerra svitann af enni sér og tár af kinn og tár af kinn. Þú veist í hjarta þér kvað vindurinn að varnarblekking er dauði þinn.

Engin vopnaþjóð er að vísu frjál og að vanda sker hún sig fyrr á háls en óvin sinn, en óvin sinn.

Þú veist í hjarta þér, kvað vindurinn, að vald og ríki' er ekki manngrúinn. Hvað þarf stóra þjóð til að segja satt til að sólarljóð þennar ómi glatt í himininn, í himininn.

Þennan fallega texta tók hljómsveitin Hjálmar upp á arma sína á plötunni Ferðasót sem gefin var út árið 2007 og hefur lagið hlotið mikið lof í útsetningu þeirra pílta í Hjálmum.

Færri vita þó að söngvari og textasmiður hljómsveitarinnar, Þorsteinn Einarsson, ólst upp á þessum sömu slóðum enda þekktur fyrir fallega og oft angurværa texta þess, sem viðkvæmni náttúrunnar hefur alið frá unga aldri.

Þorsteinn Valdimarsson liggur nú í hinstu hvílu á Hallormsstað og hefur verið reistur minnisvarði honum til heiðurs í trjálundinum fagra.

-SP



LISTFENGT SKÁLD AF LANGANESSTRÖND



Leiðin liggur af Melrakkaslétu og um hinn víðlenda og grösuga Pistilfjörð. Margt ber fyrir augu, en við stöldrum lítt við fyrr en við komum til Þórshafnar. Þetta snyrtilega kaupún stendur við austanverðan Lónafjörð og skammt fyrir sunnan prestssetrið fornfræga Sauðanes sem fyrrum var eitt af þremur bestu brauðum landsins. Á Þórshöfn er gott skipalægi frá náttúrunnar hendi og þangað komu kaupmenn á skipum



ÖRN ARNARSON/
MAGNÚS STEFÁNSSON

sínum á fyrri öldum til að versla við heimamenn. Og seint á 19. öld tók svo að vaxa þar upp dálítið þéttbýli. Nú er á Þórshöfn góð höfn og íbúarnir stunda þar sjávarútveg og fiskvinnslu, iðnað og verslun sem og ýmis þjónustustörf. Frá Þórshöfn höldum við austur eftir fremur lágum fjallvegi sem kallast Brekknaheiði. Langanes liggur til hafs á vinstri hönd. Á þeim mikla skaga á norðausturhorni landsins voru fyrrum allmargir bæir, en nú eru þeir flestir í eyði sem og útgerðarporpið Skálar austan á nesinu. Þar sem Langanes teygir sig lengst til hafs endar það að síðustu í mjóum og hömrum girtum rana sem heitir Fontur. Víða eru þarna mikil fuglabjörg og trjáreki sem og fleiri hlunnindi er dýrmæt þóttu á fyrri tíð. En nú komum við ofan af Brekknaheiði í Gunnólfsvík við rætur hins bratta og háa Gunnólfsvíkurfjalls. Fyrir fótum okkar liggur þá breiður Bakkaflóinn sem markast að norðan af Fagranesi og að sunnan af Digranesi. Inn úr flóanum ganga þrjár stuttir firðir sem heita Finnafjörður, Miðfjörður og Bakkafjörður, en öll strandlengjan inn frá Bakkaflóa kallast einu nafni Langanesströnd. Þetta er mikil og grösug sveit, en fremur strjálbýl, því að ýmsir bæir hafa farið í eyði á seinni tímum. Við Bakkafjörð norðanverðan er prestssetrið og kirkjustaðurinn Skeggjastaðir, en sunnan fjarðarins og skammt frá bænum Bakka er svolítið útgerðarþorp sem heitir Bakkafjörður.

Nokkru vestar og um miðbik Langanesstrandar stendur bærinn Djúpilækur. Þaðan var skáldið góðkunna, Kristján Einarsson, sem ætíð kenndi sig við æskuheimilið og nefndist Kristján frá Djúpilæk. Miklu innar í landinu og uppi við heiðarnar er eyðibýlið Kverkártunga þar sem ljóðsnillingurinn Magnús Stefánsson var í heiminn borinn seint á 19. öld. Sem skáld nefndi hann sig Örn Arnarson og varð einn af þekktustu sonum Langanesstrandarinnar:

Magnús Stefánsson fæddist í Kverkártungu á Langanesströnd 1884 og var yngstur í hópi sjö systkina. Foreldrar hans voru blásnaud og neyddust fljótlega eftir fæðingu þessa sonar síns til að bregða búi, enda gengu á þessum árum yfir landið einhver mestu harðindi sem sögur fara af. Þegar drengurinn var tveggja ára féll faðir hans frá. Móðir hans gerðist þá vinnukona á Þorvaldsstöðum í sömu sveit og í skjóli hennar ólst hann upp. Strax á barnsaldri vandist hann alls konar sveitastörfum og byrjaði einnig snemma að róa til fiskjar. En þennan unga pilt dreyndi snemma um að sjá sig eitthvað um í heiminum og helst að komast í skóla. Það var ekki auðgert lengi vel, en rúmlega tvítugur hleypti hann heimdraganum og var einn vetur við nám í unglingskóla á Grund í Eyjafirði. Eftir það fór hann til Hafnarfjarðar og lauk þar gagnfræðaprófi við Flensborgarskóla 1908.

Ekki lét hann þar staðar numið og hélt áfram námi í hinum nýstofnaða Kennaraskóla í Reykjavík og lauk þar kennaraprófi ári síðar. Veturinn eftir starfaði hann sem farkennari í Skeggjastaðaskólahverfi á Langanesströnd, en hvarf eftir það frá kennslu fyrir fullt og allt. Hagsmælska var Magnúsi í blóð borin og fór hann snemma að fást við skáldskap. Fátæktar og erfiðrar æsku minnst hann sem og móður sinnar í kvæðinu Þá var ég ungur. Hljóða tvö fyrstu erindi „Þá var ég ungur „ á þessa leið:

*Hreppsómaga-Imokki
hírðist inni á palli,
ljós á húð og hár.
Steig hjá lágum stokki
stuttur brókarlalli,
var svo vinafár.
Líf hans var til fjarra fiska metið.
Furðanlegt, hvað strákurinn gat étið.
Þú varst líknin, móðir mín,
og mildin þín
studdi mig fyrsta fetið.*

*Mér varð margt að tatum,
margt þó vekti keti
og hopp á héli og tám.
- Þá var ég ungur að árum. -
„En þau bölvuð leti“,
rundi ellin ráin.
Það var eins og enginn trúna vildi,
að annað mat í barnsins heimi gildi.
Flyði ég til þín, móðir mín,
því mildin þín
grát og gleði skildi.*

Á yngri árum stundaði Magnús margvísleg störf, meðal annars vegavinnu og verslunar- og skrifstofustörf. Hann var búsettur í Vestmannaeyjum á árunum 1911-18 og var þar lengst af sýsluskrifari. Eftir það fluttist hann til Hafnarfjarðar þar sem hann vann fyrst við skrifstofustörf og gerðist síðan bókavörður um árabíl.

Fyrstu ljóð sín birti Magnús í tímaritinu Eimreiðinni 1920 undir dulnefninu Örn Arnarson. Tók hann sér síðan þetta nafn sem skáld og notaði það þegar ljóðasafn hans, Illgresi, kom fyrst út 1924. Sum af kvæðum Magnúsar hafa orðið vinsæl sem söngljóð og þar á meðal er erindið Sigling:

*Hafið, bláa hafið hugann dregur.
Hvað er bak við ystu sjónarrönd?
Þangað liggur beinn og breiður vegur.
Bíða mín þar æskudrauma lönd.*



*Beggja skauta byr bauðst mér aldrei fyrr.
Bruna þú nú, bátur minn.
Sviðdu seglum þöndum, sviðdu burt frá ströndum.
Fyrir stafni haf og himinninn.*

Þótt Magnús stundaði ekki sjómennsku að marki, hafði hann næma tilfinningu fyrir hafinu og öllu sem tengdist því. Allmörg kvæði hans fjalla um siglingar og sjómennsku. Frægast af þeim öllum er þó ljóðið Stjáni blái sem hefst á þessum erindum:

*Hann var alinn upp við slark,
útilegur, skútuhark.
Kjörin settu á manninn mark,
meitluðu svip og staldu kjark.
Sextíu ára svaðilför
setur mark á brá og vör,
ýrir hærnum skegg og skör,
skapið herðir, eggjar svör.*

Síðar í þessu magnaða ljóði segir frá hvernig síðustu siglingu Stjána bláa lauk:

*Vindur hækkar. Hrönnin stækkar.
Hrímgrátt særok felur grund.
Brotsjór rís til beggja handa.
Brimi lokast vík og sund.
Stjáni blái strengdi klóna,
stýrði beint á drottins fund.
Drottinn sjálfur stóð á ströndu:
Stillist vindur! Lækki sér!
Hátt er sigt og stöðugt stjórnað.
Stýra kannst þú, sonur kær.
Hörð er lundin, hraust er mundin,
hjartað gott sem undir slær.*

Skáldið Magnús Stefánsson eða Örn Arnarson átti við vanheilsu að stríða þegar líða tók á ævina. Hann andaðist árið 1942, tæplega 58 ára að aldri.

Tekið úr bókinni: Með Þjóðskáldum við Þjóðveginn eftir Jón R. Hjálmarsson. - Ljósmyndir: Rafn Sig. / Markaðsstofa Austurlands.

SUÐURLAND



ÓGNIN FRÁ ÍSLANDI

Ekki eru nema rúm tvö hundruð ár síðan að ELDGOS Á ÍSLANDI, sem varaði í átta mánuði, skók allt norðurhvel jarðar. Öll vitum við að í Skaftáreldum dó um fimmtungur allra Íslendinga, nær tíu þúsund manns. En það er ekki fyrr en nýlega sem okkur varð ljóst að þetta gos hafði ægilegar afleiðingar víða um heim, jafnt í nágrennlöndunum sem landsvæðum víðs fjarri.

Við rannsókn heimilda hefur komið í ljós að Skaftáreldar, eða gosið sem erlendis er gjarnan kennt við Laka, varð beint og óbeint um sex milljónum manna að aldurtíla. Milljónir manna dóu í Evrópu og Ameríku, þar á meðal frumbyggjar víða um Norður-Ameríku. Á aðra milljón Japana létu lífið og mikill fjöldi fólks í Kína. Þetta hófst allt á sunudegi austur í Skaftafellssýslum. Séra Jón Steingrímsson lýsir þessu í hinni stórmerku dagbók sinni:

„Árið 1783 þann 8. júní, sem var hvítasunnuhátíð, í heiðríku og spöku veðri um dagmálabil, kom upp fyrir norðan næstu byggðafjöll á Síðunni svart sandmistur og mokkur svo stór, að hann á stuttum tíma breiddi sig yfir alla Síðuna.“ Síðan lýsir séra Jón því hvernig dýr hættu að geta étíð, vesluðust upp og drápust. Fólkið dó, ýmist í andnað eða eftir að hafa borðað mat sem eitradist af gosinu.

Á næstu vikum opnuðust margar sprungureinar og þegar mest gekk á er talið að 6.000 rúmmetrar af glóandi





hrauni hafi ollið fram á hverri sekúndu, en það er um tvítugfalt meðalrennsli Ölfusár. Lakasprungan varð 27 km á lengd og í henni voru a.m.k. 135 gígar af öllum stærðum og gerðum.

Á þessum tíma upplýsingarinnar var mikið skrifað af dagbókum og annálum um öll lönd. Dagblöð komu út í mörgum borgum heims og fluttu fregnir af veðri og breytingum í náttúrunni. Af öllum þessum gögnum má sjá hvaða afleiðingar gosið á Íslandi hafði á líf manna á hinum ólíklegustu stöðum,

hvernig það færði krumlur sínar yfir eitt landið af öðru. Alls staðar dimmdi til langframa og alls staðar varð sólin sem blóð við sólarlag. Gjósuskýið náði Noregi, Skotlandi og Færeyjum þann 10. júní, eða tveim dögum eftir upphaf gossins. Grá öskuþokan var komin til Englands 22. júní og þann 24. hildi þokan alla Evrópu, allt austur til Adríahafs. Í júlímánuði voru sólarleysið og gosaskan farin að hafa afleiðingar í Rússlandi, Síberíu og í Kína.

Fregnir um óvenjumikla þurrka bárust frá Indlandi og Yangtze svæðinu í Kína, þar sem miklir kuldar geisudú að auki um allt landið sumarið 1783. Gráa þokan, eins og hún gjarnan nefndist, hafði mikil áhrif á náttúru Síurlands og Egyptalands þetta sumar og urðu árlegar Monsúnrigningar að engu. Afleiðingin varð mikill vatnsskortur og hungursneyð. Í janúar 1785 hafði sjötí hluti þáverandi íbúa Egyptalands ýmist flúið land eða látið lífið.

Á austurströnd Bandaríkjanna varð veturinn 1784 fimm gráðum kaldari á Celsius en venja var. Í höfninni í Charleston í Virginíu mátti fara um á skautum. Ísflár flutu niður Mississippi og íshröngl var á Mexíkóflóa. Þegar verst lét haldi gosaskan, eða gjóskan í efri loftlögum fjórðung allrar jarðarinnar, eða allt norðurhvelið niður að 30° breiddargráðu. Áhrifin á umhverfi og veðurfar urðu mikil og afdrifarík næstu tvö árin. Þar sem gráa þokan varð þrálát í Evrópu og víðar, er talið að allt að þúsund kíló af brennisteinssýru (H₂SO₄) hafi fallið á hvern einasta ferkílómetra lands fyrstu fimm mánuði Skaftáreldanna.

Atburðarásin hafði áhrif á uppskeru í Evrópu í mörg ár. Hungursneyð sem fylgdi í kjölfarið olli mikilli þjóðfélagsólgu og uppþotum. Um ein milljón Frakka lést af hungri á þessum tíma. Það er líka almennt viðurkennt að franska byltingin hafi átt rætur sínar í afleiðingum Skaftáreldanna.

Ekki er talið ólíklegt að gos af þessari stærðargráðu á Íslandi í dag myndi hafa gríðarleg áhrif um allan heim með því mögulega að stöðva allt flug á norðurhveli jarðar í heilt ár og gott betur!

Mannsaldrar eru liðnir frá Skaftáreldum og tíminn, þótt langur sé, lækna öll sár. Aðstæður við Laka voru á sínum tíma eins fjandsamlegar öllu lífi og hugsast getur. Eitraðar gufur svifu yfir landinu sem þá var í sköpun, en nú, ríflega tveimur öldum síðar, þekja mjúkar gamburmosabreiður hrjúft hraunið og gígveggir og hrauntraðir veita öllu lífi skjól. Gígarnir við Laka og hraunin umhverfis eru einn listigarður náttúrunnar. Þar eru mosagrónar gígskálar af öllum stærðum og gerðum og ýmist tærar eða blágrænar tjarnir í nokkrum þeirra. Sums staðar dafnar fallegur lággróður í skjóli gígveggjanna.

Ljósmyndir og texti
© Björn Rúníksson





Suðurland

SKIPT Í ÞRJÚ MEGIN SVÆÐI Í MARKAÐSSETNINGU FERÐAÞJÓNUSTU



DAGNÝ HULDA
JÓHANNSDÓTTIR

Dagný Hulda Jóhannsdóttir veitir Markaðsstofu Suðurlands forstöðu. Hún segir að fólk í ferðaþjónustu á Suðurlandi sé mjög jákvætt að nýloknu ferðasumri. „Við horfum björt fram á veginn. Það er góður gangur í þessu öllu. Við erum nú að horfa fram á heilsárs ferðaþjónustu mjög víða á Suðurlandi.

Við hér hjá Markaðsstofu Suðurlands erum þó í sjálfu sér ekki að líta til markaðssetningar um sumartímam heldur horfum við til vetrarins. Við leggjum sömuleiðis meiri áherslu á gæði

þeirrar þjónustu sem er í boði frekar en að einblína eingöngu á fjölda ferðamanna.“

MARGIR STAÐIR ENN VANNÝTTIR

Það er vart ofmælt að Suðurland sé sá landshluti sem notið hefur mestrar veldgengi í ferðaþjónustu enda eru þar margar af þekktustu náttúruperlum landsins. Gullni hringurinn svokallaði með viðkomustöðunum Gullfossi og Geysi er vísast fjölfarnasta ferðamannaleið á Íslandi í dag.

Dagný segir að þrátt fyrir að Suðurland sé vissulega fjölsótt þá sé landshlutinn alls ekki fullnýttur sem áfangastaður ferðamanna.

„Hér eru ótal margir fallegir og áhugaverðir staðir sem ekki eru eins fjölsóttir og Gullni hringurinn. Þar má nefna Þjórsárdal og nágrenni. Það eru líka fagrar og svartar strendur víðar en við Vík, svo sem í grennd við Þorlákshöfn, Eyrarbakka og Stokkseyri. Það er styttra frá borginni og landslag allt öðru vísi en ekki síðra og Atlantshafið beljandi þar eins og víðar við suðurströndina og allt Ísland ef því er að skipta.

Á Suðurlandi eru fjölmörg dæmi um athyglisverða minna sóttu staði sem við viljum draga frekar fram og vekja athygli á.“





ÞRÍSKIPTUR LANDSHLUTI

Dagný segir að enn séu töluverð sóknarfæri fyrir ferðapjónustuna á Suðurlandi. „Það eru til að mynda tækifæri í uppbyggingu á gistingu á austanverðu svæðinu frá Vík og austur að Höfn í Hornafirði. Gestafjöldinn fer vaxandi á því svæði.“

Suðurland er víðfedmt og afar fjölbreytilegt. Þetta kallar á mismunandi áherslur þegar kemur að markaðssetningu. „Nú erum við hjá Markaðstofunni í samstarfi við hagsmunaaðila á svæðinu að skoða áfangastaðinn Suðurland sem þrjú megin svæði til að heimsækja og dvelja á. Austasti hlutinn er þekktur sem „Ríki Vatnajökuls.“ Þar er áherslan á jöklana og jöklaafþreyingu og er að miklu leyti innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs. Miðsvæðið er svo Katla jarðvangur og Vestmannaeyjar. Þar er áherslan lögð á eldvirkni, jökla, fossa og hraun. Katla jarðvangur hefur vottun frá UNESCO – Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna. Á Vestursvæði Suðurlands er m.a. lögð áhersla á jarðhita og matvælaframleiðslu. Þar er matarkistan með gróðurhúsum og landbúnaði, auk metnaðarfullrar hestaafþreyingar. Svo má ekki gleyma menningunni. Með því að draga fram styrkleika hvers svæðis gerum við tilraun til að hafa áhrif á þá sem eru að skoða



Suðurland sem áfangastað, að þeir líti á landshlutann sem stað til að staldra frekar við og dvelja á, þá helst á hverju svæði fyrir sig. Þannig reynum við að hafa áhrif á lengd dvalar á svæðinu.“

VILJA HALDA Í FERÐAMENNINA

Að sögn Dagnýjar Huldu Jóhannsdóttur þá nýtur áfangastaðurinn Suðurland tvímælalaust nálægðar við höfuðborgarsvæðið og Keflavíkurlugvöll. „Vegna góðra samgangna þá er aðgengið líka gott að hvorutveggja. Á sama tíma felur þetta líka í sér ákveðnar áskoranir. Þess vegna erum við sem sinnum markaðsmálum ferðapjónustunnar að vinna í þá átt að skipta svæðinu í þessa þrjú hluta; austur-, mið- og vestursvæði. Það er gert svo að



fólk líti ekki á Suðurland einvörðungu sem svæði fyrir dagsferðir, heldur dvelji hér lengur og skoði meira. Hér á Suðurlandi er mjög fjölbreytt afþreying og mikið í boði svo við segjum 1–2 dagar á Suðurlandi er engan veginn nóg til að upplifa svæðið í heild.“ -MPH

Suðurland FJAÐRÁRGLJÚFUR

Fjaðrárgljúfur, Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu

Eitt fegursta gljúfur Íslands hlýtur að vera Fjaðrárgljúfur í Vestur-Skaftafellssýslu. Stórfenglegt þykir á að líta þegar gengið er eftir árbotninum og helst gapað upp í loftið á meðan Fjaðrá leikur fæturna lygnum straumi, þó ekki lengra en svo sem upp að hnjám. Tilkomumiklir gljúfurveggirnir minna helst á fjallakirkju þar sem mosi og móberg leika stórt hlutverk og ævintýraveröld þegar ekki sést í nema heiðan himin fyrir ofan. Eftir nokkra göngu er hægt að komast inn í enda gljúfursins, æja og virða fyrir sér ána sem fellur niður í gljúfrið í fallegum fossum.

Telja fróðir menn að Fjaðrárgljúfur hafi myndast á síðjökultíma fyrir um það bil níu þúsund árum síðan. Jón

Jónsson jarðfræðingur sem hefur rannsakað og skrifað um jarðfræði Vestur-Skaftafellssýslu, m.a. í Árbók Ferðafélags Íslands 1983, segir þar svo um gljúfrið og umhverfi þess:

„Þegar jökull hörfaði af þessu svæði myndaðist stöðuvatn í dalnum bak við bergþröskuld. Það hafði afrennsli eftir farvegi þar sem nú er Fjaðrárgljúfur. Sú á byrjaði að sverfa niður þröskuldinn og jafnframt báru jökulárnar mól og sand fram í dalinn og fylltu hann að lokum svo að áin rann þar um aura og sanda. Vafalaust hefur runnið þarna mikið vatn á síðjökultíma. Eftir því sem áin náði að sverfa þröskuldinn dýpra tók hún til við að grafa setlögina sem hún hafði áður skilið eftir í dalnum. Að því er hún enn,

en skilið hefur hún eftir hjallana báðum megin í dalnum og þeir eru þögult vitni um það sem gerst hefur.“

Hefur nafnið Fjaðrá oft vafist fyrir mönnum því samkvæmt sögusögnum bar áin heitið Fjarðará í upphafi en hvorki er né hefur verið nokkur fjörður þarna a.m.k. á sögulegum tíma... Hlíðarnar báðum megin Fjaðrá eru gróni vaxnar, en framan við þær sést fram á úfið Skafaráeldahraunið sem hefur hrakið Skaftá upp að hlíðinni og þar rennur Fjaðrá í hana í allri sinni dýrð.

Ekki eru þó allir sem kjósa að njóta stórfengleika Fjaðrárgljúfurs neðan frá farvegi árinna, enda er auðvelt að fara um gönguslóða sem liggur spölkorn frá gljúfurbarminum. Vilja ferðamenn þó helst ganga út á ystu brúnir gljúfursins í leit að sem bestum útsýnisstöðum en vissara er að fara varlega enda um 100 metrar niður þar sem dýpst er.

(Nú vill svo til að síðla árs í fyrra birtist mynd af söngstirninu Justin Bieber - á nærbuxunum einum fata - í Fjaðrárgljúfri. Þótti við hæfi að mynda kappann þar, er hann sat fyrir í undirfataauglýsingu Calvin Klein nokkurs, tískuframleiðanda.) -SP



FÖGUR RÖDD ÚR FLJÓTSHLIÐ



Við komum að austan eftir hringveginum og höldum vestur um grösugar sveitir í Mýrdal og undir Eyjafjöllum. Landslagið er stórfenglegt og margbreytilegt. Á hægri hönd rísa fannhvítir jöklar, en til vinstri gnauðar aldan við sendna strönd og Vestmannaeyjar lyfta sér tígulega upp úr bláum hafflettinum. Vestarlega í Eyjafjallasveit fórum við fyrir Seljalandsmúla og beygjum þar



ÞORSTEINN ERLINGSSON

til hægri út af Þjóðvegi nr. 1 og höldum eftir hliðarvegi vestur fyrir fjöllin og síðan áleiðis inn með þeim norðanverðum. Þá opnast smám saman fyrir okkur breiður og mikill dalur milli Eyjafjalla og Fljótshlíðar og niður eftir honum dunar jökullitað Markarfljótið á leið sinni til sjávar. Lengst í austri og fyrir botni dalsins hvílir Þórsmörk í skjóli háfjalla og jökla, ein fegursta gróðurvin í óbyggðum landsins. Á leið okkar inn með fjöllunum fórum við hjá fáeinum blómlegum bændabýlum og síðasti bærinn sem við komum að heitir í Stóru-Mörk. Þar er staðarlegt um að litast og margbýlt. Og þegar við komum í hlað á þessu foma stórbýli, rifjast ekki aðeins upp fyrir okkur að þarna bjó Ketill í Mörk, ein af söguhetjum Brennu-Njáls sögu, heldur líka að í Stóru-Mörk fæddist Þorsteinn Erlingsson, eitt orðhagasta og ástsælasta skáld Þjóðarinnar á sinni tíð.

Þorsteinn Erlingsson fæddist 1858 í Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum. Foreldrar hans voru hjónin Erlingur Pálsson og Þuríður Jónsdóttir, bæði atgervisfólk, en lítt efnum búin. Fjögurra vikna gamall var Þorsteinn sendur í fóstur til ömmu sinnar, Helgu Erlingsdóttur, í Hlíðarendakoti í Fljótshlíð, og þar ólst hann upp. Þegar í æsku bar á góðum gáfum hjá honum sem og hagamælsku, en framan af virtust engin tók á að koma mætti honum til mennta. Samtíða Þorsteini í Hlíðarendakoti var Jón Jónsson sem nefndur var söðli. Hann var fróður vel, en nokkuð sérstakur og var einna síðastur þeirra manna er trúðu statt og stöðugt á tilvist útilegumanna. En hann trúði á fleira og þar á meðal að í Þorsteini Erlingssyni byggji mikið og gott mannsefni og vildi styðja hann.

Árið 1876 komu tvö mestu skáld landsins, þeir Matthías Jochumsson og Steingrímur Thorsteinsson, í skemmtiferð austur í Fljótshlíð. Þar fréttu þeir af skáldmæltum efnispilti í Hlíðarendakoti og gerðu sér það ómak að heilsa upp á hann. Er skemmst frá því að segja að fyrir hvatningu þeirra og hjálpi og með stuðningi Jóns söðla komst Þorsteinn í Latínuskólann í Reykjavík og lauk þar stúdentsprófi vorið 1883. En þótt hann

þorsteinn Erlingsson fæddist 1858 í Stóru-Mörk undir Eyjafjöllum. Foreldrar hans voru hjónin Erlingur Pálsson og Þuríður Jónsdóttir, bæði atgervisfólk, en lítt efnum búin. Fjögurra vikna gamall var Þorsteinn sendur í fóstur til ömmu sinnar, Helgu Erlingsdóttur, í Hlíðarendakoti í Fljótshlíð, og þar ólst hann upp. Þegar í æsku bar á góðum gáfum hjá honum sem og hagamælsku, en framan af virtust engin tók á að koma mætti honum til mennta. Samtíða Þorsteini í Hlíðarendakoti var Jón Jónsson sem nefndur var söðli. Hann var fróður vel, en nokkuð sérstakur og var einna síðastur þeirra manna er trúðu statt og stöðugt á tilvist útilegumanna. En hann trúði á fleira og þar á meðal að í Þorsteini Erlingssyni byggji mikið og gott mannsefni og vildi styðja hann.



færi að heiman gleymdi hann ekki æskustöðvunum í Fljótshlíð, enda er þar náttúrfeegurð svo mikil að í innanverðri sveitinni má segja að sum bæjarstæðin minni einna helst á listaverk. Þessara heimahaga minnstist hann margvíslega og meðal annars í ljóðinu í Hlíðarendakoti.

Þegar á skólaárunum í Reykjavík varð Þorsteinn kunnur fyrir góðan skáldskap sinn, enda voru kvæði hans svo vel gerð að fólk lærði þau næstum ósjálfrátt. Sem dæmi má nefna kvæðið Kvöld sem hefst á þessu erindi:

*Nú blika við sólarlag sædjúpin köld;
ó, svona ætti' að vera hvert einasta kvöld,
með hreinan og ljúfan og heilnæman blæ,
og himininn bláan og speglandi sæ.*

Þorsteinn sigldi eftir stúdentsprófi til Kaupmannahafnar og hóf þar háskólanám í lögfræði. Ekki féll honum laganámið til lengdar og sneri sér fljótlega að öðrum greinum, en þó mest bókmenntum og skáldskap. Mörg kvæði hans birtust á þeim árum í ýmsum tímaritum. Í ljóðagerð sinni fylgdi hann að sumu leyti hinni rómantísku arfleifð, en víðar kom hann þó fram sem raunsæisskáld sem deildi á félagslega þröngsýni, misrétti og trúarofstæki og var jafnan öruggur málsvari lítilmagnans. Nám hans við Hafnarháskóla varð endasleppt af ýmsum ástæðum og hvarf hann frá því án þess að ljúka prófi. Var hann þó áfram ytra um skeið og vann

fyrir sér við kennslu, fornleifarannsóknir og fleira. Alkominn heim sneri hann loks 1896.

Gerðist hann þá ritstjóri vikublaða, fyrst á Seyðisfirði og síðar á Bíldudal. Til Reykjavíkur fluttist hann 1902 og átti þar heima til æviloka. Stundaði hann þá kennslu og ritstörf. Ljóðabók hans, Þyrnar, kom út 1897. Skipaði hún honum þegar á bekk meðal öndvegisskálda Þjóðarinnar og náðu mörg kvæðanna fádæma vinsældum. Eitt þeirra heitir Sólskríkjan og hefst á þessa leið:

*Sú rödd var svo fögur, svo hugljúf og hrein,
sem hljómaði til mín úr dáiitlum runni;
hún sat þar um natur og söng þar á grein
svo sólfögur ljóð um svo margt, sem ég unni,
og kvöld eftir kvöld hóf hún ástarljóð ein —
ó, ef að þú vissir, hvað mikið hún kunnir.*

Og í niðurlagi kvæðisins lýsir Þorsteinn söknuði sínum eftir söng sólskríkjunnar og þráir heimalandið, þar sem hann dvelst á framandi slóðum:

*En fjarri er nú söngur þinn, sólskríkjan mín,
og sumur þíns vinar hin fegurstu líðin;
hann langar svo oft heim á Þórsmörk til þín,
hann þráir svo ljóðin og vornatur fríðinn, —
hann harmar í skógunum hrjósturlönd sín,
hann hlustar sem gestur á náttgalakliðinn.*

Í Hlíðarendakoti:

*Fyrir var oft í koti kátt,
krakkar léku saman,
þar var löngum hlegið hátt,
hent að mörgu gaman;
úti um stéttar urðu þar
einatt skritnar sögur,
þegar saman safnast var
sumarkvöldin fögur.*

*Eins við brugðum okkur þá
oft á milli bæja
til kankast eitthvað á
eða til að hlæja;
margt eitt kvöld og margan dag
máttum við í neði
æfa saman eitthvert lag
eða syngja kvæði.*

*Bænum mínum heima hjá
Hlíðar brekkum undir
er svo margt að minnast á,
margar glaðar stundir.
Því vill hvarfla hugurinn,
heillavinir góðir,
heim í gamla hópinn minn,
heim á fornar slóðir.*



Kvæðabók Þorsteins, Þyrnar, hefur komið út í ýmsum útgáfum og þá mjög aukin. Einnig samdi hann ljóðaflokkinn Eiðinn, margar smásögur, safnaði þjóðsögum og þýddi ýmis fræg bókmenntaverk. Var hann þannig mjög virkur og fjölhæfur í ritstörfum sínum. Eitt þekktasta kvæði hans ber titilinn Hreiðrið mitt:

*Þér frjálst er að sjá,
hve ég bólið mitt bjó,
ef börnin mín smáu þú letur
í ró;
þú manst, að þau eiga sér móður;
og ef að þau lifa, þau syngja þér söng
um sumarið bliða og vorkvöldin löng -
þú gerir það, vinur minn góður.*



Þá kannast margir við upphafserindið úr ljóðaflokknum Nótt:

*Nú máttu hægt um heiminn liða,
svo hverju brjósti verði rótt,
og svefa allt við barminn bliða,
þú bjarta, heiða júlínótt.*

Þorsteinn Erlingsson átti fyrst danska konu. Þau skildu. Síðar kvæntist hann Guðrúnu Jónsdóttur og áttu þau tvö börn. Á Hafnarárum sínum hafði hann veikt af brjóstveiki og var löngum heilsuveill. Hann féll frá

árið 1914, mjög um aldur fram. Þorsteinn var löngum skáld sumars og sólar og fer því vel að enda á þessari leikandi léttu stöku hans:

*Þegar vetrar þokan grá
þig vill fjöttra inni:
svífðu burt og sestu hjá
sumargleði þinni.*

Tekið úr bókinni: Með Þjóðskáldum við Þjóðveginn eftir Jón R. Hjálmarsson. - Ljósmyndir: Rafn Sig.



GRÆNLAND



GRÆNLAND

GRÍÐARLEGA MIKIÐ ÁHYGGJUEFNI

Hlýskeiðið, sem nú stendur yfir, hefur haft mikil áhrif á veðurfar. Náttúrufarsbreytingar á norðurslóðum – þar sem jöklar, hafís, pólsjór, kaldir hafstraumar og jarðklaki skipta miklu máli varðandi veðurfar á jörðinni almennt – geta haft mikil áhrif á allt mannkyn. Ari Trausti Guðmundsson jarðvísindamaður segir að í óefni geti stefnt.

Ari Trausti Guðmundsson segir að annars vegar verði að líta til náttúrunnar og hins vegar til mannlífsins á norðurslóðum í þessu sambandi.

„Hvað náttúruna varðar þá má líta á það sem gerist staðbundið og svo er hægt að líta á þetta í hnattrænu samhengi. Sjávaríssbreytingarnar eru einna alvarlegastar; hafísinn minnkar í norðri. Þessi stóri, hvíti skjöldur skiptir veðurfar á jörðinni gríðarlega miklu máli vegna þess að hann endurvarpar 80-90% af sólgeisluninni til baka. Hann er þegar farinn að rýrna mjög mikið eða um

þriðjung á 10-20 ára tímabili. Hlýnun hafsins verður þess vegna enn hraðari en nú er. Þá geta hafstraumar breyst og afleiðingarnar eru ófyrirsjáanlegar. Það er ekki hægt að spá neinu en þetta er gríðarlega mikið áhyggjuefni.“

Um fjórar milljónir manna búa á norðurslóðum og segir Ari Trausti að ef lítið sé á félagslegu hliðina þá sé hröð og harkaleg breyting á stöðu þjóðfélaga þar afdrifarík fyrir þau. „Það getur vissulega verið til góðs en það getur líka verið neikvætt. Þannig að ef menn fara ekki varlega í auðlindanýtingu getur þetta farið mjög illa.“



ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON

Mikil auðæfi er að finna á norðurslóðum – svo sem gas, olíu og náttúruauðlindir í jörðu – og segir Ari Trausti að mótsögnin í þessu sé fólgin í að við vinnslu og notkun þeirra herðir á loftslagsbreytingum þar sem þá yrði enn meira af kolefnisgösum sleppt. „Fyrir mér er þetta óleysanleg mótsögn. Svo er þetta meira umfang og margfalt stærri aðgerðir en þessi samfélög hafa nokkurn tímann séð.“

Ari Trausti segir að það sé spurning hvaða stefnu ríkisstjórnir viðkomandi landa hafi og hvernig hægt sé að hafa áhrif á þær innanlands og á alþjóðlegum vettvangi.

„Þeir sem búa þarna eru að hluta til frumbyggjar og rödd þeirra er óskaplega veik. Vandamálið er tvíþætt; hagstjórnin plús pólitíska andrúmsloftið og svo þessi ákveðna þöggun sem segja má að frumbyggjarnir verði fyrir.“

Svo er líka um að ræða utanaðkomandi áhrif; þrýstingur stórfyrirtækja, hvort sem þau eru í olíu- eða einhverjum námarekstri, í að komast inn á þessi svæði. Það gerist þrátt fyrir að vísindamenn og ýmsar alþjóðastofnanir og jafnvel fyrirtæki hafa sýnt býsna kyfílega fram á að það má ekki einu sinni klára að vinna þær olíulindir sem eru þekktar ef það á að halda hlýnun þökkalega í skefjum.“

YRÐI ÞJÓÐUM DÝRT

Ari Trausti segir að óttast sé að hlýnun á alheimsvísu verði allt of mikil.

„Menn hafa sett sem viðuráðanlegt mark að meðalhiti jarðar hækki um tvö stig vegna mannglegra áhrifa og þátta. Manngerði hlutinn má hins vegar ekki leiða til meiri hækkunar en það ef þetta á að ganga nokkurn veginn upp. Engu að síður verða mótægis- aðgerðir og aðlögun þjóðfélaga mjög víðtæk verkefni og stór baggi á þeim. Nú sýnist manni hins vegar stefna í fjögurra stiga hækkun fyrir aldalok sem

„Það er ekki hægt að spá neinu en þetta er gríðarlega mikið áhyggjuefni.“



er tvöföldun á því sem menn telja viðuráðanlegt. Því myndi fylgja veruleg sjávarborðshækkun, mikil jökulbráðnun sem myndi leiða til vatnsskorts víða í heiminum og hungurs við miðbik jarðarinnar. Þar eru jöklar aðalvatnsforðabúr hundruð milljóna manna. Súrnun hafsins eykst eftir því sem hitastigið hækkar sem leiðir til þess að kalk fer að leysast upp.

Það yrði þjóðum óskaplega dýrt ef allar helstu breytingar í náttúrunni fá að ganga mjög langt vegna mistaka og kæruleysis. Þær kosta miklar fórnir, mikla fólksflutninga og breytingar, sem menn eru ekki vissir um að myndu endilega ganga friðsamlega fyrir sig.“ -SJ



ÆVINTÝRALAND FYRIR FERÐAMANNINN

Grænland er ævintýri líkast með sína ósnortnu náttúru, litskrúðugu þorp og forvitnilegu menningu, siglingar, gönguferðir, silungsveiði, hreindýraveiði...

Pétur Ásgeirsson, aðalræðismaður Íslands í Nuuk, segir að margir álíti að stóraukinn ferðamannastraumur til Íslands á undanförunum árum skapi veruleg tækifæri fyrir Grænland. Hann segir jafnframt að loftslagsbreytingar kunni að hafa bæði neikvæð og jákvæð áhrif á Grænland og Grænlandinga.

Grænland er okkar næsti nágranni og ég held að Íslendingar séu almennt forvitnir um bæði land og þjóð. Sennilega heillar náttúran mest og gera má ráð fyrir að erindi flestra Íslendinga, sem koma til Grænlands, sé að stunda útivist, göngur og veiðar ásamt því að skoða hina stórfenglegu náttúru. Flestir ferðamenn frá Íslandi koma um þessar mundir til Ilulissat til að skoða ísfjörðinn og margir fljúga til Narsarsuaq til að skoða ægífagra náttúru Suður-Grænlands, til að veiða silung eða jafnvel hreindýr. Svo eru í boði göngu-



PÉTUR ÁSGEIRSSON

og útivistarferðir, jafnvel þvert yfir Grænlandsjökul frá austri til vesturs.“

Bæirnir eru margir fallegir með sínum litríku húsum og nefnir Pétur Ásgeirsson aðalræðismaður sérstaklega Qaqortoq, Sisimuit og Ilulissat, sem eiga það sameiginlegt að vera byggðir í bröttum brekkum við sjóinn.

Í Sisimuit og Ilulissat, sem og á fleiri stöðum, geta ferðamenn farið í ferðir á hundasleða. „Höfuðstaðurinn, Nuuk, er nútímalegur bær þar sem gamli og nýi tíminn koma saman. Gamla hverfið við höfnina, sem kallað er „Kolonihavnen“, varðveittur gamla tímanna en háhýsi, verslunarmiðstöðvar og iðnaðar- og hafnarhverfi einkenna bæinn að öðru leyti.“

TÆKIFÆRI FYRIR GRÆNLAND

Pétur segir að flestir álitsgjafir um ferðamál telji að stóraukinn ferðamannastraumur til Íslands á undanförunum árum skapi veruleg tækifæri fyrir Grænland.



„Íslenskir flugvellir gegna mikilvægu hlutverki varðandi samgöngur gagnvart Grænlandi og gæti jafnvel stefnt í að Ísland verði meginmiðstöð flugs til Grænlands í framtíðinni.“

Flugfélag Íslands flýgur allt árið til Nuuk, Kulusuk og Ittoqqortoormiit og yfir sumarmánuðina einnig til Ilulissat og Narsarsuaq. Air Greenland flýgur frá Nuuk til Keflavíkur frá vori og fram á haust.

Ferðast með strandferðaskipi Einn möguleikinn er að ferðast með strandferðaskipinu Sarfaq Ittuk sem siglir fram og til baka milli Ilulissat við Diskóflóa í norðri og Qaqortoq sem er á Suður-Grænlandi. „Ferðin tekur um þrjá og hálfan dag hvora leið og þegar siglt er frá Ilulissat er stoppað í níu

bæjum á leiðinni til Qaqortoq. Þessi ferðamáti gæti hentað þeim ferðamönnum ágætlega sem koma til Grænlands frá Íslandi því Flugfélag Íslands býður stóran hluta ársins uppá flug til og frá Ilulissat og Narsarsuaq, ekki langt frá Qaqortoq, sem er síðasta höfn skipsins í suðri.“

OLÍA, GAS OG NÁMUVINNSLA

Pétur segir að sér finnst svolítið annar bragur á umfjöllun um norðurslóðir á Grænlandi en á Íslandi. „Norðurslóðir eru ef til vill hversdagslegri fyrir Grænlandinga. Þeir eru mjög stoltir af landinu sínu og fyllilega meðvitaðir um stórkostlega náttúru þess. Þeir eru ekkert feimnir við að nýta gæði landsins sér til framfæris. Þeir eru miklir

náttúruverndarmenn og nýta náttúruauðlindir með ábyrgum hætti og hafa afar strangar reglur um mengun og umgengni við náttúruna.“

Pétur segir að breytingar í tengslum við hlýnun jarðar hafi þvíþætt áhrif á opinbera umræðu á Grænlandi.

„Menn hafa annars vegar áhyggjur af neikvæðum áhrifum á dýralíf og náttúru, t.d. ísbirni, seli, hvali og fiskveiðar. Veiðimenn Norður-Grænlands eru meðvitaðir um breytingar í náttúrunni og hafa áhyggjur af þeim. Hlýnun jarðar hefur áhrif á dýralíf og veiðar og menn óttast að með breytingum aðstæðum verði síður grundvöllur fyrir búsetu í nyrstu byggðunum. Menn horfa hins vegar til þeirra tækifæra sem bráðnun Grænlandsjökuls kann að skapa. Það má ekki gleyma að Grænlandingar standa frammi fyrir því að þurfa á næstu árum að afla samfélaginu verulega aukinna tekna til að standa undir þeim lífskjörum sem þeir búa við í dag. Menn vonast til að með bráðnun íshellunnar nyrst við Grænland aukist möguleikar til olíu- og gasvinnslu og með bráðnun jökulsins skapist nýir og bættir möguleikar til námuvinnslu og flutninga.“

-SJ

Flugfélag Íslands

FLOGIÐ TIL FIMM ÁFANGASTAÐA Á GRÆNLANDI

Flugfélag Íslands flýgur til fimm áfangastaða á Grænlandi. Það er Kulusuk, Narsarsuaq, Nuuk, Kangerlussuaq og Ilulissat.

Kulusuk er á austurströnd Grænlands og tekur flugið frá Reykjavíkflugvelli um tvo tíma. Hægt er að upplifa gamla, grænenska veiðisamfélagið í þorpinu með litskrúðugu húsunum og borgarísjakar lóna fyrir utan.

Narsarsuaq er á Suður-Grænlandi og er þaðan stutt til bæjanna Narsaq,

Qaqortoq og Nanortalik. Suður-Grænland er ákjósanlegur staður fyrir þá sem hafa áhuga á sögu Inúíta eða norrænna manna, hafis, steintegundum, skot- og stangveiði sem og stórbrotnu landslagi. Aðrir áfangastaðir Flugfélags Íslands eru á vesturströndinni.

Nuuk er höfuðstaður Grænlands og jafnframt elsti bærinn í landinu. Nútímalegur arkitektúr er farinn að einkenja bæinn hvort sem það eru háhýsin, háskólinn eða menningarhúsið. Þar er

hægt að finna áhugaverða veitingastaði og kaffihús, fara á listasafn, tónleika eða kvikmyndahús og fyrir náttúruunendur má nefna skipulagðar ferðir.

Flogið er til Kangerlussuaq yfir sumar tímamann. Um 25 kílómetra malarvegur liggur að Grænlandsjökli og á svæðinu má sjá sauðnaut en svo eru margir sem kjósa að sigla á kajak og nýta sér ferðabjónustufyrirtæki á svæðinu til að upplifa stórkostlega náttúruna enn frekar.

Ilulissat er orðinn einn helsti áfangastaður ferðamanna á Grænlandi en 56 kílómetra langur ísfjörðurinn er á heimsminjaskrá UNESCO. Hundasleðaferðir á svæðinu eru vinsælar á meðal ferðamanna og svo skipuleggja nokkrar ferðaskrifstofur á svæðinu skoðunarferðir.

ÓSNORTIN NÁTTÚRA

„Aðsókn ferðamanna til Grænlands hefur verið að aukast,“ segir Guðmundur Óskarsson, markaðsstjóri Flugfélags Íslands. Flogið er til sumra áfangastaðanna á Grænlandi frá Keflavíkflugvelli en stór hluti farþega er erlendur og þannig má tengja flug þeirra til Íslands við flugið til Grænlands.

„Að vissu leyti má tengja þessa aukningu við áhugann á Íslandi því við nefnum bæði Ísland og Grænland í markaðsefni félagsins. Grænland og norðurlóðir hafa líka verið í umræðunni vegna bráðnunar íss og gróðarhúsaáhrifa og sú umfjöllun hefur líka vakið athygli á svæðinu. Grænland vekur áhuga ferðamanna sem falast eftir ósnortinni náttúru og ævintýraferðamennsku.“

Við höfum því tryggt sýnileika félagsins á ráðstefnum fyrir slíka ferðamenn ásamt því að auglýsa félagið sérstaklega gagnvart þeim hópi.“

Guðmundur segir að hjá flugfélaginu sé horft til frekari tækifæra á Grænlandsmarkaði. „Grænland er ósnert land og náttúran er magnþrugin. Þarna er mikið af gönguleiðum og möguleikum fyrir þá sem hafa áhuga á slíku svo sem að ganga á jöklinum en náttúran er við bæjardyrnar á hverjum bæ. Grænland stendur fyrir ósnortna náttúru. Þá eru Grænlandingar mjög vingjarnlegir og taka vel á móti ferðamönnum. Við hvetjum Íslendinga til að heimsækja Grænland.“ -SJ



GUDMUNDUR ÓSKARSSON

GRÆNLAND

býður upp á svo margt

Ingibjörg Gísladóttir kom fyrst til Grænlands árið 1980, heillaðist af landi og þjóð, bjó þar síðar með hléum en samfelld undanfarin sex ár. Hún talar m.a. um náttúruna, Grænlandinga og hvað ferðamenn geta upplifað á þessari stóru eyju sem er að mestu leyti hulin jökli og þar sem hitinn getur farið upp í 20 stig á sumrin.

„Ég ætlaði að verða geimfari þegar ég var barn. Ferðir til tunglsins voru mikið í umræðunni og mér fannst geimferðir vera svo spennandi. Ég vildi fara í geimferðir og lenda í ævintýrum.“

Ingibjörg Gísladóttir varð aldrei geimfari en hún hefur upplifað annars konar ævintýri síðastliðna áratugi í landinu í vestri þar sem jökullinn og ísjakarnir sveipa umhverfið ævintýrabla.

„Ég fór fyrst til Grænlands vorið 1980 þegar ég var 18 ára og vann á sumar-

hótelu í Narsarsuaq. Þetta var ofboðsleg upplifun. Ég vissi ekkert um Grænland áður en ég fór þangað. Þegar ég var í barnaskóla sá ég svarthvíta mynd frá Grænlandi sem var tekin sennilega í kringum 1950 og sýndi innpakkaða hnoðra í loðskinnnum úti á ísnum. Það var hugmyndin sem ég hafði um Grænland.“

Ingibjörg segir að það hafi verið yndislegt að dvelja þetta sumar á Grænlandi. „Einhvern veginn varð einhver hluti af mér eftir á Grænlandi. Ég er búin að vera síðan svolítið viðloðandi á Grænlandi en þegar ég fór þangað 18 ára gömul þá komst ég að því að grænlandskt þjóðfélag er líkt íslensku þjóðfélagi en Grænlandingar eru kannski nær náttúrunni og nær þessu upprunalega í sjálfum sér og umhverfi sínu. Þegar ég fór þangað fyrst komst ég líka að því að Grænlandingar hlustuðu á sömu hljómsveitir og ég hlustaði á og þeir gengu líka í útvíðum buxum. Allt var eins og hér. Það var hægt að fá hvað sem var í búðinni og ef það var ekki til þá var hægt að panta það.“

SAGNAÞULUR

Ingibjörg fór aftur til Grænlands árið 1987 og bjó þar í tvö ár, aðallega í bænum Qaqortoq á Suður-Grænlandi

og svo í litlu þorpi ennþá sunnar sem heitir Allu, og vann við ýmislegt svo sem á hotelu, hún afgreiddi í verslun og vann í fjölskylduathvarfi. Hún flutti til Íslands árið 1989 og árið 1992 flutti hún til Danmerkur þar sem hún bjó til ársins 2010 þegar hún flutti aftur til Grænlands. Hún vann við ýmis störf í Danmörku þar til hún hóf nám í félagsráðgjöf og vann síðan sem félagsráðgjafi í 10 ár.

Edda Lyberth, sem hefur búið á Grænlandi í áratugi, hafði samband við Ingibjörgu árið 2005 og spurði hvort hún hefði tök á að vinna með henni að verkefni þá um sumarið. „Edda var með veitingastað í Qaqortoq og var með hugmyndir að kvöldum þar sem við myndum segja sögur úr norrænni goðafræði og Íslendingasögum en ég hafði um tíma atvinnu af því í Danmörku að segja íslenskar þjóðsögur og ævintýri; þetta heitir sagnaþulur í íslensku.“

Ingibjörg vann með Eddu í fjögur sumur, 2005-2008, en fyrir utan að vinna sem sagnaþulur vann hún líka sem leiðsögumaður á Suður-Grænlandi. „Ég var fyrsta sumarið með Eddu í Qaqortoq og næstu þrjú sumur voru við Edda saman í Brattahlíð. Þetta voru yndisleg sumur, ofboðslega mikil vinna og langir vinnudagar en mjög gefandi.“



ANNAR HEIMUR

Ingibjörg segist hafa verið orðin þreytt á að vera í Danmörku og vinnu sinni þar og segir að hún hafi verið heppin þegar starfsmaður hjá flugmálayfirvöldum á Grænlandi hafði samband við hana árið 2010 og spurði hvort hún hefði áhuga á að sækja um nám í flugumsjón.

„Mér leist ekki á það strax. Mér fannst ég vera orðin svo gömul.“ segir Ingibjörg sem var þá 48 ára. „Hann sannfærði mig um að þetta væri ekkert mál; sagði að þeir hjá flugmálayfirvöldum hefðu fylgst með mér á sumrin þegar ég var að vinna á Grænlandi og að ég væri með það sem þyrfti.“

Ingibjörg fór í inntökuprófið og náði því. Hún flutti síðan til Grænlands haustið 2010, stundaði námið í Narsarsuaq en var í starfsþjálfun í Nuuk.

„Flugmálayfirvöld höfðu sagst ætla að borga fyrir mig námið, húsnæði og fæði á meðan ég væri í náminu gegn því að ég ynni hjá þeim allavega í tvö ár. Þeir sendu mig eftir útskrift til eyjarinnar Upernavik sem er á 72. breiddargráðu norðlægrar á vesturströnd Grænlands og er þetta næst síðasta stopp fyrir norðurpól.“

Upernavik er lítil eyja sem er um 2x4 kílómetrar og 130 metrar á hæð. Þet-



ta er eins og lítið fjall og það er eins og einhver hafi tekið fjallið og sleppt því út í Baffinflóa.“ Ingibjörg kom til Upernavik í janúar 2011. „Þetta er draumaheimur. Þetta er annar heimur.“ Íbúar tóku vel á móti Ingibjörgu sem segir að Grænlandingar séu almennt mjög elskulegt og gestrisið fólk.

„Þegar einhver á eyjunni veiddi hval eða ísbjörn var alltaf haft samband við mig og ég spurð hvort ég væri búin að fá kjöt eða spik. Ég var tekin inn í samfélagið.“ -SJ

„Það er mjög jákvæð og sterk orka á Grænlandi, þar er náttúrutenging en á sama tíma mjög sterk tenging við nútímann.“



INGIBJÖRG GÍSLADÓTTIR

Ingibjörg bjó í Upernavik í tvö ár. Hún flutti þá til Sisimiut sem er einnig á vesturströnd Grænlands og vann þar sem ferðamálafulltrúi í tæpt ár og vann síðan við sérverkefni hjá atvinnuáráðuneyti Grænlands í um hálf t.ár. Hún flutti síðan til Nuuk og vann þar á Aðalræðismannsskrifstofu Íslands.

NÁTTÚRAN

Það er einfaldlega eitthvað á Grænlandi sem dregur Ingibjörgu til sín.

„Það er margt á Grænlandi sem minnir mig á ýmislegt þegar ég var að alast upp. Það er mjög jákvæð og sterk orka á Grænlandi, þar er náttúrutenging en á sama tíma mjög sterk tenging við nútímann. Mér finnst þessi blanda vera skemmtileg og þetta er eitthvað sem mér finnst margir Íslendingar vera búnir að týna.“

Ingibjörg segir að náttúran á Suður-Grænlandi sé svolítið lík íslenskri náttúru en að fjölbreyttara gróðurfar sé á Grænlandi. „Þar eru fleiri tegundir af blómum og lyngi; þar eru bláber og

krækiber en þar eru líka einiber út um allt og svo eru þar ýmsar plöntur sem eru ekki á Íslandi en þetta er miklu sunnar heldur en Ísland.“ Eyrarrós er þjóðarblóm Grænlands.

„Svo eru sumrin svo ofboðslega góð; þar er oft sólskin og um 20 stiga hiti meira og minna frá byrjun júní til ágústloka. Þetta er landbúnaðarsvæði og bændur eru ekki ánægðir með þetta þar sem það rignir ekki nógu mikið og grasið sprettur þess vegna síður.“

Ingibjörg segir að við fyrstu sýn virki grænensk náttúra kannski harkaleg og kaldranaleg en svo sé ekki í raun og veru. „Á sumum svæðum eru há og hrikaleg fjöll og er t.d. Tasermiut fjörðurinn á Suður-Grænlandi að verða æ vinsælli á meðal klettaklifrarar. Grænensk náttúra er hins vegar almennt ofboðslega lifandi og hlý. Þar eru dalir með grasi og kjarrskógi og breiður af hvönn.“

Ingibjörg nýtur þess að vera úti í náttúrunni. „Ég fer í gönguferðir og áður fyrr fór ég jafnvel í nokkurra daga gön-

guferðir. Ég fer mikið upp í fjallgöngur og í stuttar siglingar og útilegur.“

NÚTÍMAÞJÓÐFÉLAG

Íslendingar fara frekar í frí til meginlands Evrópu heldur en til Grænlands sem er næsti nágranni í vestri og vita margir ekki í raun hvernig grænenskt þjóðfélag er og stundum heyrast neikvæðar sögur.

„Flestir Grænendingar lifa í nútímasamfélagi,“ segir Ingibjörg. „Þeir eru með öll þessi tæki, tól og tengingar sem við þekkjum og ég held að níu af hverjum 10 Grænendingum séu á Facebook og Twitter. Grænendingar fara í utanlandsferðir og fá heimsóknir að utan og vöruúrval er orðið allt annað og betra. Þeim hefur samt á sama tíma tekist að halda í þessa náttúrutengingu og ákveðin heilindi í sjálfum sér. Það eru ekki umbúðirnar sem skipta máli heldur innihaldið eða mannleg samskipti á fallegum fleti.“

Ingibjörg segir að Grænendingar í stærri bæjum séu orðnir svolítið slæmir

í lífsgæðakapphlaupinu og sækist eftir að eiga stóra jeppa, flotta hraðbáta og nýjustu dúnúlpurnar.

„Miðstöð valdsins og stjórnsýslan er í Nuuk. Þar er háskólinn, þar eru embættismennirnir og þar safnast menntafólkið saman, þar er kvikmyndahús, sundlaug, veitingastaðir og kaffihús.“

Ingibjörg talar um fjölbreytni í grænenskri matargerð en fyrir utan hefðbundna rétti eins og sel, hval og hreindýr nefnir hún loðnu sem er gjarnan heilsteikt eftir að hafa verið velt upp úr egggi og raspi auk þess sem hún er stundum maríneruð í ólífúliu og hvítlaukschili og síðan er hún hert. „Heimskautasushi er algjört sælgæti en þá er blandað saman hráum fiski, hráu kjöti af t.d. sel og hval, og þá gjarnan hert eða þurrkað, og hráu spiki og menn borða þetta með sojasósu og wasabi. Grænendingar skera líka sel í litla bita, krydda hann og djúpteikja hann. Svo er ofnakaður selshrygur algjört sælgæti.“

FERÐAMAÐURINN

Ingibjörg segir að eitt af því sem sé svo heillandi við Grænland sé hvað landið er stórt og fjölbreytilegt. Fyrir utan stórkostlega náttúruna eru þar lítil þorp með húsum í mörgum litum og svo er það höfuðstaðurinn, Nuuk, þar sem er að finna nútímaleg háhýsi og byggingar.

Grænland er ævintýraland sem sífellt fleiri ferðamenn heimsækja. Ingibjörg segir að ef fólk hefur áhuga á inúítamenningu og lífsháttum inúíta þá sé annaðhvort austurströndin eða bærinn Ilulissat á vesturströndinni tilvaldir áfangastaðir því þar hafa fleiri haldið í veiðimannahefðirnar heldur en annars staðar í landinu. Svo geta ferðamenn farið í hundasleðaferðir á þessum slóðum. Þá má nefna að Ilulissat stendur við stórkostlegan ísfjörð sem er á heimsminjaskrá UNESCO.

„Ef fólk vill sjá nútíma uppbyggingu og mismunandi byggingastíla þá er það



Nuuk þar sem er vestræn nútímamenning og svo er líka hægt að fara þaðan t.d. í stangveiði. Suður-Grænland er svo ákjósanlegur staður ef fólk hefur áhuga á norrænni sögu og þar eru mjög skemmtilegar gönguleiðir auk þess sem hægt er að fara á hreindýraveiðar. Svæðið í kringum Narsaq og Qaqortoq er ákjósanlegt fyrir gönguferðir og eins svæðið í kringum Kangerlussuaq þar sem einnig er boðið upp á sauðnautsafari og hreindýraveiðar. Þá má nefna skemmtilegar íþróttakeppnir svo sem

Arctic Circle Race sem er skíðagöngukeppni sem haldin er í kringum Sisimiut í apríl á hverju ári. Þetta er þriggja daga ganga, 160 kílómetrar, þar sem menn eru á eigin vegum.

Grænland býður upp á svo margt. Það er svo stórt og tilveran og mannlífið þar er svo fjölbreytt. Það er reyndar dálítið erfitt að vera í þröngu pils og á háum hælum á sumum stöðunum en annars getur næstum því hver sem er fundið eitthvað við sitt hæfi.“

-SJ



Qiviut SAUÐNAUTAULL OG SELSKINN

Qiviut er nafn á grænlen-
sku fyrirtæki og ver-
slunum í bæjunum
Sisimiut og Nuuk auk
þess sem „qiviut“ er græn-
lenska orðið yfir þelið á sauðnautum.

„Framleiðsla okkar er það sem gerir Qiviut sérsakt,“ segir Mia Chemnitz, dóttir eiganda fyrirtækisins. „Við framleiðum tvær línur og gerum allt sjálf. Önnur línan er framleidd úr sauðnautauull og hin úr selskinni. Grænlenskar konur sjá um framleiðsluna og er lögð áhersla á gæði bæði hvað varðar framleiðsluna sem og hráefni.“

Sauðnautauull er talin vera einn af hlýjustu og bestu lúxusþráðum í heimi en ullargarnið er verðmætt sem söluvara. „Gæðin eru ótrúleg. Ullin er átta sinnum léttari heldur en lambauull þannig að um er að ræða einn af hlýjustu, náttúrulegu þráðunum í heiminum og hún er líka fislett.“

Hjá Qiviut eru m.a. hannaðir og framleiddir fylgihlutir úr sauðnautauull eins og húfur, vettlingar og treflar auk þess sem hannaðir og framleiddir eru einstæðir hlutir eins og poncho með handgerðum litum. „Hver einasti hlutur í línunni er einstakur.“

AD GERA SELSKINN NÚTÍMALEGT

Þegar kemur að selskinninu segir Mia að lögð sé áhersla á að gera selskinn vinsælt á ný og leggur áherslu á unga fólk í því sambandi. Framleiddar eru tvær línur úr selskinni hjá Qiviut.

„Það er annars vegar lína sem í er að finna m.a. inniskó úr selskinni, ennisbönd og mikið úrval af vettlingum. Við erum líka með nútímalegar töskur og vinnum mikið í því að blanda saman gæðaleðri og selskinni í hönnun okkar.“

Svo er það hins vegar lína sem tengist því að ungt fólk fari að meta selskinn betur og leggjum við áherslu á nútímalega hönnun. Hönnunin er nútímaleg en þar má þó finna áhrif af hefðbundnum,

grænlenstum flíkum. Í því sambandi má nefna jakka, vesti og anorakka.“

VEFVERSLUN

Qiviut rekur vefverslun, www.qiviut.gl. „Ég held við höfum sent vörur til næstum því 40 landa og við sendum næstum því á hverjum degi til Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Þýskalands.“

Hvað með framtíðarmarkmið? „Markmið okkar er að vera fremst í framleiðslu á vörum úr sauðnautauull. Við viljum að framleiðslan fari fram á Grænlandi og það er mikilvægt fyrir okkur að ullin sé í hæstu mögulegum gæðum og að framleiðsla okkar sé eins vönduð og hægt er. Við erum með fasta viðskiptavinum sem versla hjá okkur ár eftir ár vegna þess að þeir vita að við bjóðum upp á góða vöru.“ -SJ



Great Greenland

SELSKINN ER EINN AF DÝRGRIPUM NORÐURSLÓÐA

Great Greenland er grænlandskt fyrirtæki sem kaupir allt selskinn af Grænlandinum, verkar það og er það síðan nýtt bæði þar í landi sem og erlendis.

„Ekkert skinn er eins sjálfbært og selskinn,“ segir framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Ditte Sorknæs. „Selir lifa úti í náttúrunni og þeir skipta milljónum. Þeir eru veiddir kjötsins vegna, sem Grænlandingar borða mikið af, og er selskinnið í rauninni aukaafurð. Það er samt sem áður mikilvæg aukaafurð þar sem það styður fjárhagslega við íbúa í þorpum í landinu sem annars væri ekki búandi í.“

Sorknæs segir að gæði selskinna séu einstök. „Selskinn eiga jafn mikið sameiginlegt með leðri og feldi sem gerir þau sérstaklega falleg auk þess sem auðvelt er fyrir framleiðendur og hönnuði að vinna með þau.“

Great Greenland er tvískipt fyrirtæki. Annars vegar er það eins og fyrr segir eina fyrirtækið á Grænlandi sem útvegar selskinn þaðan og er í rauninni eina fyrirtækið í Evrópu sem getur útvegað selskinn og hins vegar framleiðir fyrirtækið dömufatnað. „Það eru sérstaklega evrópskir hönnuðir sem kaupa selskinn frá okkur fyrir utan Asísku hönnuði. Vegna hinna einstöku gæða skinnins að vera í rauninni leður og feldur auk þess hvað það endist lengi þá nýtur skinnið sérstakrar hylli.“



DITTE SORKNÆS



JESPER HØVRING

Great Greenland lætur hanna litla tískulínu á hverju ári í samvinnu við einhvern hönnuð og er það Jesper Høvring sem á heiðurinn af nýjustu línunni en hann hannaði reyndar líka línuna í fyrra. Á meðal annarra hönnuða sem hafa hannað fyrir fyrirtækið má nefna Benedikte Utzon og Isaksen.

„Jesper Høvring er heimsþekktur fyrir gala- og brúðarkjóra,“ segir Sorknæs en hann hefur m.a. hannað fyrir Mary, krónprinsessu Danmerkur. Þess má geta að giftingarhringir Mary og Frederik krónprins eru úr gulli úr grænlandskri námu.

„Lögd er áhersla á sjálfbærni í nýjustu línunni. Selskinn er eitt af sjálfbærustu eignum á jörðinni en í línunni eru fleiri

sjálfbær efni notuð svo sem ull. Þrátt fyrir að lögd sé áhersla á kvenleikann í nýjustu línunni – sem er einkenni Jesper Høvring – má sjá áhrif frá norðurslóðum í sumum flíkunum.“ Vörur frá Great Greenland eru seldar á Grænlandi, í Danmörku, Noregi og í versluninni Ravens við Laugaveg.

Þess má geta að fyrir utan að framleiða dömufatnað framleiðir Great Greenland m.a. töskur og veski úr selskinni. Sorknæs segir að markmiðið sé að selskinn verði notað enn meira í framtíðinni og þá á breiðari grundvelli. „Þeir hönnuðir sem hanna með selskinn í huga leggja yfirleitt áherslu á kvenlegan og sigildan fatnað en ég er vissi um að hönnuðir sem hanna með götutískuna í huga sem og herrafatnað geti líka notað selskinn.“

-SJ



ASARNSU

Viður, leður og selskinn

Anders Zeeb er ungur Grænlandingur sem lærði trésmíði í Danmörku og stofnaði síðan sitt eigið fyrirtæki, Mudahula. Nafni fyrirtækisins var hins vegar nýlega breytt í ASARNSU.

Hönnun og framleiðsla Zeeb hefur vakið athygli en hann hefur hannað og framleitt húsgögn og ýmislegt til heimilisins svo sem stóla, borð, skápa og skurðbretti. Þess má geta að á meðal nýjustu hlutanna sem Zeeb hefur hannað er einstakt húsgagn með innbyggðum hátölurum.

Grænlenk áhrif er að finna í stólunum hans, APU og NAYA ULU, en formið minnir á fornan, grænlenkan hníf og er setan klædd leðri eða selskinni. Zeeb segist leggja áherslu á sígildan en jafnframt nútímalegan og einfaldan stíl þegar kemur að hönnuninni. Sum húsgögnin eru næstum því eins og úr öðrum heimi eða allvega eins og frá fjarlægum löndum en Zeeb notar við frá FSC (The Forst Stewardship Council) sem þýðir að viður í húsgögnunum er frá aðilum víðs vegar um heiminn sem leggja áherslu á ábyrga framleiðslu.

„Ég hef áhuga á að selja húsgögnin mín í útöndum og koma Grænlandi á kortið í tengslum við húsgagnaframleiðslu,“ segir Zeeb sem hefur m.a. horft til Íslands, Þýskalands og Ítalíu. „Markmið mitt er að selja stólana APU og NAYA ULU m.a. til Íslands og fleiri landa.“ -SJ



ANDERS ZEEB



Ravens

TÍSKUFÖT ÚR SELSKINNI OG LISTMUNIR ÚR BEINI, HORNI OG TÖNNNUM

Hjónin Guðrún Eyjólfsdóttir og Jóhann Brandsson bjuggu um árabíl í Kulusuk á austurströnd Grænlands og á sumrin ráku þau þar minjagripaverzlun, voru með svefnpokagistingu og kajakleigu.

Þegar Guðrún er spurð hvað hafi heillað hana við Grænland segir hún: „Það er þetta tímaleysi og frelsistilfinning sem maður upplifir þar. Svo er náttúrufergurinn þar ótrúleg.“

Guðrún og Jóhann opnuðu árið 2007 verslunina Kulusuk Art í Reykjavík þar sem þau seldu vörur frá Grænlandi svo sem skinnhúfur og skinnhanska en vörurnar komu frá handverksfólki í bænum Tasiilaq sem er einnig á austurströndinni. Þá voru seldar m.a. töskur úr selskinni frá Great Greenland. „Við fórum líka að selja handgerða, grænlenka listmuni sem hefur gengið ótrúlega vel að selja en margir, þar á meðal erlendir ferðamenn, eru áhugafólk um list Inúíta.“

VÖRUR FRÁ GREAT GREENLAND

Nafni verslunarinnar, sem er nú við Laugaveg, var breytt í Ravens og er þar að finna vandaðar grænlenkar sem og íslenskar vörur. Vörur frá Great Greenland eiga þar sérstakan sess en Great Greenland verkar selskinn á Grænlandi, selur annars vegar hluta þess m.a. til erlendra hönnuða en fær hins vegar hönnuði til að hanna fyrir sig dömulinu á hverju ári. Danski hönnuðurinn Jesper

Høvring er þekktur víða um heim og er það hann sem á heiðurinn af nýjustu línunni – svo sem pelsum og jökkum m.a. úr selskinni og ull og mokaþökkum úr lambaskinni. „Þetta eru vandaðar og góðar vörur, frágangurinn er flottur og mér finnst gaman að vera með þessar vörur. Það lyftir upp gæðastandard verslunarinnar að vera með þessar vörur.“ Þá fást í versluninni selskinnskór frá danska fyrirtækinu ETHNO.

HÁLSMEN Í GRÆNLENSKUM STÍL

„Þessar grænlenku vörur eru ekta,“ segir Guðrún. „Ég veit að ég kaupi ekki eitthvað plat frá heimamönnum á Grænlandi. Sífellt færri búa í þorpunum og margir þeirra sem ég byrjaði að versla við á sínum tíma eru látnir eða fluttir burt.“

Úrval handgerðra muna frá Grænlandi fæst í Ravens og eru flestir eftir handverksfólk og listamenn frá austurströndinni. Munirnir eru skornir út í bein, hreindýrahorn og tennur.

Hálsmen úr plastperlum eru vinsæl á Grænlandi og í versluninni fæst úrval slíkra hálsmena. Þess má geta að efsti hluti kvenþjóðbúningsins grænlenka er úr litríkum plastperlum en áður var hann skreyttur m.a. með fiskbeinum og skeljum.

Vinsælt hefur verið að skreyta híbyli sín með ýmsum skinum og hjá Ravens fást selskinn og hreindýraskinn sem og gætur og hrosshúðir af íslenskum dýrum. -SJ



» Grænland er ævintýraheimur og höfum við fjölskyldan átt mörg góð ár þar.“

KYNNTU ÞÉR ICELANDIC TIMES !

Tímaritinu Landi og Sögu er ætlað að þjóna tilgangi kærkominis vegvísis fyrir innlenda ferðamenn sem vilja fræðast um þá fjölmörgu kosti sem landið býður upp á – og gera þeim þannig hægara um vik að nálgast þá þjónustu og afþreyingu sem hugurinn stendur til.



Segja má að blaðið sé nokkurskonar hliðstæða ferðaritsins Icelandic Times sem Land og Saga Media hefur gefið út um nokkura ára skeið.

Markmið Icelandic Times er að kynna fyrir erlendum ferðamönnum þá margbreytilegu þjónustu, afþreyingu og upplifun sem Ísland og Íslendingar hafa upp á að bjóða.


Blaðið hefur dafnað jafnt og þétt með árunum í takt við aukinn ferðamannafjölda og kemur enska útgáfa blaðsins nú út fimm sinnum á ári en franska, þýska og kínverska útgáfan árlega.

Riti Icelandic Times, á öllum tungumálum, er dreift frítt um allt land á fjölsöfnum stöðum þar sem gestir geta nálgast þau endurgjaldslaust enda hafa þau notið einstakra vinsælda meðal ferðafólks og gesta Íslands.

Ólafur Þ. Þorsteinsson
Útgefandi



Á KÍNVERSKU, FRÖNSKU, ÞÝSKU...!



BEST OF ICELAND

Bók um ferðamál, menningu og sögu



LAND & SAGA